FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

# METSÖLUBÆKUR
## JÓLANNA




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



JÓLABÆKUR
Opið í Bókabúð Máls og menningar 10–20
HALLDÓR GUÐMUNDSSON
Sagnalandið
Bókmenntahringferð um Ísland
EINAR KÁRASON
ÞUNG SKÝ
SPRAKKAR
ELIZA REID
Bókmenntaverðlaun 2021
Borð fyrir einn
allan ársins hring
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
NÁHVÍT JÖRÐ
TILNEFNING
LILJA SIGURÐARDÓTTIR
ÞÓRARINN ELDJÁRN
UMFJÖLLUN
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning
OLÍA
SVIKASKÁLD
Bréf
VESTUR-ÍSLENDINGA III
HILDUR KNÚTSDÓTTIR
MYRKRIÐ MILLI STJARNANNA
HÁLFGERÐAR LYGASÖGUR MEÐ HEILAGAN SANNLEIKA Í BLAND
Guðbergur Bergsson
Eiríkur Bergmann
ÞJÓÐARÁVARPIÐ
Ísak Harðarson
HITINN Á VAXMYNDASAFNINU
TILNEFNING
Þórdís Helgadóttir
TANNTAKA
Ilmreyr

## Jólahefðir Íslendinga

Hvaðan koma allar þessar jólahefðir sem við flest fylgjum ár hvert? ➤ 46



## Ár bólusetninga og byltingar

Fanney Birna Jónsdóttir og Máni Pétursson gera upp árið sem er að líða. ➤ 48







# FRÉTTABLAÐIÐ

244. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 11. DESEMBER 2021




# Höfðum beðið svo lengi eftir þessu

Kvennalandsliðið í hópfimleikum varð Evrópumeistari með afar dramatískum hætti. Fyrirliðinn, Andrea Sif Pétursdóttir, lýsir því þegar hún sleit hásin í næstsíðasta stökkinu en margir töldu vonina úti fyrir síðustu stökkumferðina. ➤ 30

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Allar líkur á rauðum jólum

bth@frettabladid.is

**VEÐUR** „Það er auðvitað til gamans gert að spá um jólaveðrið svo löngu fyrir hátíðina, en ég hallast að því að jólin verði víða rauð, ekki síst hér í henni Reykjavík,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur birti í gær á blika.is erlend spágögn, þar sem flest bendir til að hlýindi verði víða um land dagana fyrir jól. Út frá samgöngum gæti veðrið aftur á móti litið ágætlega út.

„Þegar loftmassinn yfir landinu er metinn út frá lengstu reiknuðu spám fram að jólum, hallast líkurnar að suðlægum áttum og að það verði meira og minna frostlaust til jóla. Úrkoman sem fellur verður því mest í formi rigningar. En spárnar geta auðvitað tekið breytingum eins og fólk þekkir, en svona sýnist mér þetta liggja í ár,“ segir Sigurður.

Norðanlands virðist svipuð staða.

„Þannig að ég læt mig hafa það að spá rauðum jólum víðast hvar þetta árið,“ segir Sigurður, eða Siggi stormur eins og hann er kallaður. ■

## Nýjasta tíska



Barnabarinn opnaði hárgreiðslustofu í Norræna húsinu í gær þar sem fullorðnir gátu nælt sér í jólaklippinguna hjá börnum. Barnabarinn er verkefni Krakkaveldis, sem eru samtök barna sem vilja breyta heiminum. Söngkonan Magga Stína var meðal þeirra sem naut þjónustunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Strætóslysið rannsakað sem sakamál

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á banaslysinu á gatnamótum Gnoðarvogs og Skeiðarvogs 25. nóvember er langt komin. Kona á sjötugsaldri lést er hún varð fyrir strætisvagni.

Samkvæmt Guðmundi Páli Jónssyni, lögreglufulltrúa á Stöð 1, hefur málið verið rannsakað sem sakamál frá upphafi. Á hann von á því að málið fari til ákærusviðs fyrir áramót.

Tæknideild lögreglunnar og Rannsóknarnefnd samgönguslysa fara með rannsókn málsins og er aðeins lítil vinna eftir hjá fyrrnefndu stofnuninni. Guðmundur segir það síðan ákærusviðsins að meta hvort ákæra verði gefin út.

„Þetta gæti heyrt undir manndráp af gáleysi,“ segir Guðmundur.

Strætisvagnabílstjórinn sem ók á konuna er í leyfi frá störfum. Samkvæmt Jóhannesi Svavari Rúnarssyni, framkvæmdastjóra Strætó, var um starfsmann verktaka að ræða. Strætó er með samninga við tvö verktakafyrirtæki í strætisvagnaakstri.



Blóm og kerti við gatnamótin þar sem konan lést. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

„Það var ákvörðun verktakans að hann myndi ekki keyra,“ segir Jóhannes. Gerir hann ráð fyrir því að svo verði þar til niðurstaða fæst í þetta mál. ■






# Ekki hafi öll börn ástæðu til að hlakka til jólanna

**Verkefnastjóri hjá Barnaheillum segir óásættanlegt að börnum sé mismunað eftir stöðu foreldra sinna. Jólin geti verið kvíðavaldandi fyrir börn sem búi við fátækt. Tæp þrettán prósent íslenskra barna eiga á hættu að búa við fátækt.**

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi, segir það algjörlega óásættanlegt að börum á Íslandi sé mismunaði eftir efnahagslegri eða félagslegri stöðu foreldra þeirra.

„Tæp þrettán prósent barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun og þeim börnum er mismunað,“ segir Margrét. Helst séu það barnafjölskyldur með lágar tekjur, fjölskyldur með fötluð börn, fjölskyldur á flótta, einstæðir foreldrar, foreldrar á örorkubótum og barnafjölskyldur, sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og séu viðkvæmar fyrir fátækt og félagslegri einangrun.

„Þess má geta að 90 prósent foreldra sem eru á örorkubótum á Íslandi segja bæturnar ófullnægjandi, 80 prósent geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, 22 prósent geta ekki greitt skólamat fyrir börn sín og 19 prósent geta ekki greitt fyrir frístund eða tómstundir barna sinna,“ segir Margrét.

Nú þegar líður að jólum segir Margrét vert að velta fyrir sér hvort öll börn eigi gleðileg jól og hafi jafna ástæðu til að hlakka til. „Því miður er það ekki svo. Hjá sumum þeirra vekur þessi tími kvíða og vanlíðan,“ segir hún.

„Þau horfa á félaga sína njóta vellystinga og risastórra skógjafa og jólagjafa. Þau fá ekki tækifærin sem félagarnir fá og finnst þau jafnvel ekki eiga þau skilið,“ segir Margrét. „Þau hlífa fjölskyldu sinni við vanmætti sínum og biðja ekki um það sem aðrir telja nauðsynjar lífsins. Sum draga sig jafnvel í hlé, geta ekki, eða fá ekki, að taka þátt í samfélagi jafnaldra vegna stöðu sinnar.“



Sum börn biðja ekki um það sem aðrir telja nauðsynjar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þau horfa á félaga sína njóta vellystinga og risastórra skógjafa og jólagjafa.**



Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Spurð hvernig samfélagið geti brugðist við segir Margrét til að mynda góða byrjun að ræða við börn um mikilvægi virðingar fyrir margbreytileikanum.

„Við getum rætt um mikilvægi þess að öll börn fái að tilheyra hópnum burtséð frá stöðu þeirra. Við getum lagt áherslu á að það að eiga eitthvað eða geta eitthvað, á aldrei að vera forsenda þess að fá að tilheyra,“ segir Margrét.

„Við getum einnig skoðað eigin neyslu í jólamánuðinum,“ segir Margrét. „Með því að draga úr neyslu erum við jafnframt að vinna að umhverfisvernd, gegn loftslagsbreytingum og þar með að betri framtíð fyrir börn heimsins. Verum öll vakandi á aðventunni.“ ■

Nánari umfjöllun í næstu viku á FRÉTTAVAKTIN




Kaupauki við aukahlutina þína að verðmæti

# 570.000 kr.

Þú kaupir aukahluti* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.




SLEPPTU ÞVÍ AÐ KAUPA GJAFAPAPPÍR OG NOTAÐU FREKAR ÞESSA SÍÐU.
ÞÚ GETUR ÞÁ NOTAÐ PENINGINN Í AÐ LEGGJA ÞIG MEÐ KFC.

# Heimilislæknar vara við að ráðherra skipi sóttvarnalækni

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Í umsögn um ný sóttvarnalög telur Félag íslenskra heimilislækna varhugavert að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa sóttvarnalækni.

Samkvæmt núgildandi lögum er það landlæknir sem ræður sóttvarnalækni.

» **Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir var ráðinn 2015 af Birgi Jakobssyni, þáverandi landlækni.**

Í umsögninni segir að spenna geti myndast milli pólitískra afla varðandi tillögur sóttvarnalæknis. Erfitt geti verið fyrir ráðherra að víkja frá tillögum hans en einnig geti verið pólitískt erfitt að samþykkja þær.

Mikilvægt sé að faglegt sjálfstæði sóttvarnalæknis sé virt.

„Af heilbrigðissjónarmiðum er mikilvægt að tillögur sóttvarnalæknis séu settar fram óháð pólitískum átökum, þó svo að um tillögurnar sé síðan rætt á pólitískum vettvangi,“ segir í umsögninni.



Verði lögin samþykkt mun Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra fá valdið til að skipa sóttvarnalækni.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir var ráðinn 2015 af þáverandi landlækni. Hann hefur sjálfur sagt að ekki sé óeðlilegt að ráðherra skipi sóttvarnalækni frekar en landlæknir. Faglegt mat fari alltaf fram. ■

## Þrjú í fréttum

### Andrea Sif Pétursdóttir

landsliðskona í hópfimleikum



Íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum varð Evrópumeistari um síðustu helgi með afar dramatískum hætti. Fyrirliði liðsins, Andrea Sif, sleit hásin í næstsíðasta stökki sínu á mótinu. Hún neitaði að fara á spítalann fyrr en eftir verðlaunaafhendinguna og þurftu þjálfararnir að bera hana á pall.

### Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri



Öll spjót standa á Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra sem Bergsveinn Birgisson, doktor í norrænum fræðum, vænir um ritstuld í kærum, til bæði siðanefndar Háskóla Íslands og nefndar um heilindi í vísindum. Ásgeir vísar ásökununum alfarið á bug.

### Vanda Sigurgeirsdóttir

formaður Knattspyrnusambands Íslands



Formaður KSÍ var daglega í fréttum í vikunni vegna skýrslu úttektarnefndar Íþróttasambands Íslands, um meðferð KSÍ á ásökunum um kynferðislega áreitni og ofbeldi. Sjálf segist Vanda ekki hafa orðið vitni að þöggunarmenningu innan sambandsins. Með beiðni um skýrslugerðina hefði sambandið viljað setja öll mál upp á borðið. ■

# Konur mun andvígari blóðmerahaldi

**Mikil andstaða er við blóðmerahald á Íslandi samkvæmt nýrri könnun. Aðeins 15 prósent eru hlynnt því að blóðmerahald sé leyfilegt. Stuðningur við starfsemina er meiri á landsbyggðinni en meðal borgarbúa.**

ingunnlara@frettabladid.is



Málið komst í hámæli fyrir atbeina dýraverndarsamtakanna AWF. MYND/AWF

Afstaða til blóðmerahalds eftir kyni (í prósentum)




Afstaða til blóðmerahalds eftir stuðningi við stjórnmálaflokka




Afstaða til blóðmerahalds




**DÝRAVELFERÐ** Mikil andstaða er við blóðmerahald hér á landi, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Prósents. Aðeins 15 prósent segjast vera frekar eða mjög hlynnt því að blóðmerahald sé leyfilegt á Íslandi, en 66 prósent eru andvíg því.

Andstaða við blóðmerahald er mun meiri meðal kvenna en karla. Aðeins sex prósent kvenna eru hlynnt því að blóðmerahald sé leyft en stuðningur karla við starfsemina er 24 prósent.

Þá er meirihluti kjósenda allra flokka andvígur blóðmerahaldi. Stuðningur er þó mestur meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins, eða 28 prósent.

Þá er fjórðungur Framsóknarmanna og kjósenda Flokks fólksins hlynntur blóðmerahaldi.

Athygli vekur að meiri stuðningur er við blóðmerahald meðal ungu kynslóðarinnar, en 23 prósent fólks á aldrinum 18 til 24 ára segjast vera hlynnt því að blóðmerahald sé leyfilegt, samanborið við 11 prósenta stuðning við starfsemina í elsta hópnum, þeirra sem eru 65 ára og eldri.

Meiri andstaða er við starfsemina á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi. Tæp sextíu prósent landsbyggðarbúa eru andvíg blóðmerahaldi samanborið við sjötíu prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Umfjöllun um blóðtöku úr fylfullum merum komst í hámæli í lok nóvember þegar svissnesku dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation, AWF, ljóstruðu upp um dýraníð á blóðtökubæjum hér á landi. Skýrsla þeirra og heimildarmynd sýndi fram á að dýralæknar, sem starfa samkvæmt leyfi Matvælastofnunar, fylgdust aðgerðalausir með hundum og mönnum níðast á blóðmerum.

Aðeins fjögur lönd í heiminum heimila blóðmerahald í þeim tilgangi að nýta í hormón sem sprautað er í gyltur til að auka frjósemi þeirra, en löndin eru Argentína, Kína, Ísland og Úrúgvæ.

Inga Sæland, formaður og þingmaður Flokks fólksins, hefur nú í annað sinn lagt fram á Alþingi frumvarp sem felur í sér banna við blóðmerahaldi og Svandís Svavarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur skipað starfshóp til að skoða starfsemina sem tengist blóðmerahaldi..

Könnun Prósents var framkvæmd frá 1. til 10. desember. Um netkönnun var að ræða meðal könnunarhóps Prósents.

Úrtakið í könnuninni var 2.300 einstaklingar á aldrinum átján ára og eldri. Svarendur voru 1.134, eða 49,3 prósent. ■



# Niðurfelling reikigjalda framlengd um áratug

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FJARSKIPTI** Evrópusambandið hefur framlengt niðurfellingu reikigjalda innan ESB- og EES-svæðisins um áratug, eða til ársins 2032. Breytingin, sem á ensku kallast Free Roaming eða Roam Like Home, var lögfest 2017 og átti að renna út á næsta ári.

Olli þetta straumhvörfum og margfaldaðist gagnamagnsnotkun á einu ári eftir breytinguna.

„Niðurfelling reikigjalda var mikil bylting fyrir neytendur,“ segir Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Fjarskiptastofu. Er Fréttablaðið náði af honum tali var hann einmitt í Svíþjóð að nýta sér umrædda þjónustu. Niðurfellingin þýðir að borgararnir geta ferðast á svæðinu án þess að hafa áhyggjur af reikigjöldum, sem geta annars staðar verið mjög há.

Hrafnkell bendir á að ferðist fólk til Sviss, sem er hvorki í ESB né EES, geti fólk fengið nokkur hundruð króna reikning fyrir stutt símtal heim. Fjarskiptafyrirtæki geti gert samninga milli landa. Það hafi þau til dæmis gert í sambandi við Brexit og sé gjöldum haldið niðri.

„Ég get ekki ímyndað mér að Evrópusambandið muni nokkurn tímann bakka út úr þessu,“ segir Hrafnkell, spurður hvort hann haldi að niðurfellingin sé komin til að vera. Aðgerðin sé ein af skrautfjöðrum framkvæmdastjórnar ESB, að hafa búið til eitt markaðssvæði fjarskipta í Evrópu. „Þetta er sú aðgerð sem borgararnir finna hvað best fyrir við að vera þegnar í Evrópusambandinu eða á Evrópska efnahagssvæðinu,“ segir hann.



Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu

Bendir Hrafnkell á að hvergi í heiminum hafi tekist að fara sömu leið. Í Bandaríkjunum, sem dæmi, geti verið mjög mismunandi gjöld milli einstakra svæða. ■



## Gjöfum pakkað í Fréttablaðið í dag

ser@frettabladid.is

**JÓL** Í Fréttablaðinu í dag er að finna eina örk sem nýtist lesendum sem jólagjafapappír. Þetta er nýlunda í anda endurvinnslu og minni sóunar – og minnir á að sem fyrr eru margvísleg not fyrir dagblaðapappír.

Örkina er að finna á blaðsíðu 4, með myndríkri auglýsingu frá KFC, en að afloknum lestri blaðsins er upplagt að draga hana út og geyma til innpökkunar á næstu dögum. ■

## Blaðamenn vilja hærri ríkisstyrki

lovisaa@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Blaðamannafélag Íslands (BÍ) hvetur Alþingi til að hækka styrki til einkarekinna fjölmiðla í samræmi við hækkun til RÚV.

BÍ gagnrýnir að í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 skuli vera gerð tveggja prósenta aðhaldskrafa á styrki til einkarekinna fjölmiðla, sem þýði að þeir lækki um átta milljónir króna.

Að sögn BÍ eru framlög til Ríkisútvarpsins á sama tíma aukin um 420 milljónir, sem sé hærri upphæð en styrkir til allra einkarekinna fjölmiðla. Hvetur BÍ til þess að styrkir til einkarekinna fjölmiðla hækki í samræmi við hækkunina til RÚV, eða um 8 prósent. Þannig myndu styrkirnir hækka um 30 milljónir í stað þess að skerðast um átta milljónir. ■

# Óttast um öryggi almennra fjárfesta

**Fjárfestar og eftirlitsaðilar virðast hafa áhyggjur af því að brotalöm sé á eftirliti með sérstökum yfirtökufyrirtækjum og upplýsingagjöf þeirra til fjárfesta. Kallað er eftir hertum reglum og á undanförnum mánuðum hefur borið á því að fjárfestar innleysi hluti sína í stórum mæli eftir að tilkynnt er um samruna.**

olafur@frettabladid.is



Gary Gensler, forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins, SEC, hyggst herða reglur um eftirlit með sérstökum yfirtökufyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**VIÐSKIPTI** Sérstök yfirtökufyrirtæki, sem á ensku nefnast special purpose acquisition companies eða SPAC, eru í raun skúffufyrirtæki sem stundum er líkt við óútfylltan tékka. Þau eru skráð á markað og hafa enga starfsemi aðra en að finna fyrirtæki til að sameinast. Í frumútboðum sérstakra yfirtökufyrirtækja er ekki vitað hvaða fyrirtæki verður fyrir valinu til sameiningar og því leggja fjárfestar traust sitt á stofnendur sérstaka yfirtökufyrirtækisins, bakhjarla þess.

Financial Times greindi frá því í gær að Gary Gensler, forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins, SEC, segði nauðsynlegt að herða reglur um eftirlit með sérstökum yfirtökufyrirtækjum.

SEC rannsakar nú nokkurn fjölda fyrirtækja sem kosið hafa að fara þessa leið í skráningu á markað. Óttast er að þessir viðskiptagerningar hafi ekki fengið þá gagnrýnu skoðun og eftirlit sem lögbundin er við hefðbundin frumútboð hlutabréfa.

SEC hefur hafið rannsókn á viðskiptum nýs samfélagsmiðlafyrirtækis Donalds Trump, og rafbílaframleiðandans Lucid Motors við sérstök yfirtökufyrirtæki og horfir sérstaklega til viðskipta þeirra á milli, áður en tilkynnt var um samruna og skráningu og upplýsingagjöf til fjárfesta.

Gensler sagði almenna fjárfesta ekki njóta sömu verndar við fjárfestingar í sérstökum yfirtökufyrirtækjum og þeim er tryggð í hefðbundnum frumútboðum.

Sagðist Gensler telja þörf á nánara eftirliti með stjórnarmönnum, bakhjörlum, fjármálaráðgjöfum og endurskoðendum – sem hann kallaði „hliðverði“ í SPAC-samrunum, þeir framkvæmi mögulega ekki áreiðanleikakannanir, eins og gert sé í hefðbundnum frumútboðum.

„Einhverjir kunna að reyna að nota sérstök yfirtökufyrirtæki til að losna undan ábyrgð á skuldum,“ sagði Gensler.

Í síðustu viku tilkynnti stafræna fjölmiðlafyrirtækið BuzzFeed að fjárfestar yfirtökufyrirtækisins hefðu innleyst 94 prósent hlutafjár síns, eftir að tilkynnt var um samruna.

Á fyrsta degi eftir að tilkynnt var um samruna Alvotech og sérstaka yfirtökufyrirtækisins Oaktree Special Acquisition Corp. II, skiptu 10 prósent hlutafjár í Oaktree um eigendur án þess að það hefði áhrif á verð. Gefur það vísbendingu um að ólíklegt sé að innlausnir hluta í Oaktree vegna samrunans verði miklar, að óbreyttu. ■

> ”
>
> **Einhverjir kunna að reyna að nota sérstök yfirtökufyrirtæki til að losna undan ábyrgð á skuldum.**
>
> Gary Gensler, forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins

### Fjögur atriði skipta mestu máli, segir Róbert Wessman

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Róbert Wessman, stjórnarformaður Alvotech, ekki óttast miklar innlausnir í Oaktree Acquisition Corp. II. Fjögur atriði ráði mestu varðandi það:



Róbert Wessman

„Í fyrsta lagi þarf bakhjarl yfirtökufyrirtækisins að hafa reynslu og trúverðugleika. Oaktree og móðurfélag þess, Brookfield, eru saman einhverjir stærstu og traustustu viðskiptaaðilar banka og verðbréfafyrirtækja vestan hafs. Við völdum Oaktree vegna þess að þeir voru búnir að vinna með okkur sem lánveitandi frá 2018.

Í öðru lagi er mikilvægt að ná í nýtt hlutafé. Það staðfestir traust fjárfesta á viðskiptamódelinu og samrunanum. Við náðum í 200 milljónir dala í nýtt hlutafé sem er um 45 prósent af heildinni og ekki háð innlausn.

Þriðja atriðið er að fyrirtækið sjálft verður að vera tilbúið að fara á markað og við erum búin að verja níu árum í að byggja upp framleiðslu- og þróunarstarfsemi. Keppinautar eru fáir, það eru ekki margir sem leggja út í tíu ára fjárfestingu sem kostar yfir milljón dali.

Fjórða lykilatriðið er svo verðlagningin. Fjárfestarnir nú leggja inn hlutafé á mjög hagstæðu verði að okkar mati. Það skiptir miklu máli að fá inn sterka og trausta aðila, jafnvel þó að okkar hlutur þynnist eitthvað. Alvotech er því, að okkar mati, í mjög sterkri stöðu þegar kemur að fjármögnun.“



olís

# Jólavina TILBOÐ

## ALLA DAGA TIL JÓLA

Olíssveinarnir tínast nú til byggða einn af öðrum með nýtt Jólavinatilboð á hverjum degi til jóla, frá og með 12. desember. Jólavinatilboðin gilda fyrir lykil- og korthafa í **Vinahópi Olís**. Ef þú ert með lykil eða kort frá **Olís** og **ÓB** ertu sjálfkrafa í Vinahópnum.

**Fylgstu með á Facebook eða olis.is/jolavinir**

Hó, hó! Gluggagægir er að blanda rúðuvökvann og Ketkrókur að græja börger og meððí. Verið stillt!



# Aldrei of seint að leita sér hjálpar segir Ragna í Bjarkarhlíð

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, hlaut í vikunni aukinn styrk til að veita einstaklingum sem upplifað hafa ofbeldi, ráðgjöf. Með styrknum er sérstaklega litið til einstaklinga sem dvalið hafa á vistheimilum.

Styrkurinn nemur 7,5 milljónum króna og er um að ræða afgangsfjárhæð styrkjapotts velferðarráðs. Öll afgangsfjárhæð styrkjapottsins fyrir árið 2021 fer til Bjarkarhlíðar.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri Bjarkarhlíðar, segir styrkinn bæði viðurkenningu á starfsemi Bjarkarhlíðar og skilaboð til fólks sem orðið hefur fyrir ofbeldi um að aldrei sé of seint að leita sér aðstoðar.

Mikil umræða hefur verið um ofbeldi og misnotkun á vistheimilum undanfarið og segir Ragna það geta verið „triggerandi“ fyrir fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi í slíkum aðstæðum en ekki leitað sér hjálpar. Allir geti leitað til Bjarkarhlíðar, sama hversu langt er liðið frá ofbeldinu.

Þá segir Ragna að þegar hafi nýr ráðgjafi verið ráðinn til Bjarkarhlíðar svo styrkurinn komi strax að gagni. „Með ráðningunni erum við að bregðast við aukinni aðsókn og reyna að stytta biðlista, en það hefur verið löng bið í fyrsta viðtal hjá okkur.“ ■



Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri Bjarkarhlíðar



Í Bjarkarhlíð, miðstöð þolenda ofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Rösklega 36 þúsund laxar veiddust á síðasta sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Laxveiðin í sumar var í slakasta lagi

ser@frettabladid.is

**STANGVEIÐI** Laxveiði í ám landsins var tæplega 20 prósentum minni í ár en á síðasta ári og ríflega tólf prósentum undir meðalveiði áranna frá 1974.

Alls veiddust rösklega 36 þúsund laxar á síðasta sumri sem er nærri níu þúsundum minni veiði en hún var 2020.

Samkvæmt samantekt Hafrannsóknastofnunar var veiðin misjöfn eftir landshlutum, jókst í ám á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en minnkaði austan Tröllaskaga, á Austfjörðum og á Suðurlandi.

Síðustu sex ár hefur laxveiðin verið undir meðalveiðinni frá 1974, en þar af var hún lélegust 2019 þegar aðeins veiddust ríflega 29 þúsund laxar. ■



Byggt í Súðarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjórðungsfjölgun einkahlutafélaga

ser@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Fjörkippur er hlaupinn í atvinnulífið ef marka má nýskráningar einkahlutafélaga í nóvember. Alls voru skráð 276 fyrirtæki, sem er 25 prósenta fjölgun frá í fyrra.

Mesta aukningin er í nýskráningum fjármála- og vátryggingafélaga, svo og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, samkvæmt Hagstofunni. Í takti við þessa þróun hefur launagreiðendum fjölgað um tæp sjö prósent milli ára. ■

»

**Launagreiðendum fjölgar í takt við fjölgun einkahlutafélaga.**

# Meðalaldur fólks með þroskahömlun á Íslandi hækkað verulega síðustu ár

**Sífellt betri aðbúnaður og virkni fólks með þroskahömlun á síðustu árum, hefur bætt lífsgæði þess til mikilla muna. Umskiptin eru algjör, frá afskiptaleysi til fullrar þátttöku í samfélaginu.**

ser@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Alger umskipti hafa orðið á lífslíkum fólks með þroskahömlun á Íslandi á síðustu áratugum, sem helst í hendur við meiri lífsgæði, faglegri þjónustu og virkni í samfélaginu.

Lengst af á síðustu öld gat fólk með þroskahömlun gert sér vonir um að ná fimmtugsaldri ef það var á annað borð heilsuhraust, en fá dæmi voru þess að það lifði fram eftir sextugsaldri og kæmist á sjötugsaldurinn.

Á nýrri öld er breytingin alger í þessum efnum, en algengt er orðið að fólk með þroskahömlun nái háum aldri, vel fram á áttræðisaldur og raunar lengur, en elsti einstaklingurinn í hópnum hér á landi er nú 86 ára.

### Afskiptaleysi fyrr á tímum

Þessa þróun þekkir Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags, en félagið er byggt á hugsjón fólks frá því upp úr miðri síðustu öld sem vildi ekki stofnanavista börn sín. Það ákvað að bregðast við þjónustuleysi og raunar oft og tíðum afskiptaleysi við fólk með þroskaskerðingu, en forveri Áss, Styrktarfélag vangefinna, var stofnað 1958.

Lykilinn að lengra lífi og meiri lífsgæðum rekur Þóra til snaraukinnar virkni í samfélaginu og tækifæra til að njóta styrkleika sinna í leik og starfi. „Félagið lagðist gegn innilokaðri stofnanavist og skildi fljótlega að búsetu og vinnu, eins og tíðkast hjá flestu fólki. Það eitt og sér breytti miklu.“

Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands, tekur undir orð Þóru í þessum efnum. „Fólk með þroskahömlun er núna komið í hóp hratt vaxandi hóps eldri borgara, fyrst og fremst út af bættum lífsskilyrðum og aðbúnaði fyrir þennan hóp,“ segir hún og bendir á að opinber stefna byggi núna á mannréttindum fatlaðs fólks, rétti þeirra til þjónustu og lífskjara á borð við aðra. Hærri lífaldur sé í raun bein afleiðing af nýrri stefnu í málefnum fatlaðs fólks og nýjum skilningi á fötlun.

### Aðbúnaðurinn áður skelfilegur

Öðru hafi verið að heilsa á síðustu öld þegar fjölmargt fólk með þroskahömlun hafi verið afskipt inni á hælum, oft utan alfaraleiðar og jafnvel án lífsnauðsynlegrar læknisþjónustu. „Aðbúnaðurinn á sérstofnunum var víða skelfilegur, eins og ítrekað hefur verið afhjúpað í opinberum skýrslum og fjölmiðlaumfjöllun þar sem fram kemur að líf á stofnunum, stórum sem smáum, einkenndist iðulega af slæmum aðbúnaði, vanrækslu og ofbeldi og ótímabærum dauðsföllum fólks af þessum völdum.“

Þóra segir viðsnúninginn algeran: „Núna er lagt upp með að engir veggir hamli fólki í að velja sér störf og félagslíf við hæfi. Og sveigjanleikinn er fyrir öllu,“ bætir hún við, en það eitt að fá tækifæri til að prófa reglulega eitthvað nýtt, skipti sköpum. „Í stóra samhenginu og í anda frumkvöðlanna, þá styðjum við fólk til þátttöku í samfélaginu á sínum forsendum.“

Hún bendir líka á breytinguna í búsetumálum. „Nú eru flestir búandi í eigin íbúðum og stjórna sínu lífi sjálfir, sem eru mannréttindi allra. Við leggjum upp úr því að fólk geti búið heima þrátt fyrir ýmsar uppákomur í lífinu og einnig þegar því er að ljúka,“ segir Þóra.

### Verðum enn að halda vöku okkar

Rannveig segir að enda þótt málum þessum fleygi fram verði þjóðin enn að halda vöku sinni. „Þótt sérgreindum úrræðum fækki vegna nýrrar stefnumótunar og nýs skilnings á fötlun, þá má þó enn finna aðgreindar stofnanir og þjónustuúrræði. Aðgreind úrræði eru hættusvæði. Þótt oft sé vandað fólk þar við vinnu, og jafnvel í meirihluta, þá er ljóst að ofbeldi þrífst í aðgreiningunni. Þangað leita ofbeldismenn sem geta athafnað sig á svæði þar sem auga almennings nær ekki til og þolendur eru valdalausir með að tjá sig. Þetta hefur komið í ljós við allar rannsóknir á aðgreindum stofnunum og heimilum fyrir börn og fullorðið fólk í viðkvæmri stöðu. Þetta á bæði við um fötluð og ófötluð börn og fullorðið fólk, eins og íslenskar og alþjóðlegar rannsóknir sýna,“ segir Rannveig Traustadóttir. ■



Ás styrktarfélag þjónustar 300 manns með þroskahömlun á höfuðborgarsvæðinu, hvort heldur með vinnu, virkni og/eða búsetu. MYND/AÐSEND

**Fólk með þroskahömlun er núna komið í hóp hratt vaxandi hóps eldri borgara.**



Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita í fötlunarfræðum



Frá vinnustofu Áss styrktarfélags, sem rekur sögu sína 40 ár aftur í tímann. Þar vinnur vel á annað hundrað manns. MYND/AÐSEND

**Félagið lagðist gegn innilokaðri stofnanavist og skildi fljótlega að búsetu og vinnu, eins og tíðkast hjá flestu fólki.**



Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags


KRÓNAN
Ekkert ves í des
Nú er tími til að njóta...
Gómsætur veislumatur fyrir alla!
Sérvalinn hryggur án hryggjarsúlu!
Ódýrt
Hamborgarhryggur með beini
1399 kr. kg
Hamborgarhryggur úrbeinaður
1998 kr. kg
Nóatúns Hamborgarhryggur
1998 kr. kg
Ódýrt
Sambands Hangilæri úrbeinað
2798 kr. kg
SS Taðreykt læri úrbeinað
4299 kr. kg
Nóatúns Tvíreykt hangikjöt
5299 kr. kg
Nóatúns waldorf salat 500 g
1099 kr. pk.
Nóatúns rauðkál 250 g
649 kr. pk.
Nóatúns rjóma sósa 420 ml
569 kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Blóðörn ekki jafn kvalafullur og ætla mætti

Samkvæmt nýrri rannsókn á hinni alræmdu aftökuaðferð víkinganna, blóðerninum, hefði fórnarlambinu blætt út og það kafnað á örskotsstund. Doktor við Háskóla Íslands telur aðferðina hafa verið notaða sem hefnd.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Samkvæmt fornritunum ristu synir Ragnars loðbrókar blóðörn í bak Ella konungs Norðymbralands, til að hefna fyrir föður sinn, eins og sýnt var í þáttunum The Vikings. SKJÁSKOT/YOUTUBE

**VÍSINDI** Ný rannsókn vísindamanna við Háskóla Íslands og Keele-háskóla í Bretlandi, sýnir að hin víðfræga aftökuaðferð víkingaaldar, blóðörn, var ekki jafn sársaukafull og hún hljómar eða hefur verið sýnd í sjónvarpi. Fórnarlambið hefði dáið á aðeins mínútu.

„Blóðörn er öfgafullur og skrítinn. Hann minnir á undarlegt atriði úr hryllingsmynd,“ segir Luke John Murphy, doktor við fornleifafræðideild Háskóla Íslands, sem vann rannsóknina ásamt Heidi Fuller, Peter Willan og Monte Gates við læknadeild Keele-háskóla.

Blóðörn hefur fengið aukna athygli undanfarin ár vegna sjónvarpsþáttanna The Vikings og tölvuleiksins Assassin´s Creed: Valhalla. Í grófum dráttum gengur hann út á að kljúfa hrygg fórnarlambsins með beittu blaði og brjóta upp rifbeinin að aftan. Þá eru lungun rifin upp og strengd yfir rifbeinin líkt og hamur á vængjum fugls.

Sérstakur hugbúnaður var notaður við rannsóknina til þess að reikna út áhrif blóðarnarins á líffærin. Murphy var fenginn inn í rannsóknina til þess að veita sögulega innsýn í þennan sið og þær frásagnir sem til eru í fornritunum.



Luke John Murphy, doktor við fornleifafræðideild Háskóla Íslands

„Blóðörn er ekki jafn sársaukafullur og fólk heldur. Þetta hefur verið sárt í eina eða tvær mínútur og svo er fórnarlambið dáið,“ segir Murphy. Fórnarlambinu blæðir hratt út og getur ekki andað. Aðgerðin sjálf hefur þó tekið umtalsvert lengri tíma og hefur því að langmestu leyti verið gerð á líki.

Ekki eru allir sannfærðir um að blóðörninn hafi nokkurn tímann verið gerður. Fyrsta þekkta heimildin er Knútsdrápa, sem er ekki á Norrænu heldur engilsaxneskri skandinavísku, og hefur því verið haldið fram að um mistúlkun sé að ræða. Þá er í Orms þætti Stórólfssonar frásögn af því að Ormur hafi reist blóðörn í bakið á trölli.

Murphy er ekki sammála því að þetta útiloki að blóðörninn hafi verið til. „Við höfum svo margar frásagnir af blóðerni að hann er greinilega fyrirbæri sem var þekkt,“ segir hann. „Þetta er óvenjulegt og öfgafullt, en samt ekki úr karakter fyrir stríðsmenn á víkingaöld. Það eru frásagnir af fleiri skrýtnum hlutum sem gerðir voru við lík.“ Þetta hafi í raun ekki verið ósvipað og hið svokallaða „kólumbíska hálsbindi“ sem latneskir fíkniefnasalar nota til að hræða fólk. Það er að skera fólk á háls og draga tunguna í gegnum sárið.

Í rannsókninni er þó ekki fullyrt að blóðörn hafi verið framkvæmdur, aðeins að hann hafi verið vel mögulegur. Murphy nefnir aðra aftökuaðferð, að festa garnarenda við tré og láta fórnarlambið ganga í kringum það, sem dæmi um aðferð sem augljóslega hafi ekki verið gerð. Það hafi komið úr kristnum frásagnaarfi í gegnum dýrlingasögurnar.

*En hver var tilgangur blóðarnar?* Murphy telur frásagnirnar ekki benda til þess að hann hafi verið mannfórn til Óðins eins og sumir hafa haldið fram. Þvert á móti kemur hann með þá kenningu í rannsókninni að blóðörninn hafi verið form hefndar fyrir slæm dráp. Til að mynda hafi Ormur Stórólfsson verið að hefna fyrir Ásbjörn fóstbróður sinn. ■

> Þá gekk Einarr jarl til Hálfdanar. Hann reist örn á baki homum þeima hætti, at hann lagði sverði á hol við hrygginn ok reist rifinn öll ofan á lendar, dró þar út lungun. Var þat bani Hálfdanar.
>
> Haralds saga Sigurðarsonar




## Límgildrur skelfileg leið til að aflífa dýr

birnadrofn@frettabladid.is

**DÝRAVELFERÐ** Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir lífgildrur bestu leiðina til þess að veiða hagamýs sem leita í híbýli manna. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær er sérlega mikill músagangur hér á landi nú og er líklegasta skýring hans gott veðurfar langt fram eftir hausti.

Fréttablaðið hafði ranglega eftir Ester í gær að best væri að veiða mýs í límgildrur. Þá leið segir Ester stangast á við dýravelferðarlög, það segir einnig á síðu Matvælastofnunar. Í 21. grein laga um velferð dýra segir að dýr skuli aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti. Forðast skuli að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

„Þetta er skelfileg leið til að aflífa dýr og það er alls ekki mælt með að nota límgildrur,“ segir Ester. Mýsnar festist í lími gildrunnar þar sem þær svo veslist upp og deyi, til séu dæmi um það mýsnar slíti af sér útlimi þegar þær reyna að sleppa úr slíkum gildrum.



Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýrafræðingur hjá Náttúruvísindastofnun

„Það er í rauninni ótrúlegt að það megi selja svona gildrur og hvað þá að þær seljist í bílförmum.“

Þá segir Ester að í langflestum tilvikum sé óþarfi að aflífa hagamýs sem flækist inn í hús. Farsælast sé að loka öllum götum á húsum svo mýsnar komist ekki inn. Fari svo að þær komi inn skuli veiða þær í lífgildrur og hleypa þeim út. „Mikilvægt er að athuga reglulega hvort mús hafi komið í gildruna og hleypa henni út sem fyrst. Mýs hafa hröð efnaskipti og geta ekki lifað án matar lengi.“ ■

## Sauðfjárrækt gæti snúist um ullina

benediktboas@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** „Ullin okkar er einstakt hráefni sem hægt er að nýta á svo marga vegu,“ segir Unnsteinn Snorri Snorrason, verkefnastjóri sauðfjárræktar hjá Bændasamtökum Íslands.

Flíkur í nýrri útivistarlínu Icewear eru allar einangraðar með íslenskri ull. Einangrun af þessu tagi er nýtt fyrirbæri í útivistarfatnaði. Hjá Icewear er notast við 80 prósenta íslenska ull í einangrunina.

„Þetta er í raun nýsköpun byggð á gömlum grunni sem mun færa ullariðnaðinn inn í framtíðina,“ segir Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Icewear. Hann bendir á að það sem skipti máli sé að íslenska ullin gefi góða öndun og jafnan varma með einstökum eiginleikum sínum eins og Íslendingar þekki svo vel.



Unnsteinn Snorri Snorrason

Þessi nýja nálgun gefur von um upphaf að nýrri búgrein hér á landi, þar sem bóndi fengi hærra verð fyrir ullina, sem nýtist til framleiðslu á verðmætum vörum. Það sem áður nýttist ekki í prjónaband gæti með þessu leitt til þess að búhættir bænda breyttust og að hér skapist skilyrði til ullarræktunar í stað þess að leiða lömb til slátrunar. ■



25
MILLJÓLA
LEIKUR
25 spilarar vinna heila milljón hver
Vertu með í Milljólaleiknum. Það eina sem þú þarft að gera til að komast í pottinn er að vera með áskrift eða kaupa 10 raðir eða meira í Lottó, Vikinglotto eða Eurojackpot. Þannig gæti jóladagur orðið þinn milljóladagur því þá vinna 25 heppnir spilarar heila milljón hver!
Nánar á lotto.is
DREGIÐ
25. DES
EURO JACKPOT
viking lotto
Lottó

# Hluti af þjóðarsögunni stendur nú auður



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

**Mikil óvissa ríkir um framtíð Hótel Sögu. Stór hluti hússins hefur staðið auður síðan hótelrekstur lagðist af í fyrra vegna áhrifa faraldursins. Pétur H. Ármannsson segir bygginguna stórmerkilega og vill fara varlega í breytingar.**

**REYKJAVÍK** Bændahöllin, eða Hótel Saga eins og hún er gjarnan nefnd í daglegu tali, var opnuð árið 1962 og er án efa eitt þekktasta hótelið í sögu íslenskrar ferðaþjónustu. Arkitektinn Pétur H. Ármannsson, sem vinnur nú ásamt fleirum að bók um arkitekt hótelsins, Halldór H. Jónsson, segir bygginguna vera hluta af þjóðarsögu 20. aldar.

„Menn höfðu misjafnar skoðanir á útliti hússins í bakgrunni aðalbyggingar Háskóla Íslands og stærð þess og hæð var umdeild á sínum tíma. En þessi bygging varð snemma hluti af þjóðarsögunni. Opnun Hótel Sögu markaði þáttaskil í ferðaþjónustu á Íslandi á sínum tíma. Þetta var fyrsta nútímalega hótelið í alþjóðlegum gæðaflokki sem var opnað hér landi, þremur áratugum á eftir Hótel Borg,“ segir hann.

Hótel Saga var um árabil miðstöð funda- og ráðstefnuhalds, skemmtanalífs og matargerðarlistar á Íslandi, sem sést glöggt á því hvaða sess hótelið skipar í þjóðarvitundinni. Hótel Saga og Grillið eiga sér fjölmargar birtingarmyndir í íslenskri menningarsögu og má þar einna helst nefna fræga senu í kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar Englum alheimsins, eftir samnefndri skáldsögu Einars Más Guðmundssonar. Pétur segir hótelið hafa ótvírætt gildi í hönnunarsögunni.

„Arkitekt Bændahallarinnar, Halldór H. Jónsson, hannaði ekki bara bygginguna sjálfa heldur líka allar innréttingar hótelsins, valdi efni og áklæði, hannaði húsgögn og gólfteppi, lampa og fleira. Þannig hafa upphaflegar innréttingar Hótel Sögu ótvírætt gildi í hönnunarsögunni. Margar kynslóðir Íslendinga eiga dýrmætar minningar tengdar þessu húsi. Þar voru haldnar ráðstefnur og mikilvægir fundir, fínustu veislur bæjarins og landsfrægir tónlistarmenn spiluðu undir dansi í Súlnasalnum um árabil. Þetta er húsið sem fólk heimsótti til að halda upp á merk tímamót í lífi sínu. Þannig að það er ekkert alveg sama hvað um það verður.“

**Margþætt starfsemi í húsinu**

Pétur segir Bændahöllina hafa frá upphafi verið hannaða sem fjölnota hús og telur eðlilegast að þar yrði áfram margþætt starfsemi eins og var gert ráð fyrir frá upphafi, en auk hótels og verslana voru skrifstofur Bændasamtakanna og fleiri stofnana og fyrirtækja í húsinu. Engin föst starfsemi hefur verið í hótelhluta hússins frá 2020, en hluti þess var leigður undir skólastofur fyrir nemendur í Hagaskóla, sem þurftu frá honum að hverfa vegna myglu.

„Ég verð að segja að eftir að hótelið lokaði fyrir ári síðan sakna ég þess mikið. Það var nýbúið að opna þarna skemmtilegan veitingastað, Mími, sem var alveg frábær. Ég vona að það verði áfram margþætt starfsemi í húsinu, gisting og veitingarekstur í bland við annað, óháð því hvernig úr því spilast. Það er ágætt að menn hafi það í huga að þetta er stórmerk bygging og það þarf að fara varlega út í breytingar á henni,“ segir Pétur.

**Hús þarf að vera lifandi**

Uppbygging hússins er engu að síður mjög sveigjanleg og því auðvelt að laga ákveðna hluta þess að nýrri starfsemi. Að sögn Péturs er húsið ekki friðlýst og væri því ekkert til fyrirstöðu fyrir nýja eigendur að gera róttækar breytingar á innviðum þess.

„Það er kannski ekki aðalmálið hver á húsið eða rekur það, heldur bara hvaða hugmyndir menn eru með og hvernig mönnum tekst að nýta kosti hússins án þess að fórna gæðum þess. Hús þarf að vera lifandi og maður sér það að eftir að hótelið lokaði, þá er eins og hverfið þarna í kring sé hálfdautt. Eftir að hótelið lokaði kemur í ljós hvað starfsemin í húsinu hafði mikið gildi fyrir Háskólasvæðið og Melahverfið,“ segir Pétur og bætir við að mikil eftirsjá yrði að hótelinu ef því yrði alveg lokað.

**Hvað verður um Hótel Sögu?**

Nokkur fyrirtæki og stofnanir eru í dag með rekstur í Bændahöllinni, þar með talið Bændasamtökin, Pósturinn og Hið íslenska bókmenntafélag. Sá hluti hússins sem heyrði undir Hótel Sögu hefur þó staðið meira og minna tómur frá því rekstur hótelsins lagðist af í nóvember 2020. Ýmis áform hafa verið uppi um framtíð Bændahallarinnar og Bændasamtökin hafa verið í viðræðum við nokkra aðila um mögulega kaup á húsinu.

Í sumar var greint frá því að aðilar tengdir Hótel Óðinsvéum væru í viðræðum um kaup á húsinu til áframhaldandi hótelreksturs. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins runnu þær áætlanir út í sandinn, þegar í ljós kom að fara þyrfti út í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir til að halda áfram hótelrekstri.

Háskóli Íslands hefur einnig lýst yfir áhuga á því að kaupa Bændahöllina og koma þar upp stúdentagörðum eða flytja starfsemi menntasviðs háskólans þangað. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 er lagt til að fjármála- og efnahagsráðuneytið fái heimild til að skoða kaup á Hótel Sögu. Framtíð hótelsins er því enn óráðin, en ljóst þykir að ef áætlanir háskólans ganga eftir er áframhaldandi hótelrekstur í Bændahöllinni nokkuð ólíklegur. ■

> „Hús þarf að vera lifandi og maður sér það að eftir að hótelið lokaði, þá er eins og hverfið þarna í kring sé hálfdautt.
>
> Pétur H. Ármannsson



Pétur H. Ármannsson vinnur nú ásamt fleirum að bók um arkitekt Hótel Sögu, Halldór H. Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Bændahöllin, eða Hótel Saga eins og byggingin er kölluð í daglegu tali, er eitt helsta kennileiti Vesturbæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Leikmenn Austur-Þýskalands æfa sig á Melavelli fyrir landsleik á móti Íslandi 1961. Hótel Saga í byggingu í baksýn. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Stór hluti Hótel Sögu hefur staðið meira og minna auður síðan hótelrekstur lagðist af í fyrra vegna áhrifa heimsfaraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Tímalína Bændahallarinnar**

- **1941** Búnaðarþing ályktar um byggingu bændahúss í Reykjavík.
- **1948** Búnaðarfélagið fær lóð og byggingarleyfi við Hagatorg.
- **1956** Fyrsta skóflustungan tekin að Bændahöllinni.
- **1962** Hótel Saga er opnuð formlega.
- **1964** Stjörnusalurinn, eða Grillið, er opnað á 7. hæð hússins.
- **1985** Sjö hæða viðbyggingu bætt við.
- **1991** Samningur gerður við Búnaðarbankann um að Hótel Saga sjái um rekstur Hótel Íslands.
- **2018** Hótelið opnað aftur eftir framkvæmdir.
- **2020** Hótel Saga lokar eftir 58 ára starfsemi.



Recharge yourself
Klassískur glæsileiki og fullkomin tækni framtíðarinnar.
Nýr MG EHS Plug-in Hybrid
með 7 ára ábyrgð
MG EHS
mgmotor.is
*Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægi rafbíla.
ENNEMM / SÍA / NM008824
**MG EHS Plug-in Hybrid – 7 ára ábyrgð**
Verð frá 5.190.000 kr.
Einstaklega sparneytin bensínvélin og viðbragðsgóður rafmótor MG EHS Plug-in Hybrid skila samanlagt 258 hestöflum og eldsneytisnotkun upp á aðeins 1,8 l/100 km. Li-ion 16,6 kWh rafhlaðan skilar 52 km drægi á rafmagninu einu saman í blönduðum akstri samkvæmt WLTP-prófunum. Saman skila þessir þættir sér í lægri rekstrarkostnaði MG EHS Plug-in Hybrid.
Komdu og reynsluaktu þessum rúmgóða og þægilega fjölskyldubíl.
FLEX
LANGTÍMALEIGA
**112.190 kr. á mánuði.**
M.v. 36 mán. og 18.000 km á ári.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# ALLA HELGINA

## GILDIR TIL MÁNUDAGS

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

*** Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum, nema frá IITTALA, BITZ, SKOVBY og sérpöntunum.**
**Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti.** Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum verðum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

## 20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG VALINNI JÓLAVÖRU




**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*




HÚSGAGNA
HÖLLIN



Stuðningsfólk Assange mótmælti við dómshúsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Framsal Julian Assange aðför gegn fjölmiðlun

urduryrr@frettabladid.is


Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ

**BRETLAND** Julian Assange, stofnandi Wikileaks, gæti orðið framseldur til Bandaríkjanna þar sem hann mun eiga yfir höfði sér ákæru fyrir njósnir, samkvæmt úrskurði áfrýjunardómstóls í Lundúnum. Niðurstaðan hefur þegar verið fordæmd, meðal annars af Alþjóðasambandi blaðamanna (IFJ) og Blaðamannafélagi Íslands (BÍ)..

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, lýsir yfir vonbrigðum og áhyggjum yfir úrskurðinum.

„Við lítum á þetta sem mjög alvarlega stöðu fyrir tjáningarfrelsi í heiminum og stöðu blaðamennsku og blaðamanna. Þetta er ekki bara aðför gegn einum blaðamanni heldur aðför gegn fjölmiðlum um allan heim,“ segir Sigríður.

„Ákæran gegn honum jafnar blaðamennsku við njósnir og fordæmið sem þarna er gefið þýðir að allir blaðamenn, hvar sem er í heiminum, geta átt yfir höfði sér ákæru og framsalskröfu ef þeir birta eitthvað sem bandarískum stjórnvöldum hugnast ekki.“

Alþjóðasamband blaðamanna telur ákvörðunina leggja líf Assange í hættu og kalla eftir því að hann verði tafarlaust látinn laus. Sambandið mun styðja allar tilraunir lögmanna Assange til að áfrýja niðurstöðunni.

Fyrr á þessu ári dæmdi héraðsdómari að ekki mætti framselja Assange. Áfrýjunardómstóllinn segir þá ákvörðun byggja á áhyggjum yfir því að Assange yrði látinn sæta ströngu gæsluvarðhaldi í Bandaríkjunum, sem myndi hafa slæm áhrif á andlega heilsu hans.

Dómararnir sem dæmdu bandarískum yfirvöldum í hag í gær, höfðu verið fullvissaðir um að svo yrði ekki, nema Assange brjóti af sér í framtíðinni með þeim hætti að þess verði þörf.

Assange er annar stofnenda Wikileaks, samtaka sem birtu á árunum 2010 og 2011 þúsundir trúnaðarskjala tengd stríði Bandaríkjanna í Afganistan og Írak. ■


Fangi skimaður fyrir kórónuveiru í kvennafangelsi í Dresden í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fáir vilja styðja við baráttu kvenfanga fyrir umbótum

Samtök sem styðja við kvenfanga eru fjársvelt og eiga erfitt með að halda úti starfsemi sinni, samkvæmt nýrri alþjóðlegri skýrslu. Stofnanir, samtök og fyrirtæki vilja síður gefa til kvenfanga, vegna álits almennings.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FANGELSISMÁL** Mannréttindasamtök sem styðja og vinna að umbótum fyrir konur í fangelsum, fá lítinn fjárhagslegan stuðning. 60 prósent þeirra standa á brauðfótum og sjá ekki fram á að geta starfað á næsta rekstrarári. 70 prósent sögðust ekki fá neinn stuðning frá stofnunum eða samtökum sem kenna sig við femínisma.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá samtökunum Women Beyond Walls (WBW).

741 þúsund konur eru bak við lás og slá í heiminum og hefur fjöldi þeirra aukist um tæplega 60 prósent frá aldamótum. Þrátt fyrir mikla fjölgun er hlutfallið aðeins 7 prósent af heildinni. 800 konur bíða aftöku á dauðadeildum.

Samkvæmt skýrslunni hefur fangelsun kvenna almennt séð mjög slæm áhrif á fjölskyldur þeirra. Meirihluti kvenna í fangelsum er mæður og alls dvelja um 19 þúsund börn í fangelsum, langflest með mæðrum sínum.

Áhrif fangelsunar á kvenfanga virðast einnig vera meiri en á karlfanga, því tilfelli sjálfsskaða eru hlutfallslega fleiri hjá kvenföngum.

WBW rannsökuðu fjárhagsstöðu samtaka í 24 löndum í öllum heimsálfum, þar á meðal Bretlandi, Frakklandi, Brasilíu, Kanada, Mexíkó, Ástralíu, Indlandi, Nígeríu og Suður-Afríku. Meirihluti samtakanna hafði innan við 20 starfsmenn og innan við hálfa milljón dala, eða 65 milljónir króna, í rekstrarfé á ári.

Meðal þess sem samtökin gera fyrir kvenfanga er að veita lagalega aðstoð, sálfræðiaðstoð, félagslegan stuðning og menntun. Einnig að fylgjast með aðstæðum, réttindum og þrýsta á um reglubreytingar. Samtökin skorti hins vegar grunnfjármögnun til þess að geta staðið undir hlutverki sínu til fulls.

„Að fá fjármagn fyrir réttindi fanga er ekki auðvelt, flestir gefendur horfa fram hjá þessu,“ sagði forsvarsmaður einna samtakanna, sem ekki var nefndur á nafn í skýrslunni. „Mjög fáir styrkir eru í boði til að fjármagna verkefni fyrir þá sem eru sviptir frelsi,“ sagði annar.

Ein helsta ástæðan fyrir þessu er almennt neikvætt viðhorf almennings gagnvart föngum, og sérstaklega kvenföngum. Gefendurnir vilji líta vel út í augum almennings og því sé þessu málefni ekki hampað. „Almenningi finnst fólk sem er á sakaskrá ekki eiga skilið að fá stuðning,“ sagði einn forsvarsmaðurinn.

Stærstur hluti stuðningsins sem samtökin þó fengu, var gjafir frá einstaklingum, eða um þriðjungur. Aðeins 10 prósent komu frá ríkisvaldi, 5 prósent frá sveitarstjórnum en annað frá góðgerðarsamtökum, fyrirtækjum, öðrum samtökum eða með öðrum hætti. ■

**741.000**

**konur eru í fangelsi og 800 á dauðadeild.**






Mótmælendur safnast saman fyrir framan Hæstarétt Bandaríkjanna. MYND/EPA

## Mega kæra bann gegn þungunarofi

urduryrr@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Heilbrigðisstofnanir sem bjóða þungunarrof í Texas mega kæra þungunarrofsbannið, samkvæmt nýjum úrskurði Hæstaréttar Bandaríkjanna, en lögin verða ekki numin úr gildi.

Fyrir Hæstarétti er nú mál sem hefur það markmið að fella úr gildi dómafordæmið úr málinu Roe gegn Wade frá 1973, sem leiddi til lögleiðingar þungunarrofs í Bandaríkjunum.

Búist er við að niðurstaðan liggi fyrir í júní á næsta ári. Þangað til verður bannið áfram í gildi. ■

# Covax skilar þriðjungi minna en lofað var

urduryrr@frettabladid.is

**COVID-19** Við lok árs stefnir Covax á að hafa skilað 800 milljón skömmtum af bóluefni gegn Covid-19 veirunni til efnaminni landa. Það er aðeins rúmlega þriðjungur af því sem lofað var í byrjun árs, 2,3 milljörðum skammta.

Covax er verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að dreifa bóluefni til efnaminni landa heims og vinna þannig gegn ójafnvægi í aðgengi.

Seint á árinu áætlaði Covax að raunverulegur fjöldi skammta á árinu yrði á milli 800 milljónir og einn milljarður, í kjölfar erfiðleika tengdum upplagi og dreifingu. Við lok nóvembermánaðar hafði Covax komið 596 milljónum skammta til skila um heiminn.

Verkefnið reiðir sig að stórum hluta á bóluefnagjafir frá ríkari löndum, sem hafa mörg hver fengið á sig gagnrýni fyrir að birgja sig upp af bóluefni.


Heilbrigðisstarfsfólk í Nepal tekur á móti sendingu frá Covax. MYND/EPA

Mjög stórt bil er á milli bólusetningarhlutfalls í efnaminni og efnameiri löndum. Nú hafa 326 milljónir örvunarskammta verið gefnir, aðallega í ríkari þjóðum. Til samanburðar hafa hingað til aðeins 60 milljón skammtar í heildina verið gefnir í fátækum löndum. ■




**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Jólasveinninn skellti sér í Sea Life-fiskabúrið í Bangkok til að fóðra íbúana þar á bæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Katrín og Vilhjálmur fóru á Together at Christmas.

# Jólaljósin um víða veröld

Jólin nálgast, ekki aðeins á Íslandi heldur um heim allan. Undirbúningur er í fullum gangi fyrir hátíð ljóss og friðar þar sem hver pera er vandlega athuguð, enda gæti serían öll slegið hreinlega út ef ein pera klikkar. Fréttablaðið kíkti út í heim með aðstoð myndaveitunnar Getty og skoðaði jólaundirbúninginn.

benediktboas@frettabladid.is



Í Feneyjum þarf fólk að vera með grímu þó að borgin sé orðin jólaleg og falleg.



Íbúar New York eru að detta í jólagírinn. Hér er einn góður sem Trölli með Modelo-bjór á Union-torginu.



Slökkviliðsmenn kveiktu á trénu á Fox-torginu í New York, enda hafði fyrra tré verið brennt til róta.



Í Kaliforníu er hefð fyrir að hótelið The Mission Inn Hotel & Spa sé svo vel skreytt að fólk flykkist að til að skoða.



Starfsmaður Hagenbeck-dýragarðsins gefur öpunum gulrætur í snjómuggunni.







# Þitt fyrirtæki gæti átt heima í Árborg

## – Hafðu samband!

- Miðstöð iðnaðar- og sérfræðiþjónustu á Suðurlandi
- Inn- og útflutningshöfn við bæjardyrnar
- Vinsælt og fjölskylduvænt umhverfi
- Kraftmikið og vaxandi samfélag

*Nánari upplýsingar veitir **Gísli H. Halldórsson**, bæjarstjóri Árborgar, **gislihh@arborg.is***

Sveitarfélagið
ÁRBORG
www.arborg.is

# Gamla Ísland



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Auðvitað ætlar endurnýjuð ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur sér góða hluti á næstu árum og vitaskuld mun hún reyna að koma hlutum í verk sem verða landi og þjóð til framdráttar. En það er samt sem áður hætt við því að landsmenn sitji áfram uppi með gamla Ísland að kjörtímabilinu loknu.

Það verður nefnilega margt ógert. Og það er ekki bara vegna málamiðlabræðingsins sem stjórnarsáttmálinn er, heldur líka vegna eðlis þessara þriggja flokka sem hafa afráðið að festa í sessi pólitískan ómöguleika í landinu, en allir óttast þeir breytingar, af ástæðum sem ýmist má rekja til afturhalds, ofríkis eða hreinnar og klárrar nesjamennsku.

Og munar þar líklega mestu að 1.200 milljarða kvóti verður svo að segja ókeypis næstu fjögur árin, enda hefur það verið verðugt verkefni um árabil að milda álögur á mestu forréttindagreinina í íslensku atvinnulífi, en forkólfar hennar treysta sér ekki til að greiða markaðsvirði fyrir aðgang sinn að sameiginlegri auðlind landsmanna, sem raunar erfist nú í boði stjórnvalda til næstu kynslóða kvótahafa, svo langt er nú seilst í súrrealískri gjafmildinni.

Og áfram verða bændur landsins í fátæktargildru ríkisvæddrar bóndabeygju, sem getur ekki hugsað sér viðskiptafrelsi á sviði matvælaframleiðslu heldur einblínir á opinbera verðlagningu og framleiðslustýringu. Og áfram verður rafmagnið miklu fremur niðurgreitt til erlendra álrisa sem komast hjá skattgreiðslum hér á landi, í stað þess að lækka rafmagnskostnað grænmætisbænda sem gætu ekki einasta mettað heimamarkaðinn, heldur og flutt afurðir sínar til útlanda.

Og áfram verður heimilisofbeldi krónunnar látið viðgangast, enda allir flokkarnir elskir að minnsta gjaldmiðli í heiminum, þótt hann valdi árlega 200 milljarða króna aukakostnaði fyrir heimilin í landinu – og gott betur, því fyrirtækjunum blæðir líka, í tuga prósenta gengissveiflum og munu áfram flýja land, ellegar gera upp í erlendri mynt, sem fyrirtækin hafa þó fram yfir fólkið í landinu.

Og hversu miklar líkur eru á að þriggja flokka stjórnin færi heimilunum mestu kjarabótina sem í boði er? Engar. Unga fólkið á Íslandi mun rétt eins og foreldrarnir og afarnir og ömmurnar, halda áfram að borga íbúðirnar sínar þrisvar eða fjórum sinnum vegna vísitöluvitleysunnar og vaxta sem aðrar þjóðir í álfunni myndu aldrei sætta sig við.

Gamla Ísland mun festa sig í sessi næstu fjögur árin. Það eitt er víst. ■

> „Gamla Ísland mun festa sig í sessi næstu fjögur árin. Það eitt er víst.

## Gunnar







## Mín skoðun

# Þarf rauðkálið að vera heimagert?



**Sif Sigmarsdóttir**

Nú er árstíð kærleika og friðar. Eða svo segir allavega í jólalaginu. Hin meinta ró jólanna er þó fyrir mörgum ekki annað en ósönnuð tilgáta.

Fjögur þúsund vikur. Það er sá tími sem okkur er gefinn á þessari jörðu – það er, ef við verðum svo lánsöm að verða áttræð. Naumt er skammtað. Því er ekki að undra að við keppumst við að gera sem mest og nýta tímann sem best.

Oliver Burkeman, breskur blaðamaður, varði mörgum árum af lífi sínu í að leita leiða til að spara tíma. Hann skrifaði pistla í dagblaðið Guardian þar sem hann miðlaði ráðum til lesenda um hvernig auka mætti afköst við hið daglega amstur, í vinnunni og frítímanum.

Hann segist hafa verið eins og alkóhólisti sem fékk borgað fyrir að skrifa um vín, stöðugt á höttunum eftir næsta skammti af tímasparnaði. „Þegar ég prófaði nýja aðferð leið mér eins og gullöld væri við það að hefjast í lífi mínu, full af ró, ótrufluðum afköstum og innihaldsríkri iðju," segir Oliver, sem prófaði meðal annars að skipta deginum í 15 mínútna einingar, svara öllum tölvupóstum um leið og þeir bárust og að búta „to-do" listann niður í mismunandi dálka.

En gullöldin kom aldrei, að sögn Olivers. Hann varð þvert á móti stressaðri með hverju ráðinu sem hann þáði.

Oliver hefur nú snúið við blaðinu. Bók hans, Fjögur þúsund vikur – bók sem varar við sjálfshjálparráðum, var um síðustu helgi valin sjálfshjálparbók ársins af laugardagsblaði The Times.

„Sá dagur mun aldrei koma að þér takist að ná tökum á hlutunum," segir Oliver í bók sinni. Hann hvetur lesendur til að hætta að reyna að gera allt á þeim fjögur þúsund vikum sem okkur eru gefnar og taka heldur opnum örmum skorðunum sem marka tilvist okkar.

Lærdómur Olivers hvílir á hugmyndum þýska heimspekingsins Martin Heidegger um „endanleikann". Oliver segir þá staðreynd að lífið taki enda ekki skilaboð um að við þurfum að skipuleggja tíma okkar betur, heldur þvert á móti að við eigum að sleppa því að gera fleira. Því hver einasta athöfn er í senn staðfesting og fórn; hver einasta ákvörðun útilokar óteljandi aðrar leiðir sem við hefðum getað farið.

Besta leiðin til að fara vel með tíma okkar samkvæmt Oliver er að horfast í augu við staðreyndir. Lífið er takmörkuð auðlind. Við höfum ekki tíma til að gera allt sem okkur langar til að gera eða aðrir vilja að við gerum.

Ef við erum meðvituð um að allt sem við tökum okkur fyrir hendur kemur í veg fyrir að við gerum eitthvað annað, er líklegra að við vöndum valið og vegferð okkar ráðist ekki af hendingum einum.

**Að vanrækja réttu hlutina**

Genginn er í garð sá árstími er annríki nær hámarki. Þótt fullyrt sé í jólalagi að „yfir fannhvíta jörð leggi frið" og „heimurinn hinkri aðeins við", segir umferðarstiflan við bílastæðahús Kringlunnar aðra sögu. Við fullbókaða dagskrá bætast jólaverkin, aðgerðalisti jafnlangur og ljósaserían á trénu.

Að horfast í augu við staðreyndir er valdeflandi. Þurfa eldhússkáparnir að vera hreinir? Er nauðsynlegt að baka allar þessar sortir? Hættir veröldin að snúast um möndul sinn ef barnið mætir ekki í jólapeysu í skólann á jólapeysudaginn? Þarf rauðkálið að vera heimagert? En aðventukransinn? Er nauðsynlegt að mæta í árlegt desemberboð kunningjakonu sem þú átt ekki annað sameiginlegt með en gagnkvæma andúð síðan í menntó?

„Hið eina tímastjórnunarkerfi sem gerir gagn er það sem hjálpar okkur að vanrækja réttu hlutina," segir Oliver Burkeman.

Fjögur þúsund vikur. Okkar er valið. ■

> „Hættir veröldin að snúast um möndul sinn ef barnið mætir ekki í jólapeysu í skólann á jólapeysudaginn?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*





## Umvefðu heimilið með hlýju og notalegheitum með nýrri vörulínu Epal sem ber heitið **Hlýja.**

epal

IHANNA HOME
INGIBJÖRGHANNA

URÐ

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

Vörulínan er unnin í samstarfi við íslensku hönnunarmerkin **Ihanna home** og **Urð.** Vörulínan samanstendur af bómullarsatín rúmfötum frá Ihanna home í þremur fallegum og mjúkum litum ásamt dásamlegu ilmkerti frá Urð sem ilmar af blöndu af appelsínu, við, musk og patsjúlí.

Hér er á ferð spennandi samstarf Epal við íslenska hönnuði. Kynntu þér úrvalið á **www.epal.is**





**12** sinnum byrjaði hann á bekknum.

**42** mörk skoraði hann á 61. til 75. mínútu.

**6** rauð spjöld fékk hann á ferlinum.

**129** mörk skoraði hann úr opnum leik.

**10** mörk komu úr aukaspyrnum.

**40** sinnum spilaði hann við Chelsea á ferlinum.

**7** mörk skoraði hann með skalla.

**1.507** langir boltar enduðu á samherja.

**6** sinnum var hann valinn leikmaður mánaðarins.

**71** mark með hægri fæti.

**47** mörk úr vítaspyrnum.

**52,3%** var sigurhlutfall hans með Liverpool.

**13** mörk skoraði hann gegn Aston Villa. 10 gegn Everton og 9 gegn Man. Utd.

# snýr aftur



**Benedikt Bóas Hinriksson**
benediktboas
@frettabladid.is

**Steven Gerrard snýr aftur á Anfield í dag með Aston Villa. Gerrard er af mörgum talinn einn besti leikmaður í sögu Liverpool, enda bar hann liðið á herðum sér í rúm 15 ár.**

Goðsögnin hjá Liverpool, Steven Gerrard, mætir á sinn gamla heimavöll með lærisveina sína í Aston Villa. Gerrard mætti á æfingasvæði Liverpool kornungur drengur og yfirgaf það sem einn allra besti leikmaðurinn í sögu félagsins. Hann kláraði ferilinn í Bandaríkjunum með LA Galaxy áður en hann fór á hliðarlínuna með Glasgow Rangers. Hann stýrði Rangers til síns fyrsta skoska meistaratitils í tíu ár á síðasta tímabili.

Aston Villa greiddi Rangers um 4,5 milljónir punda til þess að fá Gerrard til félagsins, en þetta verður fimmti leikur hans með Aston Villa.

Gerrard byrjaði með Whiston Juniors áður en hann var sóttur af Liverpool, þegar hann var aðeins átta ára gamall. Hann kom inn í liðið árið 1998 þegar Jamie Redknapp meiddist og spilaði alls 13 leiki sitt fyrsta tímabil. Í aðeins níunda leik sínum fyrir félagið spilaði hann Merseyside-slaginn gegn Everton sem hægri bakvörður og bjargaði tvisvar á línu.

Fyrsta markið kom 5. desember 1999 gegn Sheffield Wednesday. Síðan varð saga Gerrard nánast ein samfelld sigurganga, en aldrei tókst honum að ná í eina titilinn sem hann langaði til. Enska úrvalsdeildin var aðeins fjarlægur draumur þó tvisvar hafi hann verið nálægt því. Hann lék alls í 17 ár fyrir félagið, vann 10 titla og spilaði hartnær 700 leiki þar sem hann skoraði 180 mörk í öllum regnbogans litum.

Án efa verður tekið vel á móti Gerrard á Anfield í dag, en stóra spurningin er hvort hann fagnar ef Villa skorar. Allra augu verða á honum, svo mikið er víst, en ætli hann sé ekki vanur sviðsljósinu á Anfield. ■



## Rann gegn Chelsea

Árið 2014 var Liverpool í góðri stöðu til að vinna sinn fyrsta titil í 24 ár. Þegar aðeins þrír leikir voru eftir spilaði liðið við Chelsea, sem var fimm stigum á eftir Liverpool. Gerrard hafði leitt liðið í 11 sigurleiki í röð. Jafntefli hefði verið frábær úrslit fyrir Liverpool.

Þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik var Liverpool með boltann. Gerrard kom til baka og fékk einfalda sendingu frá Mamadou Sakho. Sendingu sem hann hafði tekið á móti milljón sinnum á sínum ferli. Hann horfði ekki einu sinni á boltann. Þurfti þess ekki. En af einhverjum ástæðum lyfti hann fætinum of hátt og boltinn rúllaði undir.

Gerrard áttaði sig þó fljótt, en rann þegar hann ætlaði að bjarga sér. Demba Ba hirti boltann og skoraði fram hjá Simon Mignolet. Þó að ferill Gerrard sé stórkostlegur er þetta eitt af atvikunum sem skilgreina feril hans. Að renna á ögurstundu er og verður grafið í stein í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

Átta dögum síðar spilaði liðið svo við Crystal Palace og klúðraði þriggja marka forystu niður í jafntefli á síðustu 11 mínútunum og endaði City sem meistari í annað sinn.

## Steven Gerrard

**Fæddur:** 30. maí 1980
**Fyrsti leikur:** 29.11.1998
**Síðasti leikur:** 24.05.2015
**Leikir alls fyrir Liverpool:** 710
**Landsleikir:** 114
**Titlar:** FA bikarinn 2001 og 2006, deildarbikarinn, 2001, 2003 og 2012. Meistaradeildin 2005.

# Sönn sæla að kúra með nýja sögu og sæta mola um jólin



## HAGKAUP




4.989 kr




4.499 kr




4.889 kr




7.499 kr




4.989 kr




6.899 kr

Gildir út 12. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




4.989 kr




4.989 kr




4.499 kr

# HAGKAUP




2.999 kr




4.689 kr




3.899 kr




5.399 kr




4.999 kr




3.799 kr




2.999 kr




3.899 kr

Gildir út 12. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




4.999 kr




7.999 kr




6.999 kr

# HAGKAUP




3.299 kr




3.099 kr




3.099 kr




3.999 kr




3.299 kr




3.399 kr




2.789 kr




4.299 kr




8.900 kr




4.999 kr




5.599 kr

# HAGKAUP




4.989 kr




4.999 kr




4.989 kr




4.999 kr




4.999 kr




3.899 kr




4.989 kr




4.989 kr

Gildir út 12. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.




4.999 kr




7.499 kr




4.989 kr

# HAGKAUP




5.499 kr




5.099 kr




3.899 kr




3.899 kr




4.989 kr




4.799 kr




5.299 kr




4.999 kr



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Úrelt jólastress

Á morgun er þriðji í aðventu og aðeins tæpar tvær vikur til jóla. Það er í ýmis horn að líta við undirbúning hátíðar ljóss og friðar, en fjöldi þeirra fer þó aðallega eftir því hversu mikið við sjálf leggjum upp úr hinum og þessum hefðum. Mín kynslóð ólst vissulega upp við strangar hefðir og flest tókum við stóran hluta þeirra áfram í okkar eigið heimilishald. Svona var þetta gert og svona skal þetta gert.

En … að ætla sér að gljáfægja heimilið, baka nokkrar sortir, dressa upp börnin, kaupa jólagjafir, fara með alla í klippingu, skreyta hátt og lágt, þrífa bílinn, hitta hvern einasta vinahóp sem þú hefur haft minnstu tengingu inn í, fara á jólatónleika, jólahlaðborð, jólaglögg, jólarölt, jólaball og í kjólinn fyrir jólin, er hreinlega ávísun á jólainnlögn á heilsuhæli vegna jólastreitu.

Það eru ansi margir siðirnir sem fyrri kynslóðir settu fá spurningarmerki við – en í dag þættu fullkomin firra, og legg ég til að jólastress fari í þann flokk!

> **„Mín kynslóð ólst vissulega upp við strangar hefðir og flest tókum við stóran hluta þeirra áfram í okkar eigið heimilishald.**

## Við mælum með

**Jólalest Coca-Cola**
Jólalestin keyrir sinn árlega hring um höfuðborgarsvæðið í dag á milli klukkan 17 og 20. Fyrir mörgum er það orðin skemmtileg jólahefð að sjá lestina á ferð um borgina, en í ár keyrir hún um í tuttugasta og sjötta sinn.





**Heimagerðu jólaföndri**
Fátt er jólalegra en föndur með fjölskyldunni á fallegum degi í desember. Við mælum með hvers kyns föndri í góðum félagsskap með kakó, piparkökur og jólatónlist. Til að mynda má föndra fallega engla úr pappír og hengja á jólatréð. Skemmtileg, skapandi og ódýr afþreying fyrir alla fjölskylduna. ■



Sólveig Gutaute, Sindri Leifsson, Pétur Magnússon, Wiola Ujazdowska og Justas Kazys ráða ráðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hvar er heima?

**Common Ground er samvinnuverkefni Nútímalistasafnsins – CoCa í Torun í Póllandi, Akademíu skynjunarinnar á Íslandi og Samtaka litáískra myndlistarmanna í Vilníus í Litáen. Afrakstur samstarfsins má berja augum í dag, laugardag, á Korpúlfsstöðum.**

bjork@frettabladid.is



Hópurinn á bak við verkefnið kemur frá Íslandi, Póllandi og Litáen.

Alls taka 18 myndlistarmenn þátt auk þriggja fræðimanna – mannfræðings, vistfræðings og heimspekings. Þær Anna Eyjólfsdóttir og Ragnhildur Stefánsdóttir eru forsvarsmenn Akademíu skynjunarinnar, sem stendur fyrir verkefninu. Ragnhildur er verkefnastjóri og Anna listrænn stjórnandi, sem hún segist frekar líta á sem titil en raunverulegt starf. Hún sé í rauninni eins og rótari fyrir myndlistarmenn. „Maður er bara að redda málunum, binda lausa enda og stússast,“ segir Anna hlæjandi.

Í byrjun desember komu hingað 15 þátttakendur frá Litáen og Póllandi til tveggja vikna dvalar með það að markmiði að vinna að verkefninu ásamt íslensku þátttakendunum. „Við hittumst alla morgna á Korpúlfsstöðum og byrjum daginn á morgunmat saman,“ segir Ragnhildur en vikurnar tvær eru nýttar í að kynnast og vinna. „Matur er hópnum hugleikinn og allt sem tengist mat. Matur og matarmenning sameinar okkur og aðskilur. Matur vísar í skort og ofgnótt. Matur hefur marglaga tilvísanir. Það er samfélagsleg athöfn að borða.“

Verkefnið er samstarfsvettvangur stofnana, myndlistarmanna og vísindamanna, með það að markmiði að skiptast á hugmyndum, þekkingu og reynslu, sem tileinkuð er hugtakinu sameiginleg jörð, eða common ground, og spurningunni: Hvar er heima?

**Heima er ekki hús**
Ragnhildur segir hugtökin heima og common ground vera mjög ólík, þó að þau feli í sér hugtakið að tilheyra stað eða svæði.

„Heima er staður en common ground er stærra svæði, getur verið jörðin öll. Þegar við hugsum um common ground þurfum við að skoða aðstæður okkar í heiminum í samhengi við umhverfisvána, hlýnun jarðar, heimsfaraldurinn, flótta fólks undan stríði og hungursneyð og svo framvegis,“ segir Ragnhildur.

„Spurningin: Hvar á ég heima? í samhengi við common ground er pólitísk, menningarleg, vistfræðileg og landfræðileg spurning í heimi hnattvæðingar, þar sem heimurinn skreppur ört saman vegna aukins upplýsingaflæðis og síaukins flæðis fólks á milli svæða. Spurningin hvar á ég heima? getur líka verið mjög persónuleg og einstaklingsbundin. Og í því samhengi er í mínum huga heima að geta sleppt öllu frá sér um stund.“

Anna bætir við: „Í mínum huga er heima ekki hús heldur tilfinning. Hugtakið sameiginleg jörð eða common ground, felur í sér umræðu um hlýnun jarðar, forvarnir og orsakavalda, flóttafólk og misskiptingu fjármagns, náttúrugæða og lífsgæða. Heimurinn þróast hratt í að verða þverþjóðlegur og landamæralaus.“

**Mikilvægt málefni**
Einn hluti Common Ground er þátttökuverkefni sem er tileinkað innflytjendum á Íslandi, og er þar meðal annars safnað hugmyndum fólks um hugtakið heima. Eru lesendur hvattir til að senda sínar hugmyndir um hugtakið heima og hvar það er, á netfangið: whereismyhome2021@gmail.com.

Í dag, 11. desember, klukkan 16, verður haldin sýning á Korpúlfsstöðum, og eru allir velkomnir að skoða afrakstur vinnunnar milli landanna þriggja. Þetta stopp er þó aðeins fyrsta af þremur, en vorið 2022 mun hópurinn hittast í Póllandi og síðan í Litáen í september 2022. Vorið 2023 verður svo sýning á niðurstöðum hópsins og gefin út bók um verkefnið.

Málefnið er sannarlega mikilvægt og eitthvað sem flestir hafa líklega leitt hugann að á einhverjum tímapunkti. „Hvernig sjáum við framtíðina fyrir okkur? Við verðum að leggja áherslu á að fara vel með okkar sameiginlegu jörð,“ segir þær Ragnhildur og Anna að lokum. ■

## ■ Í vikulokin



Ólafur Arnarson

# Eyðimerkurganga klofins borgarstjórnarhóps blasir við

Nú stefnir í hörð átök um forystusæti Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Eyþór Arnalds, sem leiddi listann fyrir fjórum árum eftir sigur í leiðtogaprófkjöri, óskar eftir endurnýjuðu umboði til að leiða listann og nú hefur Hildur Björnsdóttir, sem var handvalin í annað sætið fyrir fjórum árum, lýst því yfir að hún vilji leiða listann í vor.

Mikill klofningur hefur verið innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna á þessu kjörtímabili. Djúp gjá er milli fylkinga sem Eyþór og Hildur fara fyrir. Þau eru á öndverðum meiði í stærstu málum, til dæmis varðandi Borgarlínu, Laugaveginn og flugvöllinn í Vatnsmýri.

Líkur eru á að prófkjörsslagurinn eftir áramót verði endurómur prófkjörsins fyrir alþingiskosningarnar fyrr á þessu ári. Þá bar Guðlaugur Þór Þórðarson sigurorð af Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur.

Þarna tókust á hópar í kringum frambjóðendurna. Formaður og varaformaður flokksins, raunar allt flokkseigendafélagið, stóð við bak Áslaugar Örnu. Hildur og stuðningsfólk hennar var í þessum hópi. Guðlaugur Þór er með öfluga kosningavél í Reykjavík og meðal stuðningsmanna hans er Eyþór. Búist er við að hann muni njóta óskoraðs stuðnings Guðlaus í slagnum fram undan og því verður Eyþór að teljast mun sigurstranglegri en Hildur.

Fyrirsjáanlegt er að toppslagurinn í komandi prófkjöri verði Sjálfstæðisflokknum lítil lyftistöng. Eyþór höfðar ekki til almennra kjósenda í höfuðborginni og fátt bendir til þess að Hildur njóti fylgis út fyrir flokkinn. Hætt er við að kjörþokki beggja skaðist enn frekar í þeim atgangi sem fram undan er, þar sem ekki verður einungis tekist á um persónur heldur einnig stefnu Sjálfstæðisflokksins í stórum málum sem varða framtíð borgarbúa. Áframhaldandi eyðimerkurganga blasir við. ■

> **„Hætt er við að kjörþokki beggja skaðist.**


Við óskum
nýkrýndum Evrópumeisturum
til hamingju með árangurinn
VERSLUN


Andrea Sif fór í aðgerð á hásininni á þriðjudaginn. Hún segist hvergi nærri hætt en mun taka sér verðskuldaða hvíld næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Staðráðin í að missa ekki af þjóðsöngnum

**Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins í hópfimleikum, sleit hásin í næstsíðasta stökkinu sínu á EM. Hún heyrði hásinina slitna á leiðinni inn í stökkið. Eftir þrjú EM-silfur í röð, neitaði að hún að fara upp á sjúkrahús fyrr en að verðlaunaafhendingu lokinni og báru landsliðsþjálfararnir hana upp á pallinn.**


Magnús Heimir Jónasson
mhj
@frettabladid.is

Íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum varð Evrópumeistari um síðustu helgi með afar dramatískum hætti. Liðið vann mótið, sem fór fram í Portúgal, með minnsta mögulega mun er það fékk jafnmörg stig og sænska kvennaliðið en íslensku stelpurnar unnu á fleiri einstökum áhöldum.

Stelpurnar háðu harða baráttu við sænska liðið allt mótið og munaði ekki nema 0,6 stigum á liðunum fyrir síðustu umferðina. Til að setja það í samhengi fá lið í hópfimleikum heilt stig í frádrátt ef einn keppandi dettur og það var því minna en eitt fall sem skildi liðin að.

Það féll í hlut íslenska liðsins að loka kvennakeppninni og voru þær síðasta liðið til að keppa á síðasta áhaldinu er þær röðuðu sér upp hjá dýnunni. Allar aðrar einkunnir voru komnar í hús og sátu Svíarnir þægilega í efsta sætinu enda öll pressan á íslenska liðinu.

Áhorfendur höfðu séð sænska liðið gera mistök á síðasta áhaldinu sem gerði það að verkum að Ísland þurfti einungis að klára sín stökk til að vinna titilinn. Á meðan voru íslensku stelpurnar í æfingasalnum á fullu í undirbúningi og ákváðu landsliðsþjálfararnir að segja þeim ekki frá gengi sænska liðsins.

Eitt fall í fyrstu umferðinni olli hins vegar hnút í maga hjá íslensku stuðningsmönnunum. Íslensku stelpurnar áttu þá tvær umferðir eftir til að klára mótið.

**Heyrði hásinina slitna**

Í annarri umferð af þremur á dýnunni sleit svo landsliðsfyrirliðinn, Andrea Sif Pétursdóttir, hásin í uppstökki á leiðinni inn í tvöfalt heljarstökk með tvöfaldri skrúfu. Hún lenti illa, velti sér út af lendingardýnunni og lá kylliflöt með andlitið í gólfinu.

Í samtali við Fréttablaðið segist Andrea hafa heyrt vel í hásininni slitna þegar hún keyrði fæturna ofan í gólfið til að ná upp hæðinni fyrir stökkið en hásinin hafði strítt Andreu í næstum þrjú ár. „Ég var ekkert búin að vera að pæla í hásininni en svo heyri ég bara í uppstökkinu svipaðan smell og kemur úr dýnunni þegar maður neglir vel ofan í hana nema sjöfalt hærra og inni í hausnum á mér,“ segir Andrea sem hugsaði á leiðinni upp: „Þetta var hásinin.“

Andrea flaug hins vegar upp í loftið og gat lítið annað gert en að keyra inn í stökkið af krafti og vona það besta. Hún lenti fyrst á hnjánum og rúllaði sér af lendingardýnunni. Íslendingar í höllinni tóku andköf enda ljóst að nú stæði tæpt. Andrea hélt hins vegar að möguleikar Íslands væru úti.

„Ég ligg bara í gólfinu og hugsa: „Nei, nei, nei, við hefðum getað unnið þetta og ég er að klúðra þessu. Loksins þegar við vorum að fara að vinna þetta þá þurfti ég að gera eitthvað svona. Lenda á hnjánum, þannig ég fæ ekki einu sinni stökkið gilt,“ segir Andrea. „Ég lá bara með andlitið í gólfinu og hugsaði: „Þú ert að grínast í mér.“

Hún áttaði sig síðan á því á ögurstundu að hún þyrfti að gefa merki um að hún myndi ekki skila sér til baka í þriðju og síðustu stökkumferðina. Hún lyfti höfðinu upp úr gólfinu og renndi hendinni fram og til baka undir hökunni til að láta þjálfarana vita að þetta væri búið fyrir hana. „Ég veit ekkert hvert ég er að horfa eða hvort einhver sér þetta. Ég sá bara einhver ljós,“ segir Andrea. Þjálfararnir náðu hins vegar merkinu og fékk landsliðskonan María Líf Reynisdóttir merki um að hún þyrfti að hoppa inn í síðustu stökkumferðina.

Ásdís Guðmundsdóttir, sjúkraþjálfari kvennalandsliðsins, fór þá yfir til Andreu. „Ásdís spyr hvað hafi gerst gerst og ég sagði: Nú hásinin slitnaði, eins og hún ætti bara að vita það,“ segir Andrea létt.

„Ég reyndi að skríða aðeins áfram til að koma mér frá en það eina sem ég man er hvað ég fór hægt. Ég komst ekkert áfram.“

Andrea segir ástæðuna fyrir því að hún hafi verið svona róleg hafa verið að hún var búin að undirbúa sig andlega undir það að þetta gæti gerst enda hafði hásinin truflað hana árum saman. „Ef mér hefði ekki verið búið að vera svona illt áður hefði þetta verið miklu meira áfall.“

Ásdís og læknir á vegum mótshaldara tóku að grandskoða fótinn á Andreu sem hafði lítinn áhuga á hásininni og fylgdist æst með stelpunum klára síðustu umferðina. Kolbrún Þöll Þorradóttir, stigahæsta konan í liðinu, kláraði síðustu umferðina með stæl og fögnuðu stelpurnar afar vel er þær hlupu út úr keppnishöllinni á meðan Andrea varð að liggja eftir.

„Það er bara eitthvað verið að þreifa á mér og svo kemur einkunn Íslands upp á skjáinn,“ segir Andrea. „Ég byrjaði bara að öskra og hoppa á einum fæti til stelpnanna og Ásdís elti mig bara,“ segir Andrea sem tók ekki annað í mál en að fagna með liðsfélögum sínum. Ásdís sjúkraþjálfari segir í samtali við Fréttablaðið Andreu hafi rifið fótinn úr höndum sér og lítið verið hægt að gera í því. „Ég var með stórslasaða manneskju í fanginu sem stekkur bara upp eins og kengúra og ég horfi á eftir þessum ökkla skoppa þarna,“ segir Ásdís létt. Sjúkrateymið náði þó Andreu á endanum.

> ” Ég ligg bara í gólfinu og hugsa: Nei, nei, nei, við hefðum getað unnið þetta og ég er að klúðra þessu.


Andrea var ellefu ára gömul þegar hún handleggsbrotnaði í fimleikum og fór í aðgerð á báðum iljunum. MYND/AÐSEND

„Eftir það var ég tekin inn í sjúkraherbergið,“ segir Andrea. „Þar er ákveðið að ég þurfi að fara upp á spítala. Ég segi bara: Afsakið en ég er ekki að fara að missa af þjóðsöngnum. Ekki séns í helvíti. Ég er búin að bíða eftir því í ég veit ekki hvað mörg ár. Ég fer þarna frekar með hangandi fót,“ segir Andrea sem hefur þurft að hlusta á sænska þjóðsönginn þrjú Evrópumeistaramót í röð.

Sjúkraþjálfarar og læknar á svæðinu sáu að henni var alvara og fór svo að landsliðsþjálfarar kvennalandsliðsins, Þorgeir Ívarsson og Daði Snær Pálsson, voru sendir til að halda á henni upp á verðlaunapallinn.

„Þorgeir og Daði héldu á mér til skiptis og svo studdi ég mig við stelpurnar. Ég var ekkert mjög verkjuð þar. Ég var í sjöunda himni. Svo fór ég niður af pallinum, við tókum mynd og svo fór ég upp á spítala,“ segir Andrea.

**Áfall eftir slys í áhaldafimleikum**

Andrea Sif er ein reynslumesta landsliðskonan í liðinu og var þetta fjórða Evrópumeistaramótið hennar. Hún hefur þurft að bíta í það súra epli að lenda í öðru sæti á þremur Evrópumeistaramótum í röð þar sem íslenska kvennalandsliðið var grátlega nálægt titlinum í hvert einasta skipti.

Andrea hóf sinn fimleikaferil árið 2000, þá fjögurra ára gömul, í grunnhópum hjá Stjörnunni í Garðabæ. „Mamma og pabbi sendu mig í fimleika því ég var bara úti um allt,“ segir Andrea létt í bragði. „Á jólaskemmtunum var ég til dæmis með fimleikasýningar á göngunum á meðan hinir krakkarnir dönsuðu kringum jólatréð,“ segir Andrea og hlær. „Ég var mjög athyglissjúkt barn.“

Andrea hóf fimleikaferil sinn í áhaldafimleikum en fyrir þá sem ekki þekkja muninn er keppt á tvíslá, slá, stökki og gólfi í áhaldafimleikum kvenna en í hópfimleikum er keppt á dýnu, trampólíni og gólfi.

Þegar Andrea var ellefu ára gömul lenti hún slæmu slysi í áhaldafimleikum sem á stóran þátt í að hún færði sig yfir í hópfimleika árið 2008. „Ég var að gera gripskipti á tvíslá í mars árið áður þegar ég datt og lenti beint á bringunni. Ég fékk fæturna yfir mig og endaði í eins konar sporðdreka. Ég braut á mér olnbogann en það héldu allir að ég væri lömuð eftir þetta fall. Ég held að það hafi bjargað mér hversu liðug ég var í bakinu,“ segir Andrea.

Í kjölfarið fór hún í aðgerð á hendinni og báðum iljunum vegna of stuttra sina. „Þá var ég með gifs á þremur útlimum. Ég hafði verið að kvarta yfir iljunum við mömmu og pabba þegar ég var lítil og það var kominn tími á þá aðgerð. Maður má ekki vera of gamall þegar maður fer í slíka aðgerð og ég var komin á síðasta séns. Þannig að ég var heppin að ná henni,“ segir Andrea.

Eftir langt endurhæfingarferli átti Andrea erfitt með að fóta sig í áhaldafimleikum aftur.

„Ég átti erfitt með að fara aftur upp á tvíslána og svo fannst mér óþægilegt að fara upp á slána. Þetta var allt orðið frekar erfitt,“ segir Andrea sem vildi þó ekki hætta í fimleikum.

Svo heppilega vildi til að þjálfari Andreu í áhaldafimleikum þjálfaði einnig í hópfimleikum og »



Hjónin Hilmar Kári Þráinsson og Karen Ósk Halldórsdóttir eru bændur á Litlu-Reykjum í Reykjahverfi, en Hilmar er fimmti ættliðurinn sem stundar búskap á bænum. Hjónin eru hluthafar í Kjarnafæði Norðlenska hf. í gegnum Búsæld ehf., félag bænda.

# Sjáumst í eldhúsinu

Fyrirtækin Kjarnafæði, Norðlenska og SAH afurðir hafa sameinast undir nafninu Kjarnafæði Norðlenska hf. Okkar markmið er að tryggja það að neytendur geti ávallt stólað á gæði þegar þeir velja vörur undir okkar vörumerkjum.

Við óskum viðskiptavinum okkar góðs gengis í eldhúsinu yfir hátíðarnar.

KJARNAFÆÐI | NORÐLENSKA

» stakk upp á því að hún prófaði að skipta yfir. Hún hafði ekki verið nema tvö ár í hópfimleikum þegar hún var valin í unglingalandsliðið og fór á sitt fyrsta Evrópumeistaramót árið 2010.

Sama ár vann Íslandsmeistaralið Gerplu Evrópumeistaratitilinn fyrir Íslands hönd og breytti vegferð íþróttarinnar hér heima til muna.

Andrea var aðeins fjórtán ára gömul á sínu fyrsta Evrópumeistaramóti með unglingaliðinu og minnist þess eins að hafa alls ekki verið sú besta í liðinu.

„Við vorum nokkrar þarna fjórtán ára á meðan liðið var mestmegnis stelpur á menntaskólaaldri," segir Andrea. „Ég man bara að það var rosalega gaman," segir Andrea og hlær. Á þeim tíma var hún ekki nægilega góð til að keppa með liðinu á trampólíni en tók þátt í gólfæfingum og dýnu.

**Það gekk allt upp**

Árið 2012 kom svo seinni Evrópumeistaratitill Íslands í kvennaflokki en á sama móti varð Ísland einnig Evrópumeistari unglinga.

Andrea var þá farin að spila stærra hlutverk með unglingalandsliðinu og segir að árið 2012 hafi verið „draumaverkefni" hjá landsliðinu. „Það gekk allt upp," segir Andrea. „Við vorum ekkert að pæla í því að verða Evrópumeistarar unglinga heldur bara að komast í úrslit á því móti," segir hún.

Áhorfendur og aðrir keppendur fylgdust vel með unglingaliði Íslands á mótinu enda ljóst að virkilega öflug kynslóð fimleikakvenna var að koma upp. Andrea segir stelpurnar alls ekki hafa áttað sig á hvers vegna þær fengu svona mikla athygli. „Okkur fannst það rosalega gaman en pældum ekkert í því. Núna veit maður af hverju allir eru að fylgjast með okkur."

**Alltaf hársbreidd frá titlinum**

Athyglin á íþróttinni sprakk út eftir Evrópumeistaramótið 2012 og minnist Andrea þess þegar móttökunefnd tók á móti liðunum tveimur á Keflavíkurflugvelli.

Næsta Evrópumeistaramót var síðan haldið á Íslandi árið 2014 og ætlaði íslenska kvennalandsliðið sér að taka þriðja sigurinn í röð og nú á heimavelli.

Þó nokkrar stelpur úr unglingalandsliðinu sem vann titilinn 2012 voru komnar inn í kvennalandsliðið, þar á meðal Andrea.

„Þarna voru eldri stelpurnar búnar að vinna tvisvar þannig að við héldum bara að við gætum unnið," segir Andrea. Líkt og áður var Ísland í harðri baráttu við sænsku stelpurnar um titilinn og munaði ekki nema 0,3 stigum á liðunum í undankeppninni. Lykilmaður liðsins, Vala Sigfinnsdóttir, sleit krossband á stökki yfir hest á undanúrslitadeginum og þurfti liðið að aðlagast því.

„Við missum þar stelpu úr öllum stökkumferðum og það var alveg smá áfall fyrir liðið," segir Andrea.

Líkt og aðrar innanhússíþróttir á Íslandi hafa landsliðin í fimleikum ekkert íþróttahús til sinna afnota og fór mótið því fram í frjálsíþróttasalnum í Laugardalshöllinni með sérinnfluttri stúku. Íslendingar troðfylltu höllina og voru um fimm þúsund manns í sætum allt mótið.

Svíar höfðu þó betur með ekki nema 0,7 stigum og var því draumur íslenska kvennalandsliðsins um að öðlast titilinn á heimavelli fyrir bí.

„Það var mjög sárt," segir Andrea. „Þetta er samt örugglega eitt uppáhalds mótið mitt. Ég hef aldrei upplifað aðra eins stemmingu."

Þrautaganga kvennaliðsins hélt síðan áfram árið 2016 þegar liðið hélt til Maribor í Slóveníu. „Þá munaði 0,266 stigum. Það var virkilega fúlt því við áttum mjög gott mót," segir Andrea sem fékk þá aðra silfurmedalíu um hálsinn í Slóveníu.

Hún segir liðið augljóslega hafa skort smá reynslu í Slóveníu þar sem þreytan á þriðja keyrsludeginum náði þeim að lokum. „Við kunnum fullt en við náðum ekki að skila því þegar við vorum ógeðslega þreyttar. Þannig að við þurftum að breyta stökkumferðum," segir Andrea. „Við vorum kannski aðeins of ungar og óreyndar til að geta skilað góðum æfingum þrisvar í röð."

Vonbrigði liðsins endurtóku sig á ný í Odivelas í Portúgal árið 2018 er kvennaliðið tók enn eitt silfrið heim. Andrea segir liðið hafa verið virkilega sterkt árið 2018 en vantað örlítið upp á framkvæmd á trampólíninu.

„Við ætluðum okkur alltaf að vinna öll mótin og vorum alltaf að færast nær. Við vorum fyrst 0,7 stigum frá titlinum, svo 0,266 stigum og svo 0,2 stigum frá titlinum," segir Andrea sem augljóslega hefur ekki gleymt hversu litlu hefur munað á síðustu árum.



„Ég talaði um það eftir að ég sleit hásinina. Ég hefði meira verið til í að vinna mótið og slíta hásin heldur en að hafa fengið Covid og ekkert af þessu hefði gerst," segir Andrea Sif. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Íslenska kvennalandsliðið leyndi ekki ánægju sinni eftir að þær fengu bikarinn í hendurnar og hlupu um keppnishöllina. MYNDIR/STEFÁN ÞÓR FRIÐRIKSSON



Andrea í faðmlögum við Karen Sif Viktorsdóttur landsliðsþjálfara á meðan Ásdís sjúkraþjálfari reynir að komast að henni.



Þorgeir Ívarsson landsliðsþjálfari bar Andreu á bakinu svo hún gæti fagnað með íslensku stuðningsmönnunum eftir verðlaunaafhendinguna.




Eftir þrjá titla í röð fékk sænska kvennalandsliðið að hlusta á íslenska þjóðsönginn á Evrópumeistaramóti í ár. Í fyrsta sinn frá árinu 2012.

> Svo ræddum við um þetta eftir mótið: Jæja, nú er þetta komið – en við erum ekkert að fara að hætta – en það er gott að vita að þetta sé komið.

**Erum ekkert að fara að hætta**

Spurð hvort það hafi komið til greina að hætta eftir þriðja Evrópumeistaramótið hlær Andrea létt að blaðamanni. „Ég og Kolbrún Þöll (Þorradóttir) höfum oft talað um það að við myndum ekki hætta fyrr en þessi titill væri kominn í hús. Svo ræddum við um þetta eftir mótið: Jæja, nú er þetta komið – en við erum ekkert að fara hætta – en það er gott að vita að þetta sé komið," segir Andrea og hlær.

Hún segir þungu fargi hafi verið af sér létt þegar úrslitin voru ljós á mótinu í ár en álagið á landsliðinu var mun meira en áður, meðal annars vegna heimsfaraldurs Covid-19.

„Evrópumeistaramótið átti náttúrlega að vera í Danmörku í fyrra og við höfum aldrei verið jafntilbúnar og þá. Svo kom sumarfrí og fljótlega eftir það var okkur sagt að mótið hefði verið fært fram í apríl 2021. Þá var ákveðið að halda Íslandsmeistaramótið í september 2020 sem var svo frestað vegna bylgju."

Danir ákváðu síðan að halda ekki mótið og tóku Portúgalar við því. Stelpurnar fengu tæpt ár til undirbúnings. Skömmu fyrir mót fóru smittölur hækkandi og Andrea segir keppendur hafa haldið sig í eins konar sjálfskipaðri sóttkví til að forðast smit innan liðsins.

**Staðráðin í að klára mótið**

„Ég hefði frekar viljað vinna mótið og slíta hásin heldur en að hafa fengið Covid og ekkert af þessu hefði gerst. Ég er miklu frekar til í hálft ár af endurhæfingu. Ég komst á þetta mót, við unnum þetta mót og ég var búin að vinna að því í allt of langan tíma," segir Andrea.

Íslensku landsliðin lentu ítrekað í því að æfingum var frestað eða að þær væru færðar til vegna Covid-19 og þá gat Andrea hvílt hásinina. „Ég fann fyrir henni í september í fyrra og fór í sjúkraþjálfun. Síðan kemur Covid-bylgja og við stöðvum æfingar enda var húsinu lokað. Þá kemur verkurinn ekki aftur," segir Andrea. „Síðan togna ég í læri í maí. Þá minnka ég álagið og finn heldur ekkert fyrir hásininni þá. Svo kom þetta aftur upp núna þegar álagið jókst. Æfingar í mismunandi æfingasölum á mismunandi stífum áhöldum," segir Andrea. „Við minnkuðum álagið í nóvember. Þá fór þetta. Tveimur til þremur vikum fyrir brottför fór hún svo aftur að angra mig."

Hún segir það þó aldrei hafa komið til greina að klára ekki mótið. Adrenalínið hélt henni gangandi í gegnum undanúrslitin en í úrslitunum meiddi hún sig örlítið á gólfæfingum. „Ég var að gera forhoppið og mér leið eins og ég væri sein og flýtti mér aðeins inn. Ég lenti því hallandi eftir arabastökkið og flýtti mér í næsta spor."

Í upphitun fyrir síðasta áhaldið, dýnuna, var verkurinn hins vegar farinn. „Í upphitun gerði ég besta tvöfalt heljarstökk með tvöfaldri skrúfu sem ég hef gert á ævinni. Þannig ég fór inn á á dýnuna og hugsaði: Djöfull er ég í til í þetta," segir Andrea, en svo fór sem fór.

Þar sem mótið í ár var raun EM 2020 verður annað mót árið 2022. Andrea segist hvergi nærri hætt í fimleikum þó hún vissulega finni meira fyrir hásininni eftir aðgerð en í spennufallinu eftir mótið. „Stóra markmiðið er að ná EM aftur eftir níu mánuði en við verðum bara að sjá hvernig það fer," segir Andrea sem tekur sér verðskuldaða hvíld næstu mánuðina. ■


Skráningu lýkur á morgun!
Nám á þínum forsendum
Sveigjanlegt og fjölskylduvænt fjarnám
Umsóknarfrestur er til 10. desember
HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST
bifrost.is

# Sögulegt Evrópumeistaramót hjá Íslandi



Magnús Heimir Jónasson
mhj
@frettabladid.is

**Fjórtán lönd sendu lið á EM í ár og sendi Ísland landslið í fjórum flokkum: Unglingalandslið stúlkna, blandað lið unglinga og kvenna- og karlalið í fullorðinsflokki.**

Öll landslið Íslands náðu á verðlaunapall á mótinu sem hefur aldrei gerst áður og sýnir það þann mikla undirbúning sem Fimleikasamband Íslands, þjálfarar og keppendur, hafa lagt í verkefnið í ár undir erfiðum kringumstæðum vegna Covid.

Stúlknalandslið Íslands var hársbreidd frá því að gera Ísland að tvöföldum Evrópumeisturum er liðið endaði 0,1 stigi frá því sænska sem tók titilinn heim.

Stelpurnar geta þó borið höfuðið hátt enda gerðu þær frábært mót í úrslitunum. Þær voru í þriðja sæti eftir undankeppnina með 50,275 stig á eftir bæði bresku og sænsku stúlkunum.

Þær flugu hins vegar upp í 54,200 stig í úrslitunum og flugu yfir Bretana og söxuðu allverulega á forskot Svíanna. Stelpurnar tóku silfrið heim og er ljóst að framtíðin er svo sannarlega björt hjá Íslandi á næstu árum.

Blandaða unglingalandsliðið nældi sér síðan í bronsverðlaun en liðið, líkt og stúlknaliðið, átti frábær úrslit. Bætti liðið sig um næstum tvö stig úr undankeppninni og er ljóst að íslensku liðunum líður vel undir pressu. Jóhann Gunnar Finnsson flaug manna hæst á trampólíninu sem skilaði liðinu mikilvægum stigum.



Blandaða unglingalandsliðið nældi sér í brons á EM í ár. MYNDIR/STEFÁN ÞÓR FRIÐRIKSSON




Stúlknalandslið Íslands bar af á gólfinu á EM. Ísland var grátlega nálægt því að vinna tvöfalt á mótinu í ár.



Karlalandslið Íslands fagnaði ákaft eftir að Helgi lenti í síðasta stökki.

»

**Stúlknalandslið Íslands var hársbreidd frá því að gera Ísland að tvöföldum Evrópumeisturum. Stelpurnar geta þó borið höfuðið hátt enda gerðu þær frábært mót í úrslitunum.**

Rúmur áratugur er síðan Ísland sendi karlalið á EM síðast og verður að segjast að karlaliðið sem mætti til leiks í ár var vissulega í öðrum gæðaflokki en fyrri lið Íslands. Helgi Laxdal Aðalgeirsson, einn af lykilmönnum liðsins, lokaði mótinu með tvöföldu framheljarstökki með beinum líkama og tveimur og hálfri skrúfu en enginn hefur gert svo erfitt stökk á EM áður. Það ætlaði allt um koll að keyra bæði innan liðsins og hjá íslensku stuðningsmönnunum þegar hann negldi það. Íslenskt karlalandslið hefur aldrei lent á verðlaunapalli áður og fór svo að strákarnir nældu sér í silfur á mótinu í ár.

Þar sem Evrópumeistaramótið í ár átti í raun að fara fram 2020 eru ekki nema níu mánuðir í næsta mót. Það verður því virkilega gaman að fylgjast með liðum Íslands í eldlínunni aftur að ári. ■



Landsliðsþjálfararnir Björn og Hrefna voru í skýjunum með árangur Íslands. MYND/MAGNÚS H. JÓNASSON

# Erfitt að lýsa þessu

mhj@frettabladid.is

Yfirþjálfarar landsliðanna, Björn Björnsson og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir, voru einstaklega stolt af íslensku landsliðunum að móti loknu. Þegar Fréttablaðið náði af þeim tali strax eftir sigur kvennaliðsins áttu þau erfitt með að koma tilfinningum sínum í orð. „Það er erfitt að lýsa þessu. Við höfum beðið lengi eftir þessu. Í rauninni bara síðan 2012. Þetta hefur alltaf verið naumt en sennilega aldrei jafn naumt og núna. Það var virkilega gott að þetta lenti okkar megin enda voru stelpurnar frábærar. Þær lögðu sig allar fram og kláruðu þetta með stæl,“ sagði Björn.

Kvennalandslið Íslands var 0,950 stigum á eftir Svíþjóð í undankeppninni en liðið bætti sig um 3,1 stig í úrslitunum og skilaði sigrinum heim. Spurð um hvað hafi valdið því sagði Björn þjálfarana alltaf fara taktískt yfir undankeppnina og gera viðeigandi breytingar fyrir úrslitin. „Við lærum líka í undankeppninni hvað andstæðingurinn er að gera og hvernig þú þarft að byggja upp þitt

”

**Við höfum beðið lengi eftir þessu. Í rauninni bara síðan 2012. Þetta hefur alltaf verið naumt en sennilega aldrei jafn naumt og núna.**

prógramm til að hámarka árangurinn. Þannig að það er ekki skrýtið eins og við erum að sjá hjá stúlknaliðinu að þær eru að hækka sig um fjóra heila,“ sagði Björn. Hrefna bætti við að breytingarnar í ár væru ögn meiri en vanalega og skilaði það liðinu yfir línuna. „Það voru frekar miklar breytingar sem skiluðu okkur miklu. Við gerðum gólfið mjög öruggt og fengum rosalega háa gólfeinkunn,“ sagði Hrefna en bæði stúlkna- og kvennalið Íslands báru af á gólfinu. ■

# Kolbrún Þöll er stigahæsti liðsmaður íslenska kvennalandsliðsins

mhj@frettabladid.is

Kolbrún Þöll Þorradóttir er ein reynslumesta landsliðskonan í kvennalandsliðinu þrátt fyrir ungan aldur en hún varð 22 ára í gær. Kolbrún fær það hlutverk að vera síðust í öllum stökkumferðum íslenska kvennalandsliðsins enda þarf erfiðleikinn að fara stigvaxandi með hverju stökkinu. Kolbrún keppti með eitt erfiðasta stökk mótsins á EM bæði í undankeppninni og í úrslitunum er hún gerði tvöfalt heljarstökk með beinum líkama og þrefaldri skrúfu. Það trylltist allt í keppnishöllinni þegar Kolbrún lenti stökkið.

»

**Kolbrún, Tinna og Hekla hafa unnið allt sem hægt er að vinna.**

Það eru fá stökk sem gefa liðinu jafn mörg stig en Ísland þurfti á öllum sínum stigum að halda til að sigla sigrinum heim enda endaði liðið með 57,250 stig eins og Svíþjóð. Ísland fékk hins vegar 17,750 stig á trampólíni og Svíþjóð 16,600 stig og vann því Ísland á því að hafa unnið bæði gólf og trampólín.

Kolbrún var í unglingalandsliðinu sem vann EM árið 2012. Hún var einnig í lykilhlutverki hjá unglingalandsliðinu árið 2014 þegar mótið var haldið á Íslandi áður en hún fór upp í meistaraflokk.

Kolbrún Þöll, Tinna Ólafsdóttir og Hekla Mist Valgeirsdóttir hafa nú unnið allt sem hægt er að vinna í hópfimleikum. Þær hafa orðið Evrópu- og Norðurlandameistarar í unglinga- og fullorðinsflokki ásamt því að hafa orðið bikar- og Íslandsmeistarar með Stjörnunni. ■



Kolbrún Þöll var valin í lið mótsins á EM. MYND/STEFÁN ÞÓR FRIÐRIKSSON



Hekla Mist, Tinna Ólafs og Kolbrún einbeittar fyrir næstu stökkumferð. Þær hafa nú unnið allt sem hægt er í hópfimleikum. MYND/STEFÁN PÁLSSON


Jólagleði
ELLINGSEN
20% afsláttur af fatnaði, skóm, fylgihlutum og skíðavörum.
Skíðasetur Ellingsen opnar formlega í samstarfi við GG Sport. Notaleg stemmning, ristaðar möndlur, heitt súkkulaði og jólasveinar líta við klukkan 11.30, 14 og 16.30. Lítið við og klárið jólagjafakaupin í útivistarverslun fjölskyldunnar.
ELLINGSEN
Fiskislóð 1, Reykjavík / 580-8500 / Síðan 1916 / www.ellingsen.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum

# Hátíðaveisla



**2.498**
**kr./kg**




**Norðlenskt kofareykt**

**Kjarnafæði kofareyktur hangiframpartur**
úrbeinaður

**3.598**
**kr./kg**




**Norðlenskt kofareykt**

**Kjarnafæði kofareykt hangilæri**
úrbeinað

**2.498**
**kr./kg**




**Norðlenskt fjalla hangiframpartur**
úrbeinaður

**2.798**
**kr./kg**




**Norðlenskt fjalla hangilæri**
úrbeinað

**798**
**kr./kg**

**Stjörnugrís grísabógur**
ferskur eða reyktur
af nýslátruðu




**398**
**kr./pk.**




**Bónus graflaxsósa**
350 ml

**2.999**
**kr./kg**




**Norðanfiskur lax**
reyktur eða grafinn í flökum

**198**
**kr./kg**



**Ferskt rauðkál**
frá Hollandi



**698**
**kr./pk.**

**Frönsk andabringa**
250 g í pk. - frosin




**2.898**
**kr./pk.**

**Andalæri confit**
1350 g í pk.

Afgreiðslutími á bónus.is

Verð gildir til og með 12. desember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Íslandslamb hangikjöt

## birkireykt - úrbeinað




**3.498**
**kr./kg**

**Íslandslamb hátíðar hangikjötslæri**
birkireykt - úrbeinað



**1.398**
**kr./kg**
**m/beini**

**1.798**
**kr./kg**
**úrbeinaður**




**Þarf ekki að sjóða**

# Útkomna breiðskífan sem var samt ekki til



Hlín Leifsdóttir
hlinleifsdottir
@gmail.com

**Ólafur Arnalds frumflutti í sumar lög af nýjustu breiðskífu sinni, Some Kind of Peace, í hringleikahúsinu Odeon í Aþenu og ræddi í framhaldi við söngkonuna og rithöfundinn Hlín Leifsdóttur um tengsl og tengslaleysi, sigra og áskoranir á erfiðum tímum.**

Þegar tré fellur í skógi, en enginn heyrir, kemur samt hljóð?“ er spurt í gamalli ráðgátu. Á tímum samkomubanna glíma margir listamenn við tilvistarspurningar í anda hennar. Fyrir utan fjárhagslegt tjón upplifa margir flytjendur ákveðið tengslaleysi við að sjá aðdáendur aldrei bregðast við listinni í raunheimum. En listin finnur sér alltaf leið. Ólafur Arnalds er einn þeirra sem hafa uppskorið ríkulega fyrir starf sitt í þágu listarinnar á erfiðum tímum. Í nóvember voru Loom og Bottom Line, tvö laganna á nýjustu breiðskífu hans Some Kind of Peace, tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Breiðskífan var frumflutt í Aþenu í júlí síðastliðnum á fyrstu tónleikum Ólafs eftir langt hlé.

**Fokk!**

Á heitu sumarkvöldi, lágt í hlíðum Akrópólis, gengur látlaus ungur maður inn á sviðið í nærri tvö þúsund ára gömlu hringleikahúsi. Hann lítur ráðvilltur í kringum sig, virðir fyrir sér þúsundir andlita, flóðlýst hofin sem gnæfa fyrir ofan leikhúsið og stjörnurnar á næturhimninum. Hann gleymir stund og stað, og þúsundum sem horfa á hann, þar til hann rankar loks við sér og segir stundarhátt: Fokk!

Áhorfendaskarinn brestur í hlátur. Ekkert gat verið jafn óvænt á jafn virðulegum stað og einmitt þetta orð. Ekkert gat heldur verið jafn einlægt.

„Þetta er það sem fólk elskar við hann,“ útskýrir sessunautur minn, Vasilis. „Hann er svo eðlilegur. Hann er ekkert virðulegur, skilurðu, bara svona strákurinn í næsta húsi.“ Síðan horfir hann í kringum sig með stjörnur í augunum. „Þetta er stóri draumurinn minn,“ segir hann, „að fá að spila hérna.“

Vasilis er ekki sá eini. Fyrir neðan hringleikahúsið er löng göngugata full af tónlistarmönnum af öllum toga sem virða fyrir sér flóðlýst leikhúsið á meðan þeir spila fyrir vegfarendur. Ég hef oft tekið þá tali og allir sögðu þeir að æðsti draumur þeirra væri að spila á sviðinu í Odeon. Frá göngugötunni að sviðinu í hringleikhúsinu er örstutt leið sem þó er óralöng og fáum fær. Ætli sviðið í Odeon hafi ekki einnig verið helsti draumur allra listamanna Aþenuborgar fyrir nærri tvö þúsund árum?

Nú stendur Íslendingurinn á þessu langþráða sviði á fyrstu tónleikum sínum síðan Covid hófst. Að vísu kom síðasta breiðskífan hans út einhverjum mánuðum fyrr, en hafði þó ekki verið spiluð á sviði. Áður en hann hefur flutninginn trúir hann áhorfendum fyrir því að þangað til þetta kvöld hafi honum liðið eins og breiðskífan væri aðeins blekking, nánast eins og hann hefði bara dreymt hana. Því aðeins áhorfendur af holdi og blóði geti gert hugarfóstur hans áþreifanlegt. Nú getur hann loksins meðtekið að það sé raunverulega komið í heiminn.



**Ég trúi alltaf svolítið á að þetta sé níutíu prósent heppni.**

**Þakkaði ömmu sinni**

Ólafur setur tóninn með því að gefa áhorfendum hann. Hann spilar tón, biður áhorfendur að taka undir, og á meðan þeir syngja tekur hann raddir þeirra upp. Síðan blandar hann upptökunni inn í tónlistina það sem eftir er. Allt í einu er eins og áhorfendur eigi hlutdeild í tónleikunum, séu eitthvað meira en vitni að þessu undri. Rödd hvers einasta mannsbarns í salnum berst frá fornfræga sviðinu og við upplifum að einhvern veginn séum við öll orðin hluti af þessu listaverki. Það er fallegt og stjörnubjart kvöld og einhvern veginn er eins og við séum öll líka orðin stjörnur.

Það verður ljóst þegar líður á kvöldið að óformleg og einlæg framkoma listamannsins heillar aðdáendur hans ekki síður en tónlistin. Fyrir vikið hverfur fjarlægðin sem er venjulega milli tónlistarmanna og áhorfenda. Það er eins og þarna sé strákurinn í næsta húsi kominn til að spila tónlistina sína.

Og þegar Ólafur fer að tala um ömmu sína, Ásdísi Andrésdóttur Arnalds frá Neðra-Hálsi í Kjós, sem lét hann alltaf hlusta á klassíska tónlist þegar hann kom í heimsókn og hann þakkar fyrir að hafa gert sig að tónlistarmanni, líður okkur eins og við höfum óvænt lent á trúnó við listamanninn. Ólafur leikur svo fyrir okkur lag sem hann samdi til minningar um ömmu sína. Hann er einn á sviðinu að spila, án hljómsveitar, en á ákveðnum tímapunkti heyrum við hljóðfæri, sem ekki sjást á sviðinu, svara laglínunni, rétt eins og þarna sé amman að svara honum úr handanheimum. Sjaldan hefur maður séð fleiri tár falla á tónleikum en á þessu magnaða augnabliki.

Gleðin er þó nær en sorgin í Odeon þetta kvöld og hlátrasköllin ekki færri en á vel heppnuðu uppistandskvöldi. Þetta má ekki síst þakka því hvernig Ólafur höndlar óvæntar aðstæður, eins og þegar háværar skordýr taka undir tónlistina af miklum móð, og hann horfir gremjulega upp í loftið, kvartar yfir „samkeppninni“ og áhorfendaskarinn brestur í hlátur.

**Nándin mikilvæg**

Eftir tónleikana leikur mér forvitni á að vita hvort óvenju frjálsleg sviðsframkoma listamannsins sé í raun meðvituð. Það reynist rétt. „Ég ólst upp í pönkinu,“ segir Ólafur, „þar sem það þótti ekkert spennandi að tónlistarfólkið væri á einhverjum öðrum stalli en áhorfendurnir. Menn voru rosa mikið að stunda það að spila bara á gólfinu til dæmis, fyrir framan sviðið, til að vera á jafningjagrundvelli.“

Þegar Ólafur varð frægur og fór að spila í stærri höllum fannst honum eins og þessu nána sambandi áhorfenda og tónlistarmanns sem hann upplifði í minni sölum pönksins væri ógnað af virðuleika og stærð nýrra salarkynna.

„Það erfiðasta við að vera allt í einu að spila í þessum fínu tónleikahöllum er að ég er allt í einu kominn á svo háan stall,“ segir hann. „Þetta byrjaði að vera einhvern veginn partur af þessu hjá mér, að það fyrsta sem ég þyrfti að gera væri að brjóta niður þessa spennu, þessa ímynd um að fólk sé að gera eitthvað „merkilegt“, og bara koma öllum meira niður á jafningjagrundvöll og þá náum við miklu meiri nánd, á milli mín og fólksins. Þá náum við einhverjum tengslum sem manneskjur, sem fyrir mér er miklu meira virði heldur en einhvers konar upphafning tónlistarmannsins.“



Ólafur tekur upp raddir áhorfenda til að brjóta ísinn. MYND/ANNA MAGGÝ

**Áhorfendur þátttakendur**

*Skyldi þetta einnig vera ástæða þess að hann tekur upp raddir áhorfenda?*

Ólafur játar því. „Ég man nú ekki alveg hvernig þetta byrjaði,“ segir hann, „en þetta hefur alltaf verið leið til að brjóta ísinn. Ef andrúmsloftið er eitthvað stíft þá virkar þetta rosalega vel til að brjóta það upp og fá alla til þess að slaka aðeins á og taka þessu ekki of alvarlega. Fá fólk til að taka þátt í músíkinni sem það er að hlusta á. Þá eru þau orðnir þátttakendur en ekki bara áhorfendur. Þá er þetta orðið tveggja manna samtal.“

*En hvaða ráð myndi Ólafur gefa þessum ótal sálum sem dreymir um að fá að koma fram á Odeon, stærsta draumi allra grískra tónlistarmanna? Hvernig ná menn svona langt?*

„Ég trúi alltaf svolítið á að þetta sé níutíu prósent heppni,“ segir Ólafur hógvær. „Réttur maður, á réttum tíma, með réttu tónlistina, er bara heppni. Ég er með þessa tónlist á tímum þar sem fólk vill heyra þessa tónlist. Það er bara einhvers



konar tilviljun að mörgu leyti. En á sama tíma er auðvitað mikil vinna og mikill dugnaður, held ég, þarna á bak við. Það gerðist ekkert á einni nóttu. Ég er búinn að spila kannski hátt í þúsund tónleika úti um allan heim síðustu tíu árin. Það er helmingurinn af lífi manns, þannig að það er líka kannski bara það, að spila út um allt og halda ótrauður áfram í gegnum þetta allt sem kemur manni á stað.“

**Ekkert nema tölur á blaði**

***Hvaða áhrif skyldi Covid hafa haft á Ólaf sem listamann?***

„Ég myndi segja að ég hafi verið ágætlega heppinn að því leyti að ég var að gera plötu á þessum tíma,“ segir Ólafur. „Ég átti ekki að vera á tónleikaferðalagi. Það var ekki eins og lífi mínu hefði allt í einu verið snúið á hvolf. Ég átti hvort sem er bara að læsa mig inni í stúdíói, alla vega fyrsta árið. En núna á þessu ári átti auðvitað að vera fullt af tónleikum sem er búið að hætta við og fresta til næsta árs, sem verður svo kannski aftur frestað, maður veit aldrei. Ég myndi segja að þetta hafi svolítil áhrif upp á það að gera að núna þegar platan er tilbúin og komin út þá vill maður bara fara og spila hana á tónleikum. Það er kannski okkar helsta lifibrauð núna.“

Þó svo að tugir milljóna hafi hlustað á nýju breiðskífuna á netinu finnst Ólafi það ekki jafnast á við að fá loksins að spila fyrir áhorfendur aftur.

„Það er svolítið þannig,“ segir hann, „sérstaklega í dag, þá er hlustun náttúrlega mest á Spotify og netinu og þetta er ekkert fyrir mér nema tölur á blaði, maður sér að það hafa fjörutíu milljón manns hlustað á plötuna mína, en það er bara einhver tala á skjánum. Hún þýðir ekki neitt í rauninni. Og maður er vanur því að gefa út plötu og fara svo »

> ” Og maður er vanur því að gefa út plötu og fara svo og spila hana fyrir fólk, og ef það vantar, þá vantar eitthvað stórt í ferlið.

> ” Það erfiðasta við að vera allt í einu að spila í þessum fínu tónleikahöllum er að ég er allt í einu kominn á svo háan stall.





Ólafur Arnalds segir verðlaun listsköpunar sinnar vera að fá að ferðast víðs vegar um heiminn og sjá andlit fólks á meðan það hlustar á tónlist hans. MYND/ANNA MAGGÝ

» og spila hana fyrir fólk, og ef það vantar, þá vantar eitthvað stórt í ferlið. Það er mest gefandi hlutinn af ferlinu, það eru verðlaunin okkar, eftir að hafa unnið að plötu í ár, læst sig inni í dimmu stúdíói og ekki hitt vini sína og öll þessi vinna sem fer í að gera plötuna. Verðlaunin eru svo að fá að fara um heiminn og sjá andlit á fólki á meðan það heyrir músíkina.“

Sköpunargáfan finnur sér þó alltaf leiðir, hvað sem líður samkomutakmörkunum. Segja má að ástandið í heiminum hafi opnað Ólafi nýjar dyr í listsköpun sinni og orðið kveikjan að stuttmyndinni When We Are Born.

Í myndinni er glímt við spurninguna hvernig við getum fundið leiðina fram á við út úr þeirri einangrun og tengslaleysi sem heimsbyggðin hefur dvalið í undanfarin misseri. Um leið segir hún mun persónulegri sögu, byggða á lífi tónskáldsins, og skoðar siði, sambönd og innra landslag. Að sögn listamannsins var myndin tilraun til að skapa þetta sérstaka samband listamanns og áhorfenda sem getur venjulega aðeins myndast á tónleikum, á tímum þar sem það var utan seilingar.



Odeon, draumur allra grískra listamanna í nærri tvö þúsund ár.



Höfundur greinarinnar var viðstaddur magnaða tónleika Ólafs í Aþenu.



Hofin sem gnæfa yfir leikhúsinu eru flóðlýst í myrkrinu.

**Hugmyndir gerjast í hópi**

Orð Ólafs leiða hugann að því hvernig ófáir áhorfendur brustu í grát þegar hann flutti „Lag fyrir ömmu“ einn á sviðinu, og falin hljóðfæri byrjuðu skyndilega að svara laglínunni. Eftir tónleikana varð mér ljóst af samræðum við áhorfendur að þeir virtust hafa túlkað þetta augnablik þannig að hljómsveitin væri amman að svara honum úr handanheimum.

*Var þessi skilningur í samræmi við ætlun listamannsins?*

„Já, það er það algjörlega,“ segir Ólafur. „Það er alveg rétt. Ég man svo sem ekki hvernig þetta byrjaði. Þetta er einn af þessum hlutum sem byrja að gerjast með tímanum á tónleikaferðalögunum. Fyrstu skiptin sem ég spilaði þetta lag þá kláraði ég það alltaf bara einn, það

> Og þannig byggist þetta upp og verður loks algjörlega fullkomið.

voru engir strengir að spila baksviðs. Svo einhvern veginn gerjaðist hugmyndin í hópi, einhverjir í hljómsveitinni fóru að leika sér að spila eitthvað en enginn heyrði í þeim á sviðinu, og einhver annar heyrði í hljóðfæraleikinn og hugsaði: „Þetta er svona eins og amman sé að svara þér.“ Og þannig byggist þetta upp og þetta verður loks algjörlega fullkomið, en það er ekki þannig að hugmyndin hafi beint komið upp á einhverjum ákveðnum tímapunkti. Fallegt hvernig hugmyndir gerjast stundum í hópi.“

Líklega er það hvernig hópur flytjenda getur dýpkað og stækkað upprunalegt ætlunarverk tónskáldsins, eins og í Lag fyrir ömmu, náskylt því hvernig áhorfendur á tónleikum gera breiðskífur loksins „raunverulegar“ eins og Ólafur lýsir því. Þannig eru öll bestu listaverkin samlistaverk í einhverjum skilningi.

Það á svo sannarlega við um When We Are Born þar sem hljóðfæraleikarar, dansarar og kvikmyndalistarmenn tvinna saman krafta sína á einstakan hátt en myndina má nálgast á Amazon Prime. Myndin er hugsuð sem hluti af breiðskífunni Some Kind of Peace sem finna má á vefslóðinni somekindofpeace.com og enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

En hvernig er það annars, þegar tré fellur í skógi og enginn heyrir, kemur samt hljóð? ■


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
Hjólafesting
á bíl
frá 3.995
Viðgerðar-
kollur
9.995
Jeppatjakkur
2.25T
19.999
Viðgerðarbretti
9.995
44.995
Vélagálgi 2T
Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795
AirBrush
loftdæla
19.995
1.999
Álskóflur
9.985
Vélastandur 500kg
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum
38.995
Verkfæraskápur
á hjólum
99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.995
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
15.995
Ranamyndavél
Bón og bílavörur
í miklu úrvali
Verðmæta-
skápar
frá 4.995
2xLED
kastari á
standi
9.999
Lyklabox
í miklu
úrvali
4.995
Verkfærasett
2.985
Barnaverkfærasett
Lím-
byssur
frá 995
Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir
13.995
Flísasög 80mm
Stigar og
tröppur í úrvali
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
Útskurðarsett
24.995
Súluborvél 350W
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm
19.995
Metabo
KS216 bútsög
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:
Listverslun.is
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Aðfangadagur uppáhalds dagurinn



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Þórunn Ívarsdóttir, eigandi verslunarinnar Valhnetu, er mikið jólabarn og elskar að gera notalegt í kringum sig þegar myrkrið leggst yfir. Skrautið fer snemma upp á hennar heimili en líka snemma niður.**

Ég hef verið alveg jólaseríuóð síðan ég var krakki en við pabbi skreyttum alltaf mikið saman og ég er örugglega að halda svolítið í það,“ segir Þórunn aðspurð út í skreytingar heimilisins sem hún segir að megi byrja að fara upp 15. nóvember.

„Ég flokka jólaskrautið mitt í tvo kassa og í kassa eitt er alls konar látlaust sem má fara upp snemma og svo skreyti ég tréð aðeins seinna,“ segir hún en tekur fram að sér finnist gott að fá öll ljósin upp strax.

Þórunn rekur verslunina Valhnetu með bestu vinkonu sinni, Gyðu Dröfn, og segir hún jólaundirbúninginn hafa talsvert vikið fyrir önnum í versluninni.

„En það er líka orðið partur af jólunum að eyða heilu kvöldunum í að pakka pöntunum með bestu vinkonu sinni langt fram á nótt. Ég veit að við gleðjum ansi mörg lítil hjörtu þessi jól og það gefur manni svo mikið,“ segir Þórunn en verslunin sérhæfir sig í vönduðum og vistvænum vörum fyrir börn upp í sex ára. „Þessi jól hafa dúkkurnar okkar slegið í gegn og við höfum varla gert annað en að pakka þeim inn.“

> **Ég flokka jólaskrautið mitt í tvo kassa og í kassa eitt er alls konar látlaust sem má fara upp snemma og svo skreyti ég tréð aðeins seinna.**

**Gaman að vera á síðustu stundu**

Þórunn segir lítið um jólastress á heimilinu. „Ég elska að gera allt í rólegheitum og er oft á síðustu stundu með sumar gjafir en finnst það líka oft snúast um það að labba í bænum og finna hina fullkomnu gjöf. Svo er ég líka alltaf að bæta við gjafirnar hjá öllum. Mér finnst mjög gaman að gefa fallegar gjafir.

Jólin snúast bara um samveruna og að hafa það notalegt saman. Horfa á jólamyndir, fara út að renna á sleða, fá sér heitt súkkulaði og svo er það sörubaksturinn með mömmu.

Mér finnst aðfangadagskvöld svo hátíðlegt og fallegt kvöld að það er örugglega uppáhaldsdagurinn minn á árinu,“ segir Þórunn en aðspurð segist hún taka skrautið snemma niður enda hluti þess verið uppi frá því um miðjan nóvember.

„Ég fæ dauðleið á skrautinu strax á milli jóla og nýárs og tek flest niður fyrstu vikuna í janúar en leyfi ljósunum oft að loga út febrúar.“ ■



Þórunn segist mikið jólabarn og jólaseríuóð. Hún byrjar að skreyta smátt og smátt um miðjan nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Jólatréð er komið upp á heimilinu en verður skreytt þegar nær líður jólum.



Glæsilegir pakkar bíða eftir að komast til eigenda sinna.



Uppáhalds jólaskrautið er handverk eftir dótturina.



Þórunn bætir við einu jólatré frá Vigt á hverju ári.



Þórunn skipti um borða á Georg Jensen óróunum.



Þessi skemmtilegi álfur gegnir mikilvægu hlutverki og fer á stjá á nóttunni.




Falleg kerti setja sinn svip á heimilið, ekki síst á jólum.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**LAUGARDAGUR** 11. desember 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

# Dásemdarkjólar í sönnum jólaanda

Það ríkir sannur jólaandi í miðbænum og fólk er komið í jólaskap, að sögn Hildar Yeoman fatahönnuðar sem rekur verslun undir eigin nafni að Laugavegi 7. Verslunin hefur stækkað og úrvalið aukist mikið að undanförnu. **2**



Hildur Yeoman fatahönnuður hefur rekið eigin verslun með fallega vöru í fjögur ár. Hönnun hennar hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK








Í versluninni Yeoman er mikið úrval af alls kyns fallegum tískufatnaði til jólagjafa.



Hildur og samstarfskonur hennar, Embla Óðinsdóttir og Alexandra Jónsdóttir, skarta hér fallegum jólakjólum sem eru íslensk hönnun. MYND/AÐSEND

Hildur hefur langa reynslu í fatahönnun en hún útskrifaðist árið 2006. Jólalínan hennar sem nú er komin í verslunina hentar öllum aldri og misjafnri líkamsbyggingu. „Við erum með stærðir frá extra small–xxl og höfum einstaklega gaman af því að aðstoða konur við val á réttri flík,“ segir Hildur. „Við erum með mikið úrval af fallegum kjólum fyrir jólin, skvísulegum buxnasettum, partítoppum, flauelskjólum og kjólum skreyttum pallíettum. Fullkominn klæðnaður fyrir þennan skemmtilega árstíma,“ segir hún. „Við erum með margvísleg snið, bæði stutta og síða kjóla, og mismunandi mynstur. Ég myndi segja að við værum með heildarpakka fyrir konur, yfirhafnir, skó og hvað sem þær vantar,“ segir Hildur.

**Mikið vöruúrval**

„Verslunin hefur stækkað mikið og um leið höfum við aukið vöruúrvalið. Við bjóðum til dæmis upp á djúsí glimmer-prjónafatnað í bland við hlý og mjúk prjónasett og peysur.

Við erum líka ofurspennt fyrir nýju sokkalínunni okkar sem er fyrir bæði kynin. Mynstrið í sokkunum og prjónasettunum er unnið út frá prentunum mínum,“ segir Hildur og bætir við að lögð sé mikil áhersla á að velja inn merki með góða umhverfismeðvitund. „Við erum sjálf að framleiða fatnað sem er gerður úr endurunnu plasti, þar get ég nefnt sundboli og marga af okkar frábæru partíbolum.

Við seljum einnig merki sem heitir Jakke en það sérhæfir sig í gervifeldum. Feldirnir eru unnir úr endurunnum plastflöskum. Dásamlegt merki fyrir dýravini og þá sem vilja ekki ekta feldi,“ segir Hildur og minnist einnig á að þau láti framleiða fyrir sig kerti hjá gömlu fjölskyldufyrirtæki í Grikklandi. „Kertin eru öll handgerð og mikið nostrað við hvert eintak,“ útskýrir hún.

**Glæsileg verslun í miðbænum**

Yeoman verslunin er fjögurra ára en það er eitt ár síðan hún flutti af Skólavörðustíg yfir á Laugaveg í stærra og glæsilegra húsnæði. „Við erum alltaf að bæta við okkur og breikka vöruúrvalið. Við erum að selja okkar eigin hönnun en erum einnig með vörur frá öðrum sem passa vel inn í okkar heim. Það er svo margt fallegt sem fæst hjá okkur núna til jólagjafa. Við erum með margvíslega skartgripi og höfum nýlega bætt við okkur Maanesten skartgripum en þeir eru dönsk hönnun. Dásamlega fallegt skart með náttúrusteinum. Skartið er framleitt úr endurunnu silfri.

Þá get ég nefnt Miss Patisserie sem eru æðislegar baðbombur og sápur sem við vorum að taka inn. Þær eru vegan og einstaklega litríkar og fallegar. Þetta eru allt mjög góðar jólagjafir sem koma í fallegum pakkningum sem henta vel undir jólatréð,“ segir Hildur en þess má geta að hún selur hönnun sína víða um heim.

> **Miðborgin er svo dásamleg í desember og það ríkir svo mikill jólaandi. Margir gera sér ferð í bæinn til að kíkja í verslanir og fá sér jólaglögg eða fara út að borða.**

**Heillar tónlistarfólk**

Tónlistarfólk hefur heillast af vörulínunni og meðal þeirra sem hafa verslað við Hildi eru Taylor Swift, söngkonan Cher og Björk okkar að ógleymdum Kardashian-systrum. Sjálf hefur hún alltaf haft mikinn áhuga á tónlist. „Ég hef fengið mikla athygli erlendis og það er einstaklega ánægjulegt. Einnig hafa erlendir ferðamenn í Reykjavík komið til okkar og eru hrifnir af íslenskum hönnunarvörum. Íslendingar eru líka stoltir af að kaupa íslenskt og það hefur aukist mikið,“ segir Hildur sem segist leggja áherslu á að vera með fatnað fyrir allar konur. „Við leggjum metnað okkar í faglega þjónustu og aðstoðum við val á jólakjólum. Að sjálfsögðu aðstoðum við einnig eiginmenn sem eru að leita að jólagjöfum á eiginkonuna,“ segir Hildur. „Starfið hefur undið upp á sig og ég er með mjög gott starfsfólk með mér,“ segir hún.

Verslunin Yeoman er opin alla daga til jóla og eftir 16. desember hefst kvöldopnun.

„Miðborgin er svo dásamleg í desember og það ríkir svo mikill jólaandi. Margir gera sér ferð í bæinn til að kíkja í verslanir og fá sér jólaglögg eða fara út að borða,“ segir hún. „Við ætlum að vera með uppákomur annað slagið til jóla til að gæða lífið enn meiri jólaanda.“

Yeoman er á Laugavegi 7, við hliðina á veitingahúsinu Ítalíu, bílastæðahús við Hverfisgötu er fyrir aftan verslunina svo aðgengi er gott og næg bílastæði. Yeoman er með öfluga vefsíðu: hilduryeoman.com og sendir um allt land og út um allan heim. ■

Yeoman er bæði á Facebook og Instagram þar sem fylgjast má með nýjungum frá henni.



Kjólarnir eru með mismunandi mynstri, hver öðrum fallegri.



Fallegu kertin sem eru handunninn í Grikklandi.



Sokkarnir sem framleiddir eru eftir prentum frá Hildi.



Skartgripirnir frá danska fyrirtækinu Maanesten eru eftirsóttir.







Það er auðvelt að finna góða jólagjöf hjá Yeoman á Laugavegi.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.




Fæst einnig í: Ellingsen Granda · Ísfell verslun Húsavík · Útisport Akureyri

@ggsport.is
@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

# Árstíðabundið skraut í flæðandi og stöðugri mótun



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

**Vöruhönnuðurinn Rebekka Ashley Egilsdóttir hannaði skemmtilegt jólaskraut í ár, búið til úr textíl sem hún fann í fjörunni.**

Rebekka Ashley Egilsdóttir, verkefnastjóri hjá Klifinu, vöruhönnuður og plötusnúður, segir jólin alltaf hafa verið uppáhaldshátíðina sína frá því hún var barn. „Ég var alltaf rosalega spennt fyrir því að fá lítið nammi í skóinn á hverjum degi og finnst frekar mikið svindl að fá það ekki lengur. Það sem er samt skemmtilegast við jólin er að hafa það notalegt og njóta huggulegra samverustunda með góðu fólki.“

> „Ég hef tekið göngutúra í fjörunni og safnað að mér textíl og efnivið sem ég finn hverju sinni.



„Að jólunum loknum er því hægt að rekja vefnaðinn upp og skapa nýtt verðmæti úr textílnum,“ segir Rebekka Ashley Egilsdóttir vöruhönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Abstrakt aðventudagatal komið á vegginn. Rauðu kögrin tákna eld, eins og til dæmis aðventukerti, og grænu þræðirnir, sem eru þrettán talsins, eru skírskotun í íslensku jólasveinana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Hér má sjá fyrstu skrefin í gerð aðventudagatalsins.



Allir afgangs þræðir fóru inn í glærar jólakúlur og nýtast einnig sem bönd til upphengingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Textíll úr fjörunni

Hún segist aldrei hafa hannað eigið jólaskraut af ásettu ráði fyrr en núna og aldrei keypt jólaskraut. „Ég og kærasti minn keyptum nýlega íbúð í miðborginni sem hefur ekki geymslu og því er enginn staður á heimilinu fyrir árstíðabundna hluti.

Í ár langaði mig þó til að hanna og skapa jólaskraut sem er hægt að taka í sundur og nýta í eitthvað annað síðar. Það væri gaman ef árstíðabundið skraut væri flæðandi og í stöðugri mótun. Því ákvað ég að vefa mér nokkurs konar abstrakt aðventudagatal úr textíl sem ég fann í fjörunni í hefðbundnu jólalitunum. Rauðu kögrin tákna eld, eins og til dæmis aðventukerti, og grænu þræðirnir, sem eru þrettán talsins, eru skírskotun í íslensku jólasveinana okkar. Allir afgangs þræðir fóru síðan inn í glærar jólakúlur og nýtast einnig sem bönd til upphengingar. Að jólunum loknum er því hægt að rekja vefnaðinn upp og skapa nýtt verðmæti úr textílnum.“



Hér er Rebekka að rekja reipið í sundur til að ná í grænu þræðina.



Göngutúrar í fjörunni gefa oft textíl og efnivið sem hægt er að nýta.

### Endurskapar verðmæti

Það er henni mikið hjartans mál að hafa skilning á efniviðnum sem er alls staðar í kringum okkur og hvernig við getum endurskapað verðmæti úr þeim. „Ég hef tekið göngutúra í fjörunni og safnað að mér textíl og efnivið sem ég finn hverju sinni. Í aðeins einni ferð fann ég mikið magn af ofnu fiskineti og reipum sem voru skemmtilega græn og rauð. Ég tók alla þræðina í sundur og endurófteXtílinn í nýjan jólabúning, það er nýja aðventudagatalið mitt.“

### Öðruvísi jólagjafir

Rebekka ætlar ekki að taka þátt í jólastressinu og segist forðast verslunarmiðstöðvar á þessum árstíma. „Mér finnst fókusinn á að kaupa bara einhverjar vörur á jólunum ekki vera í samræmi við jólaandann og ýtir bara undir óþarfa neyslu og rusl. Það væri gaman ef við tækjum okkur saman og gæfum hvort öðru aðeins handunnið dótarí og jafnvel notaðar gersemar í ár. Eða jafnvel frumsamið lag eða einhvers konar gjörning.“ ■



Verslun Guðlaugs A Magnússonar
Skólavörðustíg 10
101 Reykjavík
sími 562 5222
www.gam.is



FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job





## Einstakt tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif í loftslagsmálum

**Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða metnaðarfullan og framsækinn einstakling til að vinna að kolefnisjöfnun fyrirtækisins en markmiðið er kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.**

Meðal verkefna er að þróa tækni og aðferðir sem miða að því að hægt verði að fanga koltvísýring frá rafgreiningu súráls, að fylgja eftir kolefnisáætlun ISAL og taka þátt í ýmsum skyldum verkefnum innan fyrirtækisins.

Viðkomandi mun starfa með fjölbreyttum hópi innlendra og erlendra sérfræðinga í Straumsvík og innan Rio Tinto að því að minnka losun og auka bindingu kolefnis.

ISAL stefnir á að verða fyrsta álverið í heiminum til að fanga og binda varanlegan hluta af þeirri losun kolefnis sem verður við rafgreiningu súráls. Frá árinu 1990 hefur heildarlosun ISAL dregist saman um 50% á sama tíma og framleiðslan hefur tvöfaldast.

Þrátt fyrir að vera með eina lægstu losun sem þekkist í áliðnaði í heiminum ætlum við að gera enn betur.

ISAL stefnir að því að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040 í samræmi við markmið Íslands í loftslagsmálum.

Rio Tinto og Carbfix hafa nýlega undirritað viljayfirlýsingu um samstarf á þessu sviði og meðal verkefna viðkomandi er að fylgja eftir markmiðum samstarfsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun, rannsóknum, tækniþróun og umbótastarfi er kostur
- Lausnamiðaður, sjálfstæður og drífandi einstaklingur
- Faglegur metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tungumálaþekking og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2022.**

Umsókn óskast fyllt út á riotinto.is, henni þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

RioTinto

JAFNLAUNAMERKIÐ 2019-2022

# Vélstjóri – Starfsfólk í framleiðslu

Bewi Iceland óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í nýja og glæsilega umbúðaverksmiðju sem er að rísa við Gleðivík á Djúpavogi. Stefnt er á að hefja framleiðslu í mars á næsta ári.

**Vélstjóri/vélamaður.** – Hefur m.a. umsjón með vélbúnaði, viðhaldi, viðgerðum, mótaskiptum o.fl.

Helstu hæfniskröfur:

- Vélstjórnar- eða tæknimenntun.
- Reynsla af umsjón og rekstri raf- og vélbúnaðar.
- Þekking á iðnstýringum er kostur.
- Reynsla í málmsmíði er kostur.
- Almenn tölvukunnátta, reynsla af viðhaldsforritum er kostur.
- Enskukunnátta.
- Stundvísi, samviskusemi og áreiðanleiki.
- Lyftararéttindi eru kostur.

**Starfsfólk í framleiðslu.** – Sjá meðal annars um daglega framleiðslu, stjórnun véla, afgreiðslu o.fl.

Helstu hæfniskröfur:

- Stundvísi, samviskusemi og áreiðanleiki.
- Reynsla af störfum við vélbúnað er kostur.
- Áhugi á vélbúnaði og sjálfvirkni er kostur.
- Almenn tölvukunnátta.
- Enskukunnátta.
- Lyftararéttindi eru kostur.

Bewi Iceland er nýtt fyrirtæki á Djúpavogi sem er að reisa 2800 m² kassaverksmiðju. Á Djúpavogi er mikill uppgangur í kjölfar uppbyggingar laxeldis á Austfjörðum. Djúpivogur er fjölskylduvænt samfélag með alla helstu þjónustu s.s. leikskóla, grunnskóla, verslanir og veitingastaði og þar sem auðvelt er að njóta náttúru og menningar

Bent er á að þetta er reyklaus vinnustaður, þ.e. verksmiðjan sjálf og umráðasvæði hennar.

Umsækjendum er bent á að senda inn umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið jon@bewi.is fyrir 31.12.2021.

Nánari upplýsingar veitir Jón Þór Jónsson verksmiðjustjóri, jon@bewi.is.

# Sérfræðingur í innra eftirliti og áhættustýringu

Vegna aukinna umsvifa óska Landsbréf hf. eftir kraftmiklum liðsmanni í innra eftirlit og áhættustýringu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í fjármálaverkfræði eða sambærilegt
- Þekking á áhættustýringu og fjármálamörkuðum (reynsla er kostur)
- Reynsla af notkun SQL fyrirspurnarmáls eða sambærilegs
- Þekking eða reynsla af forritun í C#, Python eða sambærilegu
- Greiningarhæfni, færni við úrvinnslu og framsetningu gagna
- Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar veitir:**

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa

Helgi.Arason@landsbref.is

410 2511

Landsbréf hf., sem er eitt öflugasta sjóðastýringarfyrirtæki landsins, er dótturfélag Landsbankans hf. og er sérhæfð fjármálastofnun á sviði eigna- og sjóðastýringar. Félagið rekur fjölda sjóða, bæði verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði.

**Starfssvið:**

- Greining og mat á áhættuþáttum í sjóðastarfsemi
- Þróun og viðhald áhættulíkana
- Úttektir og eftirlit
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk.**

**Starfsumsókn og nánari upplýsingar um starfið er að finna á atvinna.landsbankinn.is.**

LANDSBRÉF

CREDITINFO

# Viðmóts- og vefhönnuður (UX/UI hönnuður)

*Creditinfo er ört vaxandi, alþjóðlegt fyrirtæki á sviði miðlunar fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Tilgangur Creditinfo er að auka virði upplýsinga í þágu einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Á Íslandi vinnum við í samhentu teymi í verkefnamiðaðari vinnu-aðstöðu. Starfsemin er ISO 27001 vottuð, allar okkar greiningar eru unnar í vöruhúsi gagna og markmið okkar er bættur árangur á hverjum degi. Hjá félaginu starfa um 40 manns hérlendis og rúmlega 400 manns úti um allan heim.*

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Ásamt því að senda inn dæmi af fyrri verkefnum.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

**Creditinfo** leitar að öflugum viðmóts- og vefhönnuði til að slást í hópinn og vinna að metnaðarfullum verkefnum.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á stafrænni hönnun félagsins og gerð prótótýpa.
- Þátttaka í vöruþróun og hugmyndavinnu.
- Ábyrgð á vefsíðu félagsins.
- Önnur verkefni tengd markaðs-og kynningarmálum.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af viðmótshönnun, bæði UX og UI hönnun.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, eins og á sviði viðmótshönnunar, upplýsingafræði eða grafískri hönnun.
- Góður skilningur á notendaupplifun og flæði.
- Færni til að setja fram upplýsingar á skýran og fallegan hátt.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og reynsla af notkun Figma er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

PÍETA SAMTÖKIN

# Framkvæmdastjóri

*Píeta veitir fyrstu hjálp, aðgengilega þjónustu, stuðning og meðferð fyrir þá sem eru í sjálfsvígshættu og brú í úrræði fyrir aðra. Þjónustan er með öllu gjaldfrjáls og stendur til boða öllum þeim sem hafa náð átján ára aldri. Píeta samtökin vinna einnig að því að efla þekkingu og skilning á sálrænum sársauka og sjálfsvígum. Samtökin vilja vera leiðandi í forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum á Íslandi.*

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarna-dóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).**

**Píeta samtökin** leita að öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra sem hefur áhuga, getu og drifkraft til að leiða daglegan rekstur félagsins. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reynir á frumkvæði, lausnamiðað viðhorf og ríka samskiptahæfni.
Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Píeta samtakanna og starfar náið með henni.

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Mannauðsmál.
- Stefnumótun í samstarfi við stjórn og innleiðing stefnu.
- Yfirumsjón með kynningarstarfi og upplýsingagjöf.
- Samskipti við samstarfsaðila.
- Skipulagning og vinna að fjáröflun.
- Undirbúningur stjórnarfunda.
- Önnur verkefni í samráði við stjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og stjórnun þ.m.t. verkefnastjórnun.
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi færni í samskiptum.
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrift.
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Hæfni í tjáningu í ræðu og riti á íslensku.
- Reynsla af fjáröflun og geta til að virkja aðra í fjáröflunarverkefnum er kostur.
- Reynsla af störfum fyrir félagasamtök er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. desember næstkomandi.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Fjármálastjóri - Ásbrú fasteignir

Ásbrú fasteignir leita að fjármálastjóra, helstu verkefni fjármálastjóra eru utanumhald fjármála félagsins og dagleg stjórnun skrifstofu. Við leitum að drífandi aðila sem líkar að sinna fjölbreyttum verkefnum, býr yfir nákvæmni og skipulagi og hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum.

**Helstu verkefni**

- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og milliuppgjörum félagsins
- Fjárstýring, aðkoma að áætlanagerð og uppgjöri
- Stjórnun skrifstofu og samskipti við leigutaka
- Fjármálagreiningar og framsetning rekstrarupplýsinga
- Skýrslugerð og önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum

ÁSBRÚ
FASTEIGNIR

Ásbrú ehf. er framsækið fasteignaþróunarfélag með íbúða- og atvinnueignir. Félagið býður upp á fjölbreytt úrval íbúða, bæði til sölu og leigu, fyrir einstaklinga og fjölskyldur á Ásbrú í Reykjanesbæ.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar veitir:
**Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

STARF

# Ert þú glöggur greinandi?

Við leitum að þér, **sérfræðingi í viðskiptagreiningu og þróun markaða**, sem hefur áhuga á því að taka þátt í þeirri hröðu þróun sem er í síbreytilegum heimi endurnýjanlegrar orku. Þú hefur áhuga á orkumálum, framlagi þeirra til loftslagsmála og að þróa snjallar lausnir fyrir viðskiptavini okkar.

**Helstu verkefni:**
- greina markaði, t.d. innlenda og erlenda orkumarkaði og þá markaði þar sem viðskiptavinir okkar starfa
- vinna í þverfaglegu teymi sem metur viðskiptatækifæri á innlendum og erlendum orkumarkaði og áhrif alþjóðlegra loftslagsaðgerða á þróun markaða á heimsvísu
- veita almenna ráðgjöf innanhúss, vinna að framsetningu gagna og eiga í samskiptum við hagaðila

**Hæfniskröfur:**
- framhaldsnám og reynsla sem nýtist í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar**

Sótt er um starfið hjá Vinnvinn
vinnvinn.is

Landsvirkjun





# Tæknimaður – Heillandi uppbyggingarstarf á Vestfjörðum

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. leitar að tæknimönnum til að vinna með félaginu að uppbyggingar- og viðhaldsmálum í nýrri verksmiðju sem fyrirhugað er að reisa í Súðavík.

Fyrirtækið starfrækir verksmiðju á Bíldudal og mun verða unnið út frá henni að uppbyggingu verksmiðjunnar í Súðavík.

**Starfið býður** menntuðum vélstjóra, vélfræðingi, vélvirkja eða einstaklingi með sambærilega menntun upp á krefjandi og skemmtilegt verkefni. Tækjabúnaður er margþættur og áhersla er lögð á reynslu og lausnamiðaða hugsun í verki. Viðkomandi þarf að leysa margvísleg verkefni sem tengjast ekki beinni tæknivinnu á meðan á uppbyggingarvinnunni stendur. Það er verið að leita að metnaðarfullum og lífsglöðum samstarfsmanni.

Íslenska

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum er öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. desember nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**.

Upplýsingar veita: Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

KiDS COOLSHOP

# Við viljum stækka teymið!

KiDS Coolshop leitar að duglegum liðsmönnum í teymið og óskar eftir að ráða verslunarstjóra auk tveggja einstaklinga í afgreiðslustörf í verslun sinni í Kópavogi.

## Verslunarstjóri

Við leitum að áreiðanlegum og drífandi verslunarstjóra. Auk þess að bera ábyrgð á daglegum rekstri, mannauði og skipulagningu vaktaplans tekur verslunarstjóri fullan þátt í afgreiðslu, þjónustu og öðrum störfum í versluninni sjálfri.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar
- Ábyrgð á starfsmannamálum ásamt skipulagningu og utanumhaldi vaktaplana
- Umsjón með framsetningu og uppröðun í verslun
- Uppgjör og frágangur í verslun
- Söluráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af sambærilegu starfi og stjórnun er kostur
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Persónulegir þættir sem nýtast vel í starfi:**

- Góð leiðtogahæfni, áreiðanleiki og skipulagsfærni
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Frumkvæði og metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu
- Lausnamiðuð hugsun, geta til að vinna undir álagi
- Góð nærvera og drifkraftur
- Stundvísi og snyrtimennska

## Starfsfólk í afgreiðslu

Við leitum að áhugasömu og söludrifnu starfsfólki til að sinna afgreiðslustörfum og þjónustu viðskiptavina.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Söluráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Afgreiðsla á kassa
- Áfylling á vörur, tiltekt og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af afgreiðslustörfum
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Við viljum jákvætt og duglegt starfsfólk í hópinn sem hefur ríka þjónustulund og gaman af mannlegum samskiptum!

KiDS Coolshop er öflug erlend leikfangakeðja með fjölda leikfangaverslana í Evrópu með öflugt leikfangaúrval frá heimsþekktum framleiðendum og er stefnan að verða alltaf leiðandi í lágum verðum. Hjá KiDS Coolshop er fjölskylduvænt starfsumhverfi sem okkur þætti vænt að sjá þig verða hluti af. Nánari upplýsingar má finna á **www.coolshop.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **5. janúar 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RÍKISKAUP ADILI AÐ RAMMASAMNINGI



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Landbúnaðarháskóli Íslands



# LAUS STÖRF

## UMHVERFISSTJÓRI

**Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir því að ráða umhverfisstjóra. Umhverfisstjóri hefur umsjón með faglegri stefnu á sviði umhverfis- og loftslagsmála við skólann og framkvæmd hennar. Um er að ræða fullt starf. Möguleiki er á því að ráða viðkomandi í akademískt starf.**

### HELSTU VERKEFNI

- Innleiðing stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum
- Yfirumsjón með umhverfisbókhaldi skólans og umbótaverkefnum í umhverfis- og loftslagsmálum
- Innleiðing verkefna sem miða að kolefnishlutleysi skólans
- Uppbygging á erlendu samstarfi og fjármögnun alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunarverkefna sem snúa m.a. að landnýtingu og landnotkun
- Umsjón og uppbygging útisvæða á jarðeignum skólans m.a. í friðlandi fugla í Andakíl
- Kennsla á grunn- og framhaldsstigi og leiðbeining nemenda í rannsóknaverkefnum
- Birting greina og miðlun upplýsinga

### HÆFNISKRÖFUR

- Doktorsgráða í umhverfisstjórnun eða tengdum greinum er æskileg og krafa um meistaragráðu
- Góð tæknileg þekking á umhverfis- og loftslagsmálum
- Reynsla af verkefnastjórnun og alþjóðlegu samstarfi
- Reynsla af miðlun og kennslu
- Heiðarleiki og traust í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, drifkraftur og nákvæmni í vinnubrögðum

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrar- og fjármálastjóri **theodora@lbhi.is**
- Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri **gudmunda@lbhi.is**

**UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 10. JANÚAR 2022**

## DEILDARFULLTRÚI FRAMHALDSNÁMS

**Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir því að ráða deildarfulltrúa framhaldsnáms á kennsluskrifstofu skólans. Viðkomandi mun m.a. hafa umsjón með framhaldsnámi (PhD og MSc). Um er að ræða fullt starf.**

### HELSTU VERKEFNI

- Þjónusta og upplýsingagjöf til nemenda og kennara
- Umsjón með framhaldsnámi (PhD og MSc)
- Halda utan um lokaverkefni/verkefnisvinnu í samvinnu við leiðbeinendur
- Samræming og samþætting kennslu í samvinnu við kennara
- Samstarf við utanaðkomandi aðila er tengjast leiðbeiningu lokaverkefna eða kennslu
- Vinna við ýmis kerfi og gagnagrunna sem tengjast nemendabókhaldi, upplýsingamiðlun, framkvæmd kennslu, prófa og útskrift nemenda
- Önnur tilfallandi verkefni

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Doktorsgráða er kostur
- Haldgóð reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun
- Reynsla og þekking á notkun upplýsingakerfa og gagnagrunna
- Góð samskiptahæfni
- Heiðarleiki og nákvæmni í vinnubrögðum

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri, **alfheidur@lbhi.is**
- Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri **gudmunda@lbhi.is**

**UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 10. JANÚAR 2022**

## LEKTORAR Í SKIPULAGSFRÆÐI OG LANDSLAGSARKITEKTÚR

**Laus eru til umsóknar störf lektora í skipulagsfræði og landslagsarkitektúr við deild Skipulags- og hönnunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.**

### HELSTU VERKEFNI

- Byggja upp alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir í skipulagsfræði, birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi.
- Leiðbeina nemendum í rannsóknaverkefnum og kenna námskeið á grunn- og framhaldsstigi.
- Þróa námskeið í grunn- og framhaldsnámi.
- Taka virkan þátt í störfum deildar eftir því sem þörf krefur.

### HÆFNISKRÖFUR

- Doktorspróf í skipulagsfræðum, landslagsarkitektúr eða skyldum greinum er nýtast í starfi.
- Þekking og reynsla af rannsóknum í skipulagsfræðum, landslags-arkitektúr eða tengdum fræðum.
- Umsækjandi hafi kynnt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi og hafi skýra framtíðarsýn varðandi rannsóknir og þróun fræðasviðsins.
- Reynsla af kennslu og áhugi til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu.
- Aðild að rannsóknarverkefnum og öflun rannsóknastyrkja í samvinnu við aðra er kostur.
### Heilsuvörur




## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




## Tilkynningar

### Einkamál



Ungleg, heilbrigð og reglusöm kona á miðjum aldri (158 cm á hæð, 65 kg), leitar eftir traustan, vandamálalausan, andlega- og líkamlega heilbrigðan, ekta Íslending, á miðjum aldri, ákveðinn í að upplífa áfram góða og skemmtilega stundir t.d. í komandi jól.
Skylirði:
menntaður á háskólastígi, hress, reglusamur, jákvæður og hjartagóður, úr höfuðborgarsvæðinu, með facebook eða skype.
S. 845 4219.

Æskilegt er að senda myndir á netfang: heimur2001@hotmail.com

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir húsasmið í vinnu. Þarf að vera vanur sökklum. Byggingarverkamann, kunna ensku eða íslensku. Uppl. í s. 893-5374 og nybyggd@gmail.com Björn








FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


## Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**




**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

# Jólaleikur Fréttablaðsins




## FINNUR ÞÚ JÓLASVEINANA Í FRÉTTABLAÐINU? ÞÚ GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

Dagana 11.- 24. desember munu jólasveinarnir birtast einhvers staðar í Fréttablaðinu þegar þeir koma til byggða.

**Til að taka þátt í leiknum þarft þú að:**

1. Finna jólasvein dagsins í Fréttablaðinu (suma daga verða þeir tveir)
2. Fara inn á **www.frettabladid.is/jolaleikur** og segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst jólasveininn eða -sveinana.

Daglega drögum við út einn heppinn þátttakanda sem svaraði rétt. Í lok leiksins drögum við út einn heppinn vinningshafa af öllum þátttakendum sem fær STÓRAN vinning. Það borgar sig að finna sem flesta jólasveina því þá aukast vinningslíkurnar til muna!

**Nánari upplýsingar um leikinn, vinningana og hvaða daga jólasveinarnir birtast í Fréttablaðinu er að finna á**
**www.frettabladid.is/jolaleikur**

## VINNINGAR



**14 x 10.000 kr. inneignarkort í Bónus**

**10 miðar á Jólagesti Björgvins, 18. des. (Fimm fyrstu vinningshafarnir fá 2 miða)**



ÍSLANDSHÓTEL

**1 x gisting og morgunmatur fyrir tvo hjá Íslandshótelum**

**14 x Quality Street - 1 kg.**



SMÁRABÍÓ

**26 x Gjafabréf í bíó frá Senu**



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

TIL SÖLU







## **Skildinganes 15** Skerjafjörður

**Reynistaður við Skildinganes. Einstakt einbýlishús á eftirsóttum stað. Um er að ræða 387 fm einbýlishús sem stendur á 1.911 fm eignarlóð.**

Eggert Claessen bankastjóri og hæstaréttarlögmaður eignaðist húsið 1922. Lét hann byggja við húsið og var þeim breytingum lokið árið 1924.

Hann nefndi hús sitt Reynistað eftir samnefndu stórbýli í Skagafirði þaðan sem hann var ættaður. Elsti hluti hússins er talinn vera byggður 1874.

**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093
kjartan@eignamidlun.is



ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐUM Í EIGNINA



### Grandavegur 42a
107 Reykjavík

Lyftuhús - stæði í bílageymslu | 76 fm | 2 herb.

**60.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882



### Eyrarholt 16
220 Hafnarfjörður

Fjölbýli | 92,9 fm | 4 herb.

**53.900.000**



**Kári Sighvatsson**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815



### Daggarvellir 6a
221 Hafnarfjörður

Íbúð, inngangur af svölum | 106 fm | 3 herb.

**49.900.000**



**Lárus Ómarsson**
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934

»

**Á mörgum heimilum tíðkast að skreyta jólatréð ekki fyrr en á Þorláksmessu og hjá sumum skal alls ekki tendra ljósin á trénu fyrr en á aðfangadag.**



Lengi hefur tíðkast að halda jólaböll á Íslandi þar sem gengið er í kringum jólatréð. Þessir krakkar mættu prúðbúnir á jólaball í leikskólanum Hlíðaborg í desember árið 1967. MYND/ LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Jólatré, jólabakstur, jólasveinar og jólaljós í gegnum tíðina

Aðfangadagur rennur upp eftir minna en tvær vikur. Margir standa nú í ströngu við að baka jólasmákökur, velja jólatré og skreyta og á morgun kemur fyrsti jólasveinninn til byggða. Hvaðan koma þessar jólahefðir sem við tengjum við jólin og hvernig hafa þær breyst í gegnum tíðina?

birnadrofn@frettabladid.is



## Aðventuljós

Hjá mörgum Íslendingum tíðkast að setja aðventuljós í glugga fyrsta sunnudag í aðventu og er slíkt ljós með vinsælla jólaskrauti landsins.

Miðað við vinsældir aðventuljósa mætti ætla að um ævafornan sið væri að ræða en talið er að fyrsta aðventuljósið hafi ekki borist til landsins fyrr en árið 1964. Það ár fór Gunnar Ásgeirsson kaupsýslumaður í verslunarferð til Stokkhólms. Þar keypti hann aðventuljós í jólagjöf handa nokkrum gömlum frænkum sínum.

Ljósin vöktu slíka lukku að Gunnar hóf að flytja þau inn og selja og nú má sjá þau í nærri hverjum einasta glugga í jólamánuðinum. ■



MYND/NORDICNEST



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Jólabakstur

Á fyrri hluta 20. aldar fór að bera á því að íslenskar húsmæður bökuðu hverja smákökusortina á fætur annarri. Því fleiri sortir, því betra. Líkleg ástæða aukins baksturs er talin vera fjölbreyttara vöruúrval og að bakarofnar voru orðnir almennari eign.

Segja má að dregið hafi úr kröfum um fjölda smákökusortanna með tímanum þó að á flestum heimilum sé enn eitthvað bakað fyrir jólin. Með enn fjölbreyttara vöruúrvali hefur það þó einnig aukist að fólk kaupi tilbúið smákökudeig og skelli í ofninn.

Hér er uppskrift að auðveldum jólasmákökum:

### Kókostoppar

250 g smjör
250 g sykur
250 g kókosmjöl
1 egg
100 g hveiti
75 g dökkt súkkulaði (saxað )

Smjör og sykur hrært þar til létt og ljóst, bætið þá eggi í og hrærið vel. Bætið við hveiti, kókosmjöli og súkkulaði. Bakið við 180°C þar til kökurnar eru fallega brúnar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Skórinn úti í glugga

Flest börn á Íslandi setja skóinn út í glugga aðfaranótt 12. desember þegar fyrsti jólasveinninn, Stekkjarstaur, kemur til byggða og færir stilltum börn eitthvað fallegt í skóinn en óþægum börnum kartöflu.

Sá siður að setja skóinn út í glugga kom fyrst hingað til lands í kringum árið 1930 með íslenskum sjómönnum sem sigldu um Norðursjó og kynntust hefðinni til dæmis í Hollandi. Þar var til siðs að börn settu skó í glugga aðfaranótt 6. desember með þá von í brjósti að heilagur Nikulás gæfi þeim eitthvað í skóinn.

Um miðja síðustu öld hafði siðurinn breitt vel úr sér og almennt varð að börn settu skóinn út í glugga. Mikil misskipting varð þó áberandi milli barna eftir því hversu vel efnaðar fjölskyldur þeirra voru. Þau ríku fengu meira og oftar í skóinn en þau fátækari.

Í lok sjöunda áratugarins var misskiptingin orðin slík að rekinn var mikill áróður bæði í fjölmiðlum og á leikskólum landsins gegn ósamræmi og óhófi í skógjöfum. Í kjölfarið komst sú regla á að jólasveinarnir kæmu þrettán dögum fyrir jól til allra barna, hvorki væru þeir fleiri né færri. Enn þann dag í dag hefur mikið verið um það rætt að jólasveinarnir skuli gæta hófs í gjöfunum og að börn sæti ekki misskiptingu þegar að þeim kemur. ■



## Jólatré og jólaböll

Fyrstu jólatrén á Íslandi munu hafa sést í kringum árið 1850 og þá aðallega hjá dönskum fjölskyldum eða danskmenntuðum fjölskyldum. Jólatrén urðu ekki algeng hér á landi fyrr en um aldamótin 1900. Árið 1952 fékk Reykjavík í fyrsta sinn stórt jólatré að gjöf frá Osló sem sett var upp á Austurvelli.

Jólatré standa nú í stofum flestra landsmanna á jólunum. Á sjálft aðfangadagskvöld eru þau miðpunkturinn þegar jólagjafirnar eru opnaðar því til siðs er að geyma gjafirnar undir trénu.

Á mörgum heimilum ríkir sú hefð að skreyta ekki jólatréð fyrr en á Þorláksmessu og hjá sumum skal alls ekki tendra ljósin á trénu fyrr en á aðfangadag. Í seinni tíð hefur það færst í aukana að fólk skreyti jólatréð fyrr og má jafnvel sjá það inn um stofuglugga landsmanna strax 1. desember.

Lengi hefur verið til siðs að halda jólaskemmtanir í skólum, leikskólum, á vinnustöðum, hjá félagasamtökum og nánast hvar sem. Á slíkum skemmtunum má gjarnan sjá jólatré á miðju gólfi sem svo er dansað í kringum. Þá mynda gestir hring í kringum tréð og ganga í kringum það, syngja sama hin ýmsu lög líkt og Adam átti syni sjö og Dönsum við í kringum einiberjarunn. ■



# GIRNILEG HELGARTILBOÐ

**GILDA: 9.– 12. DESEMBER**

## LAMBALÆRI
**LÉTTREYKT**




**40% AFSLÁTTUR**

**1.439 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.399 KR/KG

KJÖTSEL

---

KJÖTSEL



**25% AFSLÁTTUR**

**Hamborgarhryggur**
**1.338 KR/KG**
**ÁÐUR:** 1.784 KR/KG

---




**30% AFSLÁTTUR**

**Hangiframpartur**
Úrbeinaður
**1.959 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.799 KR/KG

---




**40% AFSLÁTTUR**

**Kalkúnalæri**
ísfugl - krydduð, með beini
**1.739 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.899 KR/KG

---

*Heilsuvara vikunnar!*




**25% AFSLÁTTUR**

**B-stress**
Guli miðinn, 100 töflur
**1.499 KR/PK**
**ÁÐUR:** 1.999 KR/PK

---



**30% AFSLÁTTUR**

**Gulrótarbrauð**
**489 KR/STK**
**ÁÐUR:** 699 KR/STK

---



**30% AFSLÁTTUR**

**Croissant**
með súkkulaði
**167 KR/STK**
**ÁÐUR:** 239 KR/STK

---

KJÖTBORÐ

**25% AFSLÁTTUR**




**Lambahryggur**
Hálfur, lundamegin
**2.849 KR/KG**
**ÁÐUR:** 3.799 KR/KG

---

**Klementínur**
1,5 kg netpoki
**674 KR/PK**
ÁÐUR: 899 KR/PK

**25% AFSLÁTTUR**



---

**30% AFSLÁTTUR**

KJÖTSEL

**Grísabógur**
Úrbeinaður og fylltur
**1.539 KR/KG**
**ÁÐUR:** 2.199 KR/KG



---




## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**

# Töpuð hjónabönd, bólusetningar í beinni og byltingar



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Fanney Birna Jónsdóttir og Máni Pétursson gera upp árið sem senn líður í aldanna skaut. Bólusetningar, MeToo, Bubbi Morthens, Instagram, talningarklúður og plastpokar er meðal þess sem bar á góma.**

Enda þótt þau Máni Pétursson og Fanney Birna Jónsdóttir hafi sagt skilið við umræðuþættina Harmageddon og Silfrið í haust gefa þau engan afslátt af skoðunum sínum á samfélagsmálum.

*Hvað stendur upp úr þegar litið er yfir árið 2021?*

**Fanney:** „Rétt eins og síðasta ár hafði Covid mikil áhrif. En það er eins og það sem gerðist, sérstaklega fyrripart árs, hafi bara gerst í annarri vídd, á annarri öld. Ég man að Kári var í einhverju debatti við sænska sóttvarnalækninn um hvernig okkur myndi ganga að bólusetja þjóðina, hvort það yrði búið fyrir sumarið. Svo eru bara allt í einu flestir þríbólusettir.“

**Máni:** „Instagram-mómentin sem verða tekin fyrir í Skaupinu eru af bólusetningum og eldgosinu. Það var eins og enginn hefði farið í bólusetningu án þess að hafa deilt því með okkur á netinu.“

**Sóttvarnaaðgerðir …**

**Máni:** „Íslendingar elska yfirvaldið og horfa því á þá sem eru á móti sóttvarnaaðgerðum sem skrítið fólk, þá sem eru að berjast fyrir frelsi. Hún sást í kosningunum, þessi foringjahollusta.“

**Fanney:** „Við erum öll íhald. Við erum náttúrlega bara mismunandi Shades of Grey af Framsóknarflokknum, það er bara svoleiðis.“

**Máni:** „Íslendingar eru allir Framsóknarmenn, ef það er eitthvað sem þessar kosningar sýndu okkur, þá er það það.“

**MeToo …**

**Máni:** „MeToo-byltingin sem kom upp núna var að einhverju leyti heiftúðugri en fyrri – en það voru líka alveg ástæður fyrir því. Það hafði ekki mikið breyst frá síðustu MeToo-byltingu og fólk er einhvern veginn búið að fá algjörlega fokking nóg.“

**Fanney:** „Í fyrri byltingunni voru það hópar kvenna sem stigu fram nafnlaust. Þær voru að blammera heilu stéttirnar: „Sjáið hvað við þurfum að díla við!“ Í fáum tilfellum var einhver nafngreindur. En núna eru þetta konur, að mestu leyti ungar konur, að stíga fram og nafngreina ákveðna karlmenn sem hafa brotið á þeim. Eðli málsins samkvæmt verður það heiftúðugra – en kröftugra að sama skapi.“

**Máni:** „Þetta verður það. Í fyrstu MeToo-byltingunni voru allir að taka þátt með hasstöggin sín og allt að frétta en síðan var ekkert gert. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þessu öllu núna. Og þetta verður ekkert skárra fyrr en einhver stjórnmálamaður ákveður að snúa þessari þróun við. Koma því þannig fyrir að hægt sé að ákæra í þessum málum, fá sekt þar sem við á og sýknu þar sem við á.“

**Fanney:** „Mér finnst rosa leiðinlegt þegar þessu málefni er stillt upp sem einhverjum öfgum. Og guð blessi stelpurnar í Öfgum og alla þá sem hafa talað með öfgafullum hætti í gegnum tíðina. Við værum ekki hér að ræða þetta ef ekki væri fyrir þær. En þú þarft ekkert að vera rosalega öfgafullur til að vera á þeirri skoðun að það séu brotalamir í þessum málaflokki og það hreinlega verði að gera eitthvað.“

**Máni:** „Allt þetta dæmi mun á endanum búa til betra samfélag. En stjórnmálamenn á Íslandi virðast uppteknir af einhverju allt öðru. Þeir eru til í að hoppa á alla vagna en gera svo ekki rassgat. Þetta er algjörlega verklaust fólk. Það er hægt að telja á fingrum annarrar handar það fólk á þingi sem gæti þegið sömu laun úti á hinum almenna vinnumarkaði. Enda er þetta fólk búið að vera duglegt við að skammta sér hærri laun og það eru bara fimmtán prósent þingmanna á venjulegum launum.

Gerandinn er alltaf sökudólgurinn en má ekki alveg segja að þetta sé líka samfélaginu, stjórnmálamönnum og lögreglunni að kenna? Reyndar er þetta ekki lögreglunni að kenna nema að því leyti að hún er fjársvelt. Það mætti til dæmis nota þessa 2,8 milljarða sem þingflokkarnir hafa skammtað sér í það að styrkja lögregluna og rannsóknir á svona málum.“

**Fanney:** „Það eru margir óbeinir og beinir gerendur í þessum málum. Við öll sem höfum kóað með alls konar hegðun í gegnum tíðina, svo þeir sem viljandi eru að brjóta á konum eða styðja slíka menn.“

**Máni:** „Þetta er líka vegna þess að samfélagið er svo lítið.“

**Fanney:** „Já, já, en við getum ekki skýlt okkur endalaust á bak við það.“

**Máni:** „Nei, nei, við getum ekki gert það. Mér finnst þó skrítið þegar verið er að kalla fólk inn í umræðuna. Það er eins og við eigum öll að vera þátttakendur í allri umræðu og pósta því á samfélagsmiðlum. Við megum alveg hafa skoðanir án þess að opinbera þær.“

**Fanney:** „Við Máni erum partur af þeim þjóðflokki sem hugsar allt of lítið áður en hann talar. En við biðjumst þá bara vægðar ef við segjum eitthvað vitlaust. Ég held þó að það sé betra að við tölum og segjum það sem okkur finnst og rekum okkur þá bara á og bökkum, frekar en að hætta því.“

**Máni:** „Mér þykir leiðinlegt að segja það en ég held að það þurfi 10–15 MeToo-byltingar í viðbót svo fólk nái kjarna málsins. Kannski vegna þess að fólk er meira til í að taka þátt í umræðunni en að gera eitthvað og á ég þá við stjórnendur í þessu landi.“

**Fanney:** „Í femínískri umræðu erum við líka að tala um vandamál feðraveldisins aftur til upphafs mannkyns og ég held að alveg sama hvað ríkisstjórnin gerir þá þurfi viðhorfsbreytingin, ekki bara hér heldur alls staðar, að vera svo gríðarleg að þetta er eins og olíutankskip sem snúa þarf við í Panamaskurðinum. Það tekur bara tíma og það er auðveldara að vera þolinmóðari þegar maður er orðinn snemmmiðaldra eins og ég. En ég tek hatt minn ofan fyrir þeim sem ætla ekki að bíða. Vonandi hreyfa þær skipið hraðar.“

> ”
> **Við erum öll íhald. Við erum náttúrlega bara mismunandi „Shades of Grey“ af Framsóknarflokknum, það er bara svoleiðis.**
>
> Fanney

**Útilokunarmenning …**

**Fanney:** „Mér finnst líklegt að í þessum málum þar sem útilokunarmenning í tengslum við MeToo hefur snert við einhverjum, þá hafi þetta ekki verið þannig undirmálsfólk að það sé líklegt til að verða undir mjög lengi. Ég held að oftast eigi fólk afturkvæmt í þessu samfélagi.“

**Máni:** „Við verðum samt að passa okkur í allri orðræðu. Það er dýrt að taka mannorð einhvers ef hann á það ekki skilið. Við eigum að hugsa það áður en við setjum eitthvað út á netið. Fólk sem slúðrar um annað fólk er upp til hópa drullusokkar. Maður á ekki að tala nema út frá staðreyndum. Ef þessi umræða á öll að fara fram á samfélagsmiðlum erum við aldrei að fara að gera þetta að betra samfélagi. Samfélagsmiðlar ganga út á átakalínur. Viðskiptamódel þeirra snýst um það.“

**Fanney:** „Á sama tíma og ég er sammála þá held ég að þetta sé svo mikið valdeflingartól fyrir þá sem hafa verið beittir ofbeldi af kerfinu eða persónulega af einhverjum öðrum, til að ná vopnum sínum. Hvíslhringur kvenna hefur virkað sem forvörn og haldið lífi í konum: „Passaðu þig á hinum og passaðu þig á þessum.““

**Máni:** „Þetta er ekki beint slúður, því þarna er verið að byggja á reynslu.“

**Fanney:** „Það er ekki alltaf þín eigin reynsla, oft ertu að byggja á reynslu einhverrar annarrar sem getur kannski ekki talað sjálf. Þetta er rosalega grátt svæði. En það þarf að passa að umræðan verði ekki bara þarna og festist ekki í einhverjum skotgröfum.“

**Máni:** „Við eigum ekki að vera í einhverri óvild. Þetta hlýtur að vera eitthvað sem samfélagið þarf að laga. Ég skil ekki að einhver sé eitthvað á móti því að hér ríki réttlátara samfélag.“

> ”
> **Fólk ársins er klárlega fólkið sem hefur nennt að standa í röðum í skítakulda til að láta troða eyrnapinna upp í nefið á sér og mæta á viðburði.**
>
> Máni

**Eldgos í Geldingadölum …**

*Genguð þið upp að því?*

**Máni:** „Nei.“

**Fanney:** „Ekki ég heldur. Ætli við séum ekki bara tvö eftir?“

**Máni:** „Ég tók ekki heldur mynd af mér í bólusetningu.“

**Fanney:** „Ég tók mynd af mér í fyrstu bólusetningu. Ég var svo massívt peppuð.“

**Máni:** „Þetta er eins og flugfreyjurnar sem voru svo ánægðar með að vera flugfreyjur að þær létu allar taka mynd af sér uppi í hreyflinum. Kannski náðum við svo góðri bólusetningu hér á landi því allir vildu ná að birta bólusetningarmynd af sér?“

**Fanney:** „Ég var bara að taka mynd því ég var ógeðslega glöð og hélt að þetta væri þar með búið.“

**Máni:** „Það skal enginn ljúga því að það voru ákveðin vonbrigði að bóluefnin skyldu ekki hafa virkað og við þurfum bara að bíða í þessu þrjú, fjögur ár á meðan heimsfaraldur gengur yfir.“

**Samkomutakmarkanir …**

**Máni:** „Þegar rafmagnið fór »




Þau Máni og Fanney Birna spjölluðu við blaðamann yfir kaffibolla einn desembermorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


ILVA
KÓSÍ UM JÓLIN
9.-13. DESEMBER
25-60%
AF VÖLDUM VÖRUM
SKOÐAÐU
ÖLL TILBOÐIN Á
ILVA.IS
ILVA
FRÍ HEIMSENDING
Þegar keyptar eru smávörur
fyrir 9.900 kr. eða meira.
JÓLAMARKAÐUR
ALLAR HELGAR*
MÖNDLUVAGNINN RISTAR JÓLAMÖNDLUR Á LAUGARDÖGUM
OG VIÐ BJÓÐUM HEITT NÓA SÚKKULAÐI Á SUNNUDÖGUM.
NÓI SÍRÍUS
OPNUNARTÍMI UM HELGINA:
ILVA Korputorgi
Lau. og sun. 12-20
ILVA Akureyri
Lau. og sun. 11-18
*AÐEINS Í REYKJAVÍK

» af þegar maður var lítill hljóp maður alltaf út í glugga til að athuga hvort það hefði líka farið af hjá nágrönnunum. Á einhvern furðulegan hátt leið manni betur ef rafmagnið fór ekki bara hjá manni sjálfum heldur hjá öllum í hverfinu. Þannig er Covid. Við erum öll í þessu Covid-myrkri.

Ég ætla að þakka ríkisstjórninni fyrir hraðprófin. Fólk ársins er klárlega fólkið sem hefur nennt að standa í röðum í skítakulda til að láta troða eyrnapinna upp í nefið á sér og mæta á viðburði. Þetta fólk heldur menningarlífinu í landinu gangandi.“

**Fanney:** „Ég er búin að vera ein af vitleysingunum í þessari röð.“

**Máni:** „Hetjunum!“

**Máni:** „Það eina sem böggaði mig mest í þessu öllu var þessi andlýðræðislega regla þegar tekið var upp á því að Íslendingar þyrftu að koma með neikvætt próf til landsins. Það var virkilega ógeðfelld aðgerð að ætla að fara að skilja íslenska ríkisborgara eftir úti.“

**Fanney.** „Án þess að ég ætli að tjá mig um einstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar þá finnst mér skipta máli að bera virðingu fyrir þeim sem setja fyrirvara við valdboð og þegar verið er að beygja mannréttindi.“



„Við Máni erum partur af þeim þjóðflokki sem hugsar allt of lítið áður en hann talar,“ sagði Fanney Birna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Framhaldið ...**

**Máni:** „Það þarf að gera upp alls konar hluti að þessu loknu. Krakkar sem eru fæddir 2003 og eru að útskrifast úr menntaskóla, þau hafa ekki eignast nýja vini og félagsleg tengsl eins og við gerðum. Þetta þarf að gera upp á næstu árum og eins gott að stjórnvöld komi þar sterk inn.

**Fanney:** „Sumir hafa bara ekkert fengið að vera í menntaskóla, fara á böllin og í sleikinn. Ég bara geri ráð fyrir því að tugir hjónabanda verði ekki vegna þessa.“

**Máni:** „Þetta er eitthvað sem ekkert var hægt að gera í en við verðum að finna út hvernig við ætlum að leysa þetta.“

**Fanney:** „Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að stíga skrefin í að niðurgreiða sálfræðiþjónustu á sem flestum sviðum.“

**Kári Stefáns ...**

**Fanney:** „Við tölum oft um að við elskum að hata einhvern en ég held að íslenska þjóðin hati að elska Kára Stef. Við elskum hann en eigum samt svo erfitt með hann. Hann hefur unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir þjóðina og oft verið þessi andspyrnurödd.“

**Máni:** „Bæði Kári og Þórólfur hafa verið tilbúnir að ræða hlutina og svara þeim spurningum sem maður spyr þá. Kári hefur peppað þjóðina meira á erfiðum tímum heldur en þjóðin hefur gefið honum kredit fyrir. Hann hefur alltaf verið sanngjarn í sinni gagnrýni. Hann hefur hrósað ríkisstjórninni fyrir það sem er vel gert en líka látið hana heyra það þegar það þarf. Ég held bara að þjóðin ætti að vera meira eins og Kári.“

**Fanney:** „Kári mætti stundum anda aðeins meira með nefinu en hann er litríkur og þorir að segja hvað honum finnst – alveg sama hver það er í það skiptið sem mun finna fyrir því.“

**Máni:** „Ég held að Þórólfur sé gríðarlega þakklátur fyrir Kára, því Kári má segja það sem Þórólfur getur ekki sagt – en kannski langar.“

**Bubbi Morthens ...**

**Máni:** „Bubbi er orðinn stofnun. Í Covid fór hann að selja verkin sín, gerði þessa leiksýningu og gaf út frábæra plötu. Mér finnst Bubbi stórkostlegur.“

**Fanney:** „Talandi um útskúfunarkúltúrinn þá finnst mér Bubbi hafa leyfi til að tjá sig og misstíga sig. Við erum svo fljót að fyrirgefa Bubba. Stundum hittir hann akkúrat naglann á höfuðið en stundum er hann doldið skakkur en þá kemur hann oftast bara og segir: „Ég var bara ekki búinn að hugsa þetta alveg – sorry með mig.“ Þá er maður bara: „Allt í lagi, Bubbi minn.“

”

**Og guð blessi stelpurnar í Öfgum og alla þá sem hafa talað með öfgafullum hætti í gegnum tíðina.**

Fanney

Maður finnur það að hann er alltaf á einhverri vegferð til að bæta sig. Hann biðst fyrirgefningar ef hann þarf og fær hana eiginlega alltaf. Þannig virkar líka heilbrigt samfélag, svo framarlega sem þú ert ekki að gera hræðilega hluti máttu misstíga þig og biðjast fyrirgefningar ef þess þarf.“

**Máni:** „9 Líf er er stórkostleg sýning.“

**Fanney:** „Fórst þú að gráta yfir henni? Ég þekki engan sem ekki hefur farið að gráta.“

**Máni.** „Nei.“

**Fanney:** „Varstu nálægt því?“

**Máni:** „Nei, ég græt yfir öðruvísi hlutum. En þetta var frábært stöff.“

**Plastpokabannið ...**

**Fanney:** „Það sem hafði mest áhrif á mig á árinu var plastpokabannið. Nú er ég með svo mikið af pappapokum heima hjá mér því ég get ekki munað eftir því að taka með mér fjölnotapoka í búðina enda með sjálfgreindan áunninn ADHD.“

**Máni:** „Plast er per se ekki slæmt heldur hvernig við nýtum það eða notum. Þetta var fallegt sjálfsprottið verkefni hjá Rakel Garðars á sínum tíma og gott að fólk fór að spá í plastnotkun sína en þá ákveða pólitíkusarnir að stíga inn með einhverjum boðum og bönnum sem ég er alfarið á móti. Það má líka benda á hversu skaðlegt það var fyrir íþrótta- og listalífið að pokasjóður var lagður af. Það er ekki búið að sanna fyrir mér að það hafi verið góð hugmynd að taka út þessa plastpoka.“

**Alþingiskosningar ...**

**Máni:** „Ég barðist fyrir því að fólk myndi skila auðu í þessum kosningum. Ísland er að verða minna og minna lýðræðisríki. Við ætlumst til þess að fjölmiðlar séu fjórða valdið og veiti aðhald en staðreyndin er aftur á móti sú að þingmenn eru á helmingi hærra kaupi en meðal blaðamaður. Styrkir til frjálsra fjölmiðla voru 800 milljónir en styrkir til stjórnmálaflokka 2,8 milljarðar. Þetta fólk á þinginu talar eins og þetta sé í nafni einhvers lýðræðis. Þetta er náttúrlega ekki í nafni neins lýðræðis. Stjórnmálamenn eru hættir að fá nokkra gagnrýni í fjölmiðlum – við erum alltaf bara að sjá þá í einhverjum spurningaþáttum og svo framvegis. Þetta er fólk sem á að svara fyrir það sem það gerir í starfi.“

”

**Fólk sem slúðrar um annað fólk er upp til hópa drullusokkar.**

Máni

**Fanney:** „Ég tek að mestu leyti undir þetta. Launin fara ekki hrikalega í taugarnar á mér en skömmtunin til flokkanna gerir það. Á þessu kjörtímabili var starfsmönnum flokkanna fjölgað og ég sá það fallega fyrir mér sem tækifæri fyrir flokkana til að rannsaka betur hvað þeir væru að gera og væru með fólk sem myndi undirbúa frumvörp og fleira. Í staðinn eru bara enn fleiri að setja efni á Instagram og búa til podkóst.

Ég gæti eiginlega ekki tekið meira undir varðandi stöðu fjölmiðlanna og sérstaklega þá einkareknu. Það eru ótrúleg vonbrigði að það frumvarp hafi ekki verið hnitmiðaðra því ég held að bæði stóru og minni einkareknu fjölmiðlarnir þurfi mikinn stuðning. Það er það versta sem kemur fyrir minn fyrrverandi vinnustað, Ríkisútvarpið, að það séu ekki jafnsterkir aðilar að bjóða upp á svipaða og sambærilega vöru. Þetta er að öllu leyti versta mál.“

**Máni:** „Fyrir mér er þetta alvarlegra mál en klúðrið í Norðvestur kjördæmi. Fjölmiðlar brugðust í þessu máli því fjölmiðlar þora aldrei að tala um sjálfa sig. Kosningabaráttan fór bara ekki í neitt.

**Fanney:** „Mér finnst reyndar talningin í Norðvestur stórkostlega alvarlegt mál og ég vona að það verði lagst grundigt yfir kosningalögin. Ég hef unnið í kosningum og áttað mig á því að eitt atkvæði til eða frá verður líklega alltaf rangt þegar mannshöndin kemur þar að. En þetta var bara svo miklu meira og svo mikill hroki sem fylgdi þegar síðan kom að útskýringum. Svo var þetta bara eins og einhver Tvíhöfðaskets þegar rannsóknarnefndin með Birgi Ármanns í fararbroddi fór þarna einhverjar 20 ferðir.

**Máni:** „Það var líka magnað hvernig Sjálfstæðisflokkurinn fékk alla til að samþykkja að einhverju leyti að þeir ætli að fara að virkja hérna eins og enginn sé morgundagurinn og töluðu um það í nafni umhverfisnefndar. Þeir ætla að rafbílavæða en það verður ekki gert á Íslandi nema hér verði virkjað miklu meira. Því hefði umræðan átt að fara í það að búa til almennilegar samgöngur í þessu landi. Ég verð að gefa þeim prik fyrir það – þetta var frábært múv hjá þeim.“

**Fanney:** „Mér fannst þetta ógeðslega skemmtileg kosningabarátta. Ég hafði sagt í öllum spjallþáttum sem ég var boðuð í að þær væru að fara að enda langt til vinstri en nei, nei!“

**Máni:** „Það er náttúrlega engin hægri sveifla á Íslandi.“

**Fanney:** „Nei, en ég hélt að þetta yrði meira afgerandi til vinstri og var alveg hörð á því að Sósíalistaflokkurinn kæmist inn og jafnvel með nokkra þingmenn.“

**Máni:** „Það var kannski erfitt fyrir Sósíalistaflokkinn að komast inn þegar Sjálfstæðismenn, Vinstri græn og Framsókn eru að reyna að breyta íslensku samfélagi í sósíalistaríki. Við sjáum að fjölgun opinberra starfsmanna er orðin það mikil að ef þessi þróun heldur áfram eru allar líkur á að hér verði gríðarlegt efnahagshrun og við breytumst í Venesúela.“

**Fanney:** „Það er svo skemmtilegt hvað vinstrimennska þín er alltaf ófyrirsjáanleg.“

**Máni:** „Verðmæti verða ekki búin til í ríkinu, það þarf að gerast í einkageiranum. Þessir þrír vinstri flokkar sem nú stjórna landinu sýna að það er þörf á hægri stjórn.“

**Árið 2022 ...**

**Máni:** „Ég veit ekki hvort það sé hluti þess að eldast eða hvað en mér finnst hvert ár betra en síðasta, kannski bara því ég er hamingjusamari. Ég held að það verði áfram Covid-vesen og reiði en ég held að þetta verði ekkert verra. Þetta verður frábært ár.“

**Fanney:** „Ég sá þetta ár fyrir mér sem árið sem Covid myndi klárast og maður gæti haldið áfram með líf sitt, þannig ég ætla núna bara að búast við því sem úr varð. Það komi jafnvel bylgjur, en minni og vonandi veikist fólk minna. En ég býst við takmörkunum og að við verðum kannski ekki mikið í útlöndum.“

**Máni:** „Ég verð að komast á Leedsleik. Það er það eina sem ég fer fram á.“

**Fanney:** „Annars er ég pínu á sama stað og Máni, ég á tæplega þriggja ára stelpu og það er allt betra með henni og ég held að næsta ár verði engin undantekning á því.“

**Máni:** „Ég er á hverjum degi glaður yfir því að synir mínir tveir séu ekkert líkir föður sínum.“

**Fanney:** „Dóttir mín er alveg eins og ég – það er viðfangsefni.“ ■

”

**Ég held bara að þjóðin ætti að vera meira eins og Kári.**

Máni

”

**Ég held að oftast eigi fólk afturkvæmt í þessu samfélagi.**

Fanney




VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS Laugavegur 37 Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,
amma og langamma,
**Kristbjörg Sigurbjörnsdóttir**
frá Múlastekk í Skriðdal,
fædd 3. apríl 1933,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 5. desember síðastliðinn.
Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju á Lúsíudag
13. desember kl. 10 -11, í viðurvist allranánustu ættingja
vegna sérstakra aðstæðna.
Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.
Hjartans þökk fyrir einlæga samkennd og samúð.

Athöfninni verður streymt frá Grafarvogskirkju
á YouTube-síðu Grafarvogskirkju.

**Yst Ingunn St. Svavarsdóttir** **Sigurður Halldórsson**
**Kristbjörg, Kristveig, Halldór Svavar**
**Birna Kristín Svavarsdóttir** **Kristinn Ingólfsson**
**Svava, Ásdís, Sigurbjörn**
**Erla Kolbrún Svavarsdóttir** **Gunnar Svavarsson**
**Guðrún Mist, Melkorka**
**Alma Eir Svavarsdóttir** **Guðjón Birgisson**
**Magnús Már, Svavar**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir minn, bróðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**Ingimundur Axelsson**
Ugluhólum 2, Reykjavík,

lést mánudaginn 6. desember á
hjúkrunarheimilinu Seljahlíð.
Útför fer fram 15. desember kl. 11.
Vegna aðstæðna í samfélaginu verða eingöngu nánustu
aðstandendur viðstaddir.

**Aðalheiður Erla Ingimundard.** **Ingi Rúnar Georgsson**
**Steinunn Helga Axelsdóttir**
**Lárus Konráðsson**
**Páll Konráð Konráðsson** **Kristjana Ingibergsdóttir**
**Erla Lárusdóttir** **Bjarni Torfi Álfþórsson**
**Ingimundur Vilberg og Þórey Lilja**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


# Jólaverurnar vænu og grænu halda til byggða

**Vegan jólaverur dúkkuðu upp í íslensku samfélagi fyrir nokkrum árum og pluma sig vel, að sögn Samtaka grænkera.**

arnartomas@frettabladid.is

Samhliða jólasveinunum þrettán sem eru landsmönnum kunnugastir, byrja aðrar jólaverur að tínast til byggða um helgina. Það eru hinar svokölluðu vegan jólaverur sem skutu fyrst upp kollinum árið 2018 og eru bæði vænar og grænar.

Þessar nýstárlegu en þjóðlegu vættir eru tilkomnar á vegum Samtaka grænkera, sem fengu Jóhannes Árnason til að semja vísur um verurnar í anda vísna Jóhannesar úr Kötlum um sveinana þrettán. Fyrstur til byggða er Lambafrelsir, sem frelsar lömb frekar en að borða þau, og fylgja systkini hans tólf daglega þar á eftir.

„Verurnar hafa verið að pluma sig mjög vel, og eru sérstaklega vinsælar meðal okkar grænkera og barnanna okkar sem hafa kynnst þeim,“ segir Valgerður Árnadóttir, formaður Samtaka grænkera, sem segir að verurnar hafi verið uppfærðar aðeins í gegnum árin. „Í dag endurspegla jólaverurnar fjölmenningarsamfélagið á Íslandi sem við búum í enn frekar.“

Verurnar eru þannig alls konar, en til að mynda er E-efnagægir á einhverfurófinu og Rakakrefur hán.

> **Í dag endurspegla jólaverurnar fjölmenningarsamfélagið á Íslandi sem við búum í enn frekar.**



Valgerður segir að það sé mikilvægt að hægt sé að velja jólahefðir sem henti hverjum og einum. Jólaverunum sé ekki ætlað að koma í stað sveinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Lambafrelsir var fyrstur,
laumaðist fjárhúsin í.
Ekkert þó vildi með féð,
annað en sleppa því.




Sú fjórða Þarasmjatta,
fjöruna leitar í.
Söl í sækir og þara,
snefilefnin fær úr því.




Hænuhvísla var önnur,
hafði ekki hátt.
Fiðraða vini frelsaði,
forðaði um næstu gátt.




Plöntuklókur sá tólfti,
pælir í öllum gróðri.
Gjarnan sést í garðinum,
eða að gægjast út úr rjóðri

## Misjafn smekkur

Aðspurð hvort einhver vera sé vinsælli en önnur, segir Valgerður að það fari einna helst eftir smekk barnanna.

„Á mínu heimili er það Ljúfur, sem tamdi Jólaköttinn, en hann er voða krúttlegur,“ segir hún. „Svo er það Tófúpressir sem er svo sterkur og mikill kall. Svo kemur Þarasmjatta líka sterk inn, en mörg börn í dag fá þara með í nesti í skólann í staðinn fyrir kex eða eitthvað álíka.“

Valgerður segir að jólaverurnar séu ekki í samkeppni við jólasveinana en séu frekar viðbót við jólahefðina.

„Barnið mitt býr á tveimur heimilum – hjá pabba hans eru hefðbundnu jólasveinarnir og hjá mér eru það jólaverurnar, og honum finnst það bara mjög skemmtilegt,“ útskýrir hún. „Jólasveinarnir eru svo sögulega auðvitað miklu fleiri en bara þrettán.“

Þegar fyrst var tilkynnt um jólaverurnar fóru þær öfugt ofan í suma, sem töldu að um einhvers konar áróður væri að ræða. Valgerður minnir á hvernig hefðir eiga það til að breytast í gegnum ár og aldir.

„Það fussa margir yfir nýjum hefðum og vilja helst engu breyta, en það má benda á að það eru bara hundrað ár síðan Jóhannes úr Kötlum ákvað að jólasveinarnir væru bara þrettán og fimmtíu ár síðan fólk fór að borða hamborgarhrygg á jólunum,“ segir hún. „Hefðir breytast með tíðarandanum og okkur finnst mikilvægast að allir geti séð sig í samfélaginu og líka á jólunum.“ ■

### Vegan jólaverurnar

01 Lambafrelsir
02 Hænuhvísla
03 Ljúfur
04 Þarasmjatta
05 Hafraþamba
06 Berjatína
07 Tófúpressir
08 Hummusgerður
09 Vökvareykir
10 E-efnagægir
11 Raknakrefur
12 Plöntuklókur
13 Smjörlíkir

# Spennandi bækur í desember

**1.** sæti á metsölulista Pennans Eymundsson




Lok lok og læs
**4.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Tilfinningar eru fyrir aumingja
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Rósa
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Dansarinn
**4.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Horfnar
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 13. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

**TAX FREE**
9.12 - 13.12
*Gildir ekki með öðrum tilboðum og ekki af húsgögnum og Hay vörum

**Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af**
**ÖLLUM*** 
**VÖRUM!**

Penninn Eymundsson
www.penninn.is



Ástkær faðir minn, sonur og bróðir,

**Árni Böðvarsson**

lést 3. nóvember sl.
Útförin hefur farið fram.

**Dagur Árnason,**
**foreldrar, systkini og makar.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Lóa Guðrún Gísladóttir**

áður til heimilis að
Sandabraut 10, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, miðvikudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. desember, með nánustu fjölskyldu og vinum. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is.

**Guðný Elín Geirsdóttir** **Garðar Geir Sigurgeirsson**
**Valdimar Geirsson** **Sigríður Ellen Blumenstein**
**Hrafnhildur Geirsdóttir** **Ólafur R. Guðjónsson**
**Anna Lóa Geirsdóttir** **Engilbert Þorsteinsson**
**Erla Geirsdóttir** **Ársæll Alfreðsson**
**Gísli Geirsson**
**Elín Þóra Geirsdóttir** **Valur Jónsson**
**ömmubörnin**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Kristín María Guðbjartsdóttir Waage**

frá Stokkseyri,
lengst til heimilis í Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 6. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 16. desember kl. 13.

Allir sem vilja fylgja henni eru velkomnir, en vegna sóttvarna þarf að sýna neikvætt Covid-19 hraðpróf við innganginn, tekið af viðurkenndum aðila og ekki eldra en 48 tíma.

**Laufey Waage**
**Málfríður Waage**
**Héðinn Waage**
**Og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Droplaug Björnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, þann 1. desember sl . Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Hennar er sárt saknað.

**Guðmundur Rúnar Gestsson**
**Helena Guðmundsdóttir**
**Gestur Rúnar Guðmundsson** **Guðlaug Sif Long**
**Sóley Ásta Gestsdóttir**
**Olga María Long**
**Ása Dilja Long**
**Rúnar Steinn Arnarsson Long**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hólmfríður Stella Helga Ólafsdóttir**

Akurhólum 4, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 15. desember kl. 13.00.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á www. selfosskirkja.is.

**Jón Karl Róbertsson** **Ingveldur Sævarsdóttir**
**Kristrún Eva Róbertsdóttir**
**Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir** **Ármann M. Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Kanínuhola fyrir fornbókaorma

arnartomas@frettabladid.is

Í bílskúr í Stangarholtinu er að finna forvitnilegan fornbókamarkað sem ber nafnið Kanínuholan. Um helgina verður sérstök aðventuopnun, þar sem úir og grúir af alls konar bókmenntafjársjóðum.

„Ég erfði mikið bókasafn eftir pabba minn, Geirlaug Magnússon, sem var ljóðskáld og mikill lestrarhestur,“ segir Móeiður Hlíf Geirlaugsdóttir. „Ég hef reynt að taka mikið inn, en þyrfti að eiga stærri fasteign til að taka við öllu svo mig langaði að fleiri myndu njóta þessara góðu bóka.“

Í safni Geirlaugs var mikið af ljóðabókum og öðrum klassískum bókum sem Móeiði þótti miður að lægi í kössum.

„Mér datt í hug að nýta bílskúrinn undir þetta og hef verið að endurnýja hann aðeins,“ segir Móeiður, sem hefur tekið sig til við að mála og flokka. „Hér er mikið safn af góðum bókum.“

Móeiður segir að eftirspurn sé eftir fornbókum á Íslandi.

„Vinir föður míns eru miklir fastagestir, sem er svolítið fyndið því þeir voru alltaf að gefa hver öðrum bækur,“ segir hún. „Það eru margir sem vilja líka losa sig við bækur, sem er auðvitað gott fyrir jörðina líka. Ég lifi í voninni um að bókelskandi fólk komi og kíki á mig.“

Við tiltektina og segist Móeiður hafa fundið ýmsa gimsteina.

„Það er stórt ljóðabókasafn sem er kannski það merkilegasta,“ segir hún.




Í Kanínuholunni við Stangarholt 10 er að finna veglegt safn af klassískum bókum.

> Ég lifi í voninni um að bókelskandi fólk komi og kíki á mig.

„Ég á tvöfalt af mörgum því pabbi var ekki mikið fyrir að lána bækur svo hann gaf mér oft önnur eintök. Svo er ég með sérstakt tilboð fyrir unga lesendur – fyrsta bókin er frí! Þetta er til að koma þeim á bragðið og gera þau háð.“

Aðventuopnunin stendur yfir milli 15 og 18 í dag og á morgun. ■



Okkar ástkæri

**Guðmundur Skagfjörð Pálsson**

frá Siglufirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 22. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Friðveig Elísabet Rósadóttir**
**Bergsveinn Jóhann Guðmundsson**
**Páll Guðni Guðmundsson** **Linda Björk Brynjólfsdóttir**
**Kristín Lena Pálsdóttir**



Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,

**Arnór Guðmundsson**

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, fimmtudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, fimmtudaginn 16. desember kl. 14.00.

**Systkini hins látna.**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Matthildur Gestsdóttir**

Lautasmára 3, Kópavogi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 30. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 14. desember klukkan 13.

Streymt verður frá athöfninni á www.skjaskot.is/matthildur. Gestir eru beðnir að framvísa neikvæðu Covid-prófi sem er ekki eldra en 48 klst. við innganginn.

**Þ. Björgvin Kristjánsson**
**Kristján Björgvinsson** **Hrefna Gunnarsdóttir**
**Matthildur Gunnarsdóttir** **Jóhann Vignir Gunnarsson**
**Björgvin Smári Kristjánsson** **Iðunn Elva Ingibergsdóttir**
**Þorgeir Örn Tryggvason** **Hulda Ósk Bergsteinsdóttir**
**Gunnhildur Kristjánsdóttir**
**Hekla Sóley, Snædís Lilja, Friðrik Hrafn og Harpa Sif**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Kjartan Ottósson**

verður jarðsunginn frá Neskirkju, þriðjudaginn 14. desember kl. 13.

Allir eru velkomnir í kirkjuna en vegna sóttvarna þurfa kirkjugestir að sýna neikvætt hraðpróf við innganginn sem er ekki eldra en 48 klst. Hraðpróf er pantað fyrirfram á covidtest.is eða testcovid.is.

**Guðríður Þorvalds Jónsdóttir**
**Ottó Guðmundsson** **Inga Jónsdóttir**
**Guðný Guðmundsdóttir** **Jóhannes Stefánsson**
**Lárus Guðmundsson** **María Jóhanna Sigurðardóttir**
**Örn Guðmundsson** **Ingunn Þorvarðardóttir**
**Sigurður Guðmundsson**
**afabörn og langafabörn.**



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,

**Jenný Bára Hörpudóttir**

lést á heimili sínu 4. desember sl. Útför hennar fer fram í Seljakirkju, miðvikudaginn 15. desember kl. 13.

Farið er fram á neikvætt hraðpróf vegna sóttvarnareglna. Útförinni verður streymt á www.seljakirkja.is/seljasokn/streymi/.

**Elías Aron Árnason, Gunnlaugur Örn Árnason og Brynjar Pálmi Árnason**
**Harpa Hrönn Gestsdóttir** **Runólfur Hjalti Eggertsson**
**Henný Bára Gestsdóttir** **Sæmundur Halldórsson**
**Jóhann Sigurðarson** **Kári Sæmundsson**
**Anita Runólfsdóttir** **Dagný Runólfsdóttir**
**Kolbrún Kristinsdóttir** **Gylfi Ísarr Freyr Sigurðsson**
**Sylvía Björg Runólfsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,

**Sigmundur Tómasson**

Sóleyjarima 9, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 2. desember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju, þriðjudaginn 14. desember klukkan 13.00.

Allir eru velkomnir í kirkjuna en verða að sýna fram á neikvætt hraðpróf við innganginn, ekki eldra en 48 klst. Hraðpróf eru pöntuð fyrir fram á hradprof.covid.is. Streymt verður frá athöfninni á: https://www.youtube.com/channel/UCLoNRDNgtA4a6tglEywDCGw

**Anna Sigríður Ólafsdóttir Jensen**
**Ólafur Sigmundsson**
**Margrét Sigmundsdóttir** **Árni Viðar Sveinsson**
**Tómas Jón Sigmundsson** **Inga Dóra Björnsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

# ALLT Á EINUM STAÐ

**GERÐU JÓLAINNKAUPIN HJÁ OKKUR Í BÓKABÚÐ FORLAGSINS**

Ótrúlegt úrval bóka frá öllum útgefendum – allar nýjustu bækurnar og þúsundir eldri titla.

Opið til 19 alla daga til jóla.

- Næg bílastæði
- Nóg pláss inni í versluninni
- Innpökkunarborð og merkimiðar
- Spritt og grímur í boði




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist örnefni (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „11. desember “.

Lausnarorð síðustu viku var

**KARLSVAGNINN**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þ | R | E | F | Ö | L | D | U | M | | O | | B | | D | | S | K | Ó | F |
| R | | Ð | | Ö | | U | | E | N | D | U | R | V | A | R | P | | S | |
| Á | K | A | F | L | Y | N | D | I | | D | | Ú | | G | | R | A | K | I |
| F | | L | | Ö | | D | | R | Á | B | A | N | D | A | | E | | A | |
| E | L | L | I | G | L | A | P | A | | O | | T | | V | I | T | U | N | D |
| L | | O | | U | | R | | P | A | R | K | E | T | I | | T | | N | |
| L | Ó | F | A | N | N | A | | R | | G | | R | | L | A | U | G | A | R |
| D | | T | | U | | | S | Ó | L | A | R | T | A | L | | | L | | Ó |
| A | L | I | N | M | Á | L | | F | | R | | U | | T | Á | R | I | S | T |
| | A | | E | | L | | H | I | T | A | O | R | K | A | N | | T | | F |
| A | G | A | S | A | M | A | R | | Ú | | R | | Æ | | Æ | Ð | S | T | A |
| | A | | T | | A | | Æ | T | L | A | Ð | A | R | | G | | K | | S |
| E | N | D | A | R | N | I | R | | K | | A | | A | U | Ð | S | Ý | N | T |
| | Á | | Ð | | N | | U | T | A | N | F | Ö | R | | U | | J | | R |
| U | M | F | A | R | A | N | N | A | | | A | | I | L | M | V | A | R | A |
| M | | L | | E | | Á | A | U | S | T | R | I | | Á | | Á | | Ó | |
| H | V | E | R | F | U | M | | M | | J | | L | Í | K | K | L | Æ | Ð | I |
| E | | Y | | S | | E | F | A | L | A | U | S | | A | | E | | A | |
| N | A | G | L | I | N | N | | N | | L | | I | | N | | G | Á | R | A |
| T | | A | | Ð | | N | | A | N | D | A | G | L | A | S | I | | Í | |

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Sneru alhliða borði aftur og aftur (11)
**11** Hinn spaki blandar sjó sinn kyrrðarvatni (10)
**12** Tíni saman fjalir í kindla (9)
**13** Mun fæðing fæða af sér borg? (7)
**14** Það þarf sál til að laga lélegan bíl og hnugginn vin (9)
**15** Þú fastar ekki án einhvers konar ávaxtasafa (6)
**16** Börn vilja faxa og folald (7)
**17** Ráðumst óstudd gegn vopnfirskum íþróttamönnum (9)
**18** Her manns sprettur upp á meðan þið leikið ykkur (6)
**19** Tel þetta vinnuljóð best þeirra allra (6)
**22** Eldstæði dugar í fenjum ef hrossanálum er brennt (10)
**27** Sýnið suddaverkinn (7)
**30** Hvað er sælla en að vera í sjöunda himni? (5)
**31** Allt umfram dauða er hræsni (8)
**32** Leggja má lykt við lilju (7)
**34** Hér hef ég sáð í svið og saur (7)
**35** Banka opna og opinskáa (8)
**36** Nota áður óþekkt orð frá Rogalandi og Mærum (7)
**37** Æfur örn og ruglaður Dani keppa um kantinn (7)
**41** Fjallatindar villa arnhauk (7)
**45** Fór í bítið með hagleiksmönnum eftir áskriftum (8)
**49** Með yfirdrifið af sýnum sem við sýnum óþarfa dómhörku (7)
**50** Skari hefur dvalið nokkuð við þetta snjallræði (7)
**51** Til himna með slög þín og ávinning (8)
**52** Hvað gerir frið og fráskilin snót með stálstreng í nót? (7)
**53** Silfur skal nugga í landnorður og hængina með (7)
**54** Finn keldu þessara kinda milli ákveðinna fallvatna (8)

**LÓÐRÉTT**

**1** Hlusta á gildru svo lítið ber á (9)
**2** Verða æst af frásögninni sem er ekki neitt neitt (9)
**3** Gera vera vanfæra sem eiga ómegð fyrir (9)
**4** Fæ afslátt að afstöðnum gleðningi (9)
**5** Drögum línu frá dulúðugum merkjum (7)
**6** Er illa við menn neðan við ofanferð að leita lausnarorðs (8)
**7** Grilla grepp og annan fyrir matsveina (8)
**8** Starfar ár og dag við rugl hennar sem hraðast fór (9)
**9** Alveg á eyrunum að veiða smokka (9)
**10** Örva skal farða í lífræna helgimyndamálningu (9)
**19** Nota hljóm til að hirta nafnlaust barnið (7)
**20** Höldum að stórhýsi sem greifi býr í (7)
**21** Þær hafa vissulega lifað en eru dánar (8)
**23** Bein rif? Eru það ekki öfugmæli? (7)
**24** Fáir þú þér í gogginn fanga ég skurð (7)
**25** Mun fiskur bifa Korsíku með ígildi framfótar? (7)
**26** Æ, þessir gaurar og þeirra torfærutröll (6)
**28** Gleymum engum tittum á skeiðunum (7)
**29** Klórið í þúsund sveiflur á sekúndu (7)
**33** Gerum það með giftum (5)
**38** Hið sveiflukennda skelfingartímabil (7)
**39** Rétt sæti er sæti í rétti (7)
**40** Handleika lík og færa að því næsta (7)
**41** Skar tvö eins og kallar (6)
**42** Frægð gullsleða færist í vöxt (6)
**43** Þessir menn telja síst lakara að rugla fólk (6)
**44** Verður rauðari er norðar dregur (6)
**46** Svona spónar geta sett söngkonu út af laginu (6)
**47** Grimmir fantar og rætin börn (6)
**48** Skyldi kál halda sig við kvendýrið? (6)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

# Að vera vakandi

Íslandsmót í butler-tvímenningi var haldið laugardaginn 4. desember. Björn Þorláksson og Páll Þórsson lönduðu fyrsta sætinu eftir harða baráttu við Þorlák Jónsson og Hauk Ingason, sem höfnuðu í öðru sæti. Björn og Páll fengu 72 impa í plús og Þorlákur og Haukur 59. Butler tvímenningur er spilaður eins og sveitakeppni. Í hverju spili er reiknað meðalskor og skor hvers keppanda borið saman við það. Til þess að vinna svona mót er mikilvægt að vera vakandi í öllum spilum. Einnig bútasamningum, sem eru mikilvægir sömuleiðis. Þetta spil í mótinu er gott dæmi um það. Páll og Björn sátu AV í þessu spili. Norður var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ DG1043
♥ D2
♦ DG5
♣ D62

**Vestur**
♠ Á72
♥ KG43
♦ 83
♣ Á1084

**Austur**
♠ 8
♥ Á765
♦ K10976
♣ G75

**Suður**
♠ K765
♥ 1098
♦ Á42
♣ K93

Páll sat í vestur og eftir þrjú pöss, vakti hann á einu laufi. Eftir tígulsvar varð hann sagnhafi í einu grandi. Það virtist ekki vera hagstæður samningur, því útspil norðurs var spaðadrottning. Hún fékk að eiga slaginn en Páll tók annan slaginn á ás, eftir spaðakóng suðurs. Hann ákvað að spila tígli á kóng, í von þess að fá þannig sjö slagi. Fjóra á hjarta og einn á hina litina. Norður setti lítið spil og suður drap tígulkóng á ás. Spaðaslagirnir voru teknir, norður tók DG í tígli og spilaði laufi á kóng suðurs. Páll hafði fylgst vel með og suður var búinn að sýna spaða- og laufkóng, auk tígulássins. Hann gat þess vegna ekki verið með hjartadrottningu, því þá hefði hann opnað. Með það fyrir augum, var drepið á laufás, hjarta spilað á ás og hjarta á kóng. Þegar drottningin féll, voru verðlaunin einn niður í stað þriggja niður (á hættunni). Suður reyndi að gera vestri erfitt fyrir með því að setja áttuna og tíuna í hjarta, en Páll lét ekki blekkjast. ■

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gilgameskviða, þýðandi Stefán Steinsson,** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Rudolf Nielsen, Reykjavík.**




Tendraðu ljós
í lífi barns
Vertu SOS-foreldri
Of mörg börn eru yfirgefin, án kærleika og umönnunar mömmu og pabba. Eins og í ævintýrinu um litlu stúlkuna með eldspýturnar.
Tendraðu ljós í lífi barns!
Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku. Vertu SOS-foreldri fyrir minna en 130 kr. á dag.
Skráðu þig á sos.is
SOS
BARNAÞORPIN
ÍSLAND

# Bókaðu gleðileg jól




**Þú sérð mig ekki**
Snæbergsfjölskyldan er efnamikil, voldug og virt í samfélaginu. Allt virðist leika í lyndi, en þegar stórfjölskyldan sameinast í tilefni af afmæli ættföðurins á nýju hóteli á Snæfellsnesi koma brestir í ljós. Rifið er ofan af gömlum sárum og leyndarmál fortíðarinnar leita upp á yfirborðið.

4.798 kr.




**Fegurðin ein**
Síðasta sýningin á söngleiknum um Fríðu og Dýrið. Anna dansari er í stuði í lokapartíinu – þar til bæði kærastinn og viðhaldið eru mættir. Hún tekur því fagnandi óvenjulegu verkefni fyrir auglýsingastofu: að fara til Tenerife og finna fallegt fólk.

4.899 kr.




**Guðni á ferð og flugi**
Guðni Ágústsson er annálaður sagnamaður og einn vinsælasti tækifærisræðumaður þjóðarinnar. Í hugum margra er hann enn hinn eini sanni landbúnaðarráðherra Íslands – og um leið ötull talsmaður landsbyggðarinnar.

Hér fer Guðni með lesandann í ferðalag um hinar dreifðu byggðir Íslands.

4.999 kr.




**Veistu, ef þú vin átt**
Haustið 1946 fluttist Aðalheiður Hólm af landi brott með hollenskum eiginmanni sínum. Þá stóð hún á þrítugu en hafði engu að síður komið víða við sögu. Átján ára stofnaði hún Starfsstúlknafélagið Sókn sem sameinaði konur í lægstu stéttum þjóðfélagsins í baráttu þeirra fyrir mannsæmandi lífi.

5.999 kr.




**Milli vonar & ótta**
Íslenskar ljósmæður þurftu í aldanna rás að brjótast í öllum veðrum, oft um erfiðar leiðir, til að sinna fæðandi konum sem biðu milli vonar og ótta eftir aðstoð. Þær tóku á móti börnum við alls konar aðstæður á misjafnlega búnum heimilum.

5.999 kr.




**Horfnar**
Það er sumarbjart og sólin skín við Kirkjubæjarklaustur. Tvær þýskar vinkonur á bakpokaferðalagi heillast af stórbrotinni náttúrunni. Undir friðsælu yfirborðinu við Klaustur leynast þó myrk leyndarmál sem stúlkurnar tvær vilja ekki vita af.

4.459 kr.




**Prjón er snilld!**
Að prjóna er ekki bara skemmtileg iðja sem gefur af sér fallegar flíkur. Prjón virkjar líka sköpunarkraftinn og veitir einstaka hugarró.

Sjöfn Kristjánsdóttir prjónasnillingur tekur hér saman allar sínar bestu uppskriftir.

4.598 kr.




**Heima hjá Lækninum í eldhúsinu**
Heima líður okkur vel og þar eigum við okkar bestu stundir. Ástríðukokkurinn og Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr, töfrar hér fram litríkt lostæti sem aldrei fyrr. Enda á heimavelli.

5.098 kr.




**Gunni Þórðar – Lífssaga**
Lífshlaup Gunnars Þórðarsonar er í senn furðulegt og stórkostlegt. Fáir núlifandi íslenskir tónlistarmenn komast með tærnar þar sem hann hefur hælana. Þetta er saga um strák, kominn af veðurbitnum bændum og sjómönnum norður á Ströndum, sem kemur suður og verður undrafljótt fremsti dægurtónlistarmaður landsins.

4.799 kr.



## *Jólainnkaupin*

hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á *netto.is*

**Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.**
*Úrval bóka er mismikið eftir verslunum.*




**Sigurverkið**
Íslenskur úrsmiður situr í höll Danakonungs og gerir upp forna glæsiklukku. Kvöld eitt rekst sjálfur einvaldurinn, Kristján sjöundi, inn til hans. Þeir taka tal saman og svo fer að úrsmiðurinn rekur fyrir hátigninni dapurlega sögu föður síns og fóstru.

4.798 kr.




**Þín eigin ráðgáta**
Þín eigin ráðgáta er öðruvísi en aðrar bækur. Hér ert þú söguhetjan og stjórnar ferðinni. Einn daginn vaknarðu og ekkert er eins og áður. Allir símar eru ónýtir. Samfélagsmiðlar eru hættir að virka. Tölvuleikir hafa þurrkast út. Hvað í ósköpunum gerðist?

3.498 kr.




**Sprakkar**
Konur á ólíkum sviðum þjóðlífsins koma víða við í spjalli um stöðu kynjanna, atvinnulífið, móðurhlutverkið og ótalmargt fleira. Brugðið er upp litríkri mynd af íslensku nútímasamfélagi, kostum þess og göllum, og rýnt í það sem enn er óunnið í jafnréttismálum.

4.798 kr.




**Sextíu kíló af kjaftshöggum**
Sjálfstætt framhald verðlaunaskáldsögunnar *Sextíu kíló af sólskini*. Sagan hefst í Segulfirði árið 1906. Áfram vindur furðuríku ferðalagi Íslendinga út úr myrkum torfgöngum inn í raflýstar stofur. Lesandinn er hrifinn með í dans á síldarpalli, í ólgandi takti sem dunar í huganum.

4.799 kr.




**ADHD: Bannað að eyðileggja**
Alexander Daníel Hermann Dawidsson er með ADHD en það er allt í lagi – nema þegar lífið tekur upp á því að fara á hvolf. *Bannað að eyðileggja* er spennandi saga um Alexander, Sóleyju bekkjarsystur hans og litríku fjölskyldurnar þeirra.

3.498 kr.




**Rætur – Á æskuslóðum minninga og mótunar**
*Rætur* birtir nýjar hliðar á forseta sem flestir telja sig þekkja vel. Meitluð mynd, sannfærandi, hreinskilin og opinská. Hér leitar Ólafur Ragnar Grímsson upprunans og svara við fjölmörgum spurningum. Óvænt bók sem lengi verður lesin.

4.798 kr.




**Bærinn brennur**
Árið 1828 myrti Friðrik bóndasonur í Katadal nágranna sinn, bóndann og lækninn Natan Ketilsson á Illugastöðum í Húnavatnssýslu. Ráðskona Natans, Sigríður, og vinnukona hans, Agnes, lögðu á ráðin með Friðriki. Nákvæmar yfirheyrslur eru hér raktar en þær varpa nýju ljósi á málið.

4.798 kr.




**Náhvít jörð**
Á hvítum vetrarmorgni finnst yfirgefinn flutningagámur í Rauðhólum við Reykjavík. Þegar hann er opnaður blasir hryllingurinn við: fimm lífvana konur sem augljóslega hafa verið fluttar í þessum gámi yfir hafið. Hvernig getur svona lagað gerst og hverjir standa að baki þessari óhæfu?

4.798 kr.




**Meira pönk, meiri hamingja**
Nú er komin verslunarmannahelgi og vinkonurnar Iðunn og María Sara ákveða að halda sína eigin útihátíð. En óheppnin eltir þær á röndum svo mamma neyðist loks til að skerast í leikinn. Fyndin og fjörug saga sem endalaust kemur á óvart.

3.598 kr.




**Af nótnaborði náttúrunnar**
Það er eins og úrið hægi á sér þegar Páll á Húsafelli er sóttur heim, enda er tíminn í hans húsakynnum ekki af klukkuverki þessa heims. Ljúfmennskan ræður þar mestu, í bland við háttvísi og æðruleysi, en samfundir með listamanninum eru þeirrar náttúru að allt um hægist.

5.499 kr.




**Skemmtikrafturinn: Töfrabrögð, sirkusbrellur og grín**
Hefur þig alltaf langað til að kunna töfrabrögð? Dreymir þig um að vinna í sirkus? Eða áttu mörg systkini og finnst þú fá of litla athygli? Þá er *Skemmtikrafturinn* bókin fyrir þig!

3.898 kr.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup




## Veðurspá Laugardagur




Það er gul viðvörun í gildi til kl. 10 fyrir Suðurland vegna vinda og rigningar. Annars verða í fyrstu suðaustan 10-23 m/s, hvassast sunnan til með morgninum. Lægir heldur þegar líður á daginn. Rigning og síðar skúrir, en úrkomulítið á Norðausturlandi. Hiti 3-6 stig að deginum. KORT/SIGGI STORMUR

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 °C, 8 ↑ | 3 °C, 8 ↖ |
| Ísafjörður | 4 °C, 6 ↖ | 2 °C, 4 ↖ |
| Akureyri | 3 °C, 4 ↑ | 1 °C, 3 ↑ |
| Egilsstaðir | 2 °C, 4 ↑ | 0 °C, 3 ↑ |
| Kirkjubæjarklaustur | 4 °C, 6 ↑ | 2 °C, 5 ↙ |

## Það er lurkur í honum



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is

Gísla Oktavíus Gíslason (f. 1907) frá Uppsölum í Selárdal á Vestfjörðum, þekkja margir til. Ekki síst eftir þætti Ómars Ragnarssonar um Gísla. Gísli lifði fábrotnu lífi og tækjavæðing lítil, enda án rafmagns fram yfir 1980. Gísli var bóndi þó í smáum stíl væri. Eitt af því sem bændur hér fyrr á árum vildu einna síst vera án var útvarpstæki til að hlusta á veðurfréttirnar, enda oft háðir veðri. En einbúinn Gísli hlustaði ekki á veðurfréttir, enda átti hann aðeins ónýtt útvarp sem hann lét ekki gera við því það væri aldrei neitt í því. En auðvitað var Gísli háður veðri í sínum búskap. Einn er sá hæfileiki sem staðkunnugir oft hafa, að lesa í skýin og jafnvel tákn og átta sig á því sem koma skal. Gísli á Uppsölum hefur örugglega gert það því hann hafði áhuga á veðri. Hann bjó til áður óþekkt orð um veður eins og „það er lurkur í honum“ þegar leiðindaveður var í dalnum hans. Víst er að Gísli hefði sagt um veðurspá dagsins að það væri lurkur í honum. ■

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


THE
MATRIX
RESURRECTIONS
KEMUR Í BÍÓ 22. DESEMBER
FORSALAN ER HAFIN
WARNER BROS.
pepsi
MAX
LIME

Gleðiskruddan
er dagbók fyrir
börn á aldrinum
6-15 ára sem byggir
á hugmyndafræði
jákvæðrar
sálfræði.






Höfundar: Marit & Yrja.

„Ég mæli einlæglega með Gleðiskruddunni sem er frábær bók til að virkja börn í að efla vellíðan, bjartsýni og þrautseigju“
-Bryndís Jóna, Núvitundarsetrinu-

Upplýsingar um sölustaði
er að finna áślediskruddan.is

glediskruddan gleðiskruddan






Renault Zoe-rafbíllinn er aðeins sá þriðji í röðinni til að fá þessa lágu einkunn, en hann stóð sig verst í árekstri frá hlið. MYND/EURONCAP

# Renault Zoe fær 0 stjörnur í árekstrarprófi EuroNCAP

**Renault-merkið setti ný viðmið árekstrarprófa á árum áður og Laguna var fyrsti bíllinn til að fá fimm stjörnur í prófunum EuroNCAP árið 2001. Tveir bílar frá merkinu stóðu sig illa í síðustu prófunum og féllu af stjörnuhimninum með látum.**

njall@frettabladid.is

Ný útgáfa Renault Zoe fékk 0 stjörnur í árekstrarprófi EuroNCAP um daginn og varð þar með þriðji bíllinn í sögunni til að fá þessa skammarlegu einkunn. Fyrri útgáfa Zoe fékk fimm stjörnur á prófinu árið 2013 og útskýrist þessi mikli munur meðal annars af því að bíllinn hefur ekki fylgt þeim auknu kröfum sem gerðar eru til nýrra bíla í dag þegar kemur að öryggi.

Það var aðallega í árekstrarprófi að framan og á hlið sem Zoe stóð sig illa, en öryggispúði fyrir hliðarárekstur er nú minni og veitir minni vörn en áður, sérstaklega fyrir höfuð. Í hliðarárekstrarprófi á staur hefði þriðjungur meiðsla orðið mjög alvarlegur og leitt til dauða. Einkunn fyrir öryggi fyrir fullorðna farþega er aðeins 43%, sem er sú versta í 11 ár. Auk þess vantar í Zoe öryggisbúnað sem er orðinn staðalbúnaður í vel flestum bílum í dag. Er þar átt við veglínuskynjara og neyðarhemlun til að mynda, en öryggisbúnaðurinn fékk aðeins 14% einkunn í prófinu sem er 61% fyrir neðan meðaltalið í prófununum. Annar bíll frá Renault fékk einnig slæma einkunn í síðustu prófunum EruoNCAP, en það var Dacia Spring EV sem væntanlegur er á næsta ári. Hann fékk aðeins eina stjörnu. Aðrir bílar stóðu sig vel eins og BMW iX sem veitir 91% vörn fyrir fullorðna farþega. Mercedes EQS stóð sig samt best af öllum, með 96% vörn fyrir fullorðna farþega ■.

> **Fyrri útgáfa Renault Zoe fékk fimm stjörnur á prófinu árið 2013 en munurinn útskýrist af auknum kröfum í prófununum.**



Hernaðarútgáfa rafdrifins Hummer verður eflaust talsvert frábrugðin borgaralegri útgáfu hans.

## Hummer EV pallbíllinn til hersins

njall@frettabladid.is

GM Defense er deild innan GM sem sér um að hanna og smíða farartæki fyrir ameríska herinn. Þar á bæ er verið að vinna að útgáfu af Hummer-rafpallbílnum til hernaðarnota, en hugmyndin er að nota hann sem könnunarökutæki.

Skiptir þar miklu máli hversu hljóðlátur rafbíllinn er. Bíllinn verður þó ekkert líkur núverandi Hummer EV, en mun þó nota sama undirvagn, rafmótora og rafhlöðu. Búast má við bíl sem er með brynvörn og brynjuðum undirvagni eins og hvert annað hernaðarökutæki, auk þess sem búnaður hans verður töluvert öðruvísi. Búast má við að fyrstu gerðir hans líti dagsins ljós á næsta ári. Ákvörðun um framleiðslu hans fyrir herinn verður þó ekki tekin fyrr en um miðjan áratuginn. ■



Bíllinn er harla óvenjulegur að sjá frá hlið, enda lengdin á við tvo smábíla.

## Sex hjóla ofurbíll frá Hennessey

njall@frettabladid.is

Það er óhætt að segja að Hennessey-hönnunarfyrirtækið hugsi út fyrir kassann, en þar á bæ er í smíðum harla óvenjulegt ökutæki. Farartækið kallast Project Deep Space og er sex hjóla ofurbíll. Verður hann fjögurra sæta þar sem ökumaðurinn situr einn fremst, tveir fyrir aftan hann og síðasti farþeginn aftast fyrir miðju. Segir John Hennessey sjálfur að þessi bíll verði fljótastur fjögurra sæta bíla í 320 km á klst.

Þegar er hafin smíði á bílnum sem verður frumsýndur 2026 og er þegar búið að selja það eintak, en alls verða 105 eintök smíðuð. Hennessey hefur verið að gæla við rafdrifinn ofurbíl í nokkurn tíma en glímt við þekkt vandamál sem er að ná niður þyngd, sem gengur ekki alltaf saman við háa hestaflatölu rafbíla sem þurfa fleiri mótora og stærri rafhlöður. Þess vegna fóru þeir þá leið að sætta sig við að bíllinn yrði yfir tvö tonn og ekki aðeins tveggja sæta. Bíllinn verður með mótor á hverju hjóli og að sögn Hennessey er ekki óalgengt að hver mótor geti skilað allt að 400 hestöflum í svona bíl. Ef slíkur mótor verður við hvert hjól verður hestaflatalan stjarnfræðileg, eða 2.400 hestöfl. Það eru fyrirtæki eins og Pennzoil, sem er í eigu Shell, og Delta, sem Cosworth á, sem eru í samstarfi við Hennessey um þróun rafmótoranna. ■

> **Ef 400 hestafla mótor verður á hverju hjóli verður hestaflatalan stjarnfræðileg, eða 2.400 hestöfl.**

# Sól eftir jól?

Okkar besta verð í sólina eftir jólin

## Tenerife & Kanarí í janúar á ótrúlegu verði

6 nætur
Flug & hótel frá
**72.450**

Skoðaðu fleiri gistimöguleika inná vef okkar heimsferdir.is

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

### Tenerife ★★★
Teide Mar



2. janúar í 5 nætur

**Frá kr. 85.850** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Tenerife ★★★
Tamaimo Tropical



5. janúar í 7 nætur

**Frá kr. 92.450** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Tenerife ★★★
Teide Mar



12. janúar í 6 nætur

**Frá kr. 72.450** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Kanarí ★★★
Jardin del Atlantico



3. janúar í 15 nætur

**Frá kr. 119.900** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Kanarí ★★
Don Gregorio Apartments



11. janúar í 7 nætur

**Frá kr. 89.900** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Kanarí ★★
Roque Nublo



25. janúar í 7 nætur

**Frá kr. 114.200** á mann
verð m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

# Hin óviðjafnanlegu Emil og Astrid

LEIKHÚS

## Emil í Kattholti

**Borgarleikhúsið**
**Höfundur:** Astrid Lindgren
**Leikstjórn:** Þórunn Arna Kristjánsdóttir
**Leikarar:** Gunnar Erik Snorrason/ Hlynur Atli Harðarson, Sóley Rún Arnarsdóttir/Þórunn Obba Gunnarsdóttir, Ásthildur Úa Sigurðardóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Esther Talía Casey, Þorsteinn Bachmann, Sigrún Edda Björnsdóttir, Aron Már Ólafsson/ Haraldur Ari Stefánsson, Árni Þór Lárusson, Hjörtur Jóhann Jónsson, Jóhann Sigurðarson, Rakel Ýr Stefánsdóttir, Sólveig Arnarsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir
**Þýðing:** Þórarinn Eldjárn

Sigríður Jónsdóttir



Emil í Kattholti er kærkominn sólargeisli inn í dimmasta skammdegið. MYND/GRÍMUR

Emil, Ída og allir kunnuglegu karakterarnir frá Smálöndunum eru mætt á stóra sviðið í Borgarleikhúsinu og greinilegt er að eftirvæntingin er mikil. Nú þegar er uppselt á ríflega tuttugu sýningar og aðrar tuttugu komnar í sölu. Emil í Kattholti er fyrsta leikstjóraverkefni Þórunnar Örnu Kristjánsdóttur og önnur eins frumraun hefur ekki sést síðan Mamma Mia! var á fjölum sama sviðs. Emil í Kattholti hrífur áhorfendurna með sér í ævintýralegt ferðalag, sýningin er uppfull af eftirminnilegum atriðum og hressandi skandinavískum sósíal-realisma.

Fjandakornið, Astrid Lindgren kunni að skrifa. Auðvitað eru þetta ekki neinar fréttir, en líkt og landar hennar í hljómsveitinni ABBA skrifar hún skotheldar sögur, skrúfaðar saman af tæknilegri kunnáttu og talar aldrei niður til fólks. Hrein unun er að sjá músagildruatriðið, eins konar byssa Tsjekhovs fyrir börn, þróast og ná óumflýjanlegum endapunkti. Töframáttur Lindgren felst í því að sögurnar þroskast með mannfólkinu, eftir því sem við eldumst þá sjáum við sagnabálk hennar í nýju ljósi. Hvernig hún laumar inn skandinavískum sósíalrealisma um stéttaskiptingu, lexíum um góðmennsku og flóknum samskiptum kynslóða, í ævintýri ætluð börnum.

### Mögnuð frumraun

Leikstjórafrumraun Þórunnar Örnu er algjörlega mögnuð, eins og áður sagði. Hún þræðir saman fjölskyldudrama, ærslagang og fjörug

> Önnur eins frumraun hefur ekki sést síðan Mamma Mia! var á fjölum sama sviðs.

söngatriði í risastórri sýningu, en einstakir karakterar fá líka að njóta sín. Þær Maríanna Clara Lúthersdóttir eru skrifaðar fyrir viðbótum og yfirferð á leikgerðinni, sem er listilega þýdd af Þórarni Eldjárn. Ekki er víst hvort hægt sé að fá leyfi fyrir slíkum breytingum en fella má texta úr handritinu, sýningin er vel tveir og hálfur tími að lengd, og dalar strax eftir hlé, en blómstrar síðan aftur undir lokin.

Emil og skammarstrikin hans eru auðvitað miðpunktur sögunnar. Oftar en ekki er Ída systir hans óafvitandi þátttakandi. Leikgleðin og gæðin beinlínis geisluðu af ungu leikurunum tveimur á frumsýningu. Gunnar Erik Snorrason og Þórunn Obba Gunnarsdóttir heilluðu alla upp úr skónum með leik og söng, hreyfingum og hremmingum. Jólasöngur Ídu bræðir köldustu hjörtu og sá fullorðni áhorfandi sem klökknar ekki þegar Emil festist í snjónum þarf að hugsa sinn gang.

### Kann að stela senunni

Sigurður Þór Óskarsson er hér á heimavelli með hjartað á erminni og söng í hjarta. Söngur Alfreðs púlsmanns er einn af hápunktum sýningarinnar. Textasmíð Lindgren er þarna upp á sitt allra besta og laumar lipurlega inn tregasöng um verkamannastrit í barnaleikrit, túlkað eftirminnilega af Sigurði Þór. Ásthildur Úa Sigurðardóttir er sömuleiðis að stimpla sig inn á leiksviðið með stæl. Hún fer með hlutverk lánlausu vinnukonunnar Línu sem mænir í áttina til Alfreðs, sem vill mismikið með hana hafa, og lendir sjálf í ýmsum uppákomum. Ef að hún heldur rétt á spilunum og fær tækifæri til, þá hefur hún alla burði til þess að vera arftaki sjálfrar Sigrúnar Eddu Björnsdóttur, sem kemur frekar við sögu síðar.

Anton og Ölmu leika Þorsteinn Bachmann og Esther Talía Casey. Fremur vandasamt er að túlka fjölskylduföðurinn þannig að hann birtist ekki sem ofbeldisfullur hrotti og tekst Þorsteini það ágætlega. Esther Talía gefur honum gott mótvægi sem þolinmóða og blíða húsmóðirin sem trúir engu slæmu upp á börnin sín. Hlutverk Týtuberja-Mæju er í raun ekki stórt, en Sigrún Edda veit að lítil hlutverk eru ekki til og sú kann að stela senunni. Sveitavéfréttin, vara-amman og sagnameistarinn lifna við í hennar höndum. Jóhann Sigurðarson kann sömu töfrabrögðin og er ljúfleikinn uppmálaður sem vinalegi sveitalæknirinn, yndislegt er að sjá hann leika á móti litla mótleikaranum.

Töluvert er af smærri hlutverkum og margir leikarar leika fleiri en eitt slíkt. Sólveig Guðmundsdóttir hittir í mark í hlutverki snobbhænunnar. Sólveig Arnardóttir setur mikið afl í illu Ráðskuna en sú saga líður fyrir staðsetningu sína í leikritinu og er fremur kraftlítil. Aðrir leikarar styrkja sýninguna með gleðina að vopni og samstilltu átaki.

### Flaggað í fulla stöng

Á síðustu árum hefur Disney-bragurinn einkennt barnasýningar af stærri gerðinni, en hann er hvergi að finna í Smálöndunum. Leikmyndahönnuðurinn Eva Signý Berger hefur aldrei verið betri. Sveitabýlið og skammarkrókurinn opnast fyrir augum áhorfenda líkt og dúkkuhús. Hver kimi er nýttur, bakgrunnurinn gefur dýpt og Lúkas, hesturinn góði, er listasmíð. Litadýrðin er líka við völd í búningahönnun Maríu Th. Ólafsdóttur, og sumarlegu hátíðarbúningarnir eru sérlega vel heppnaðir. Danshöfundurinn Lee Proud er orðinn ansi kunnugur stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu og sviðshreyfingarnar bera þess merki. Hvert hrífandi dansatriði rekur annað, fágun og fjör haldast í hendur. Hljómsveitin rekur síðan smiðshöggið á listrænu umgjörðina.

Emil í Kattholti er kærkominn sólargeisli inn í dimmasta skammdegið. Áhorfendur fylgja Emil og fjölskyldu heilan hring í kringum sólina. Ferðalagið verður örlítið of langt þegar sýningin dvínar eftir hlé, en þegar hún finnur fæturna á ný tekur hún á sprett inn í sumarið. Þórunn Arna og hennar teymi geta svo sannarlega flaggað í fulla stöng enda er hér á ferðinni stórglæsileg sýning fyrir alla fjölskylduna.

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtileg sýning sem hittir beint í hjartastað.

# Unglæknir leysir gátuna

BÆKUR

## Kópeníka

**Sölvi Björn Sigurðsson**
**Fjöldi síðna:** 390
**Útgefandi:** Sögur útgáfa

Kristján Jóhann Jónsson

Aðalpersónan, Finnur Kópeníkus, er unglæknir. Sagan hefst 1888 og hann starfar á Konungleg spítalanum í Kaupmannahöfn. Besti vinur hans, læknaneminn Halldór Júbelíum, er myrtur í húsasundi. Rist er á kvið hans og annað nýrað fjarlægt. Það er fagmannlega gert svo að grunur beinist að starfsmönnum spítalans. Andersen, annar helsti læknir spítalans, fær Finni það verkefni að finna morðingja Halldórs. Þar með getur frásögnin hafist. Andersen tekur það ekki í mál að talað sé við hálfvitana í lögreglunni.

Það hamlar framvindu að sögumaður hefur marga bolta á lofti í senn og ekki auðséð hvert sumir þeirra hafa skoppað. Halldór er myrtur og unglæknirinn Finnur leitar morðingjans. Gömul hjón, náskyld Halldóri, eru einnig drepin, einhver reynir að leyna því að þar séu morð á ferð. Einhver styttir gamalli mellumömmu aldur, gleðikonur hverfa og nokkur götubörn. Finnur hugar að þessum glæpum í leiðinni og sagan hvarflar milli þeirra, því hann grunar að þeir tengist. Ýmislegt bendir líka smám saman til tengsla milli glæpa, en það færir rannsakandann ekki nær niðurstöðu um morðið á Halldóri. Staðan í rannsókn Finns er óbreytt mjög lengi.

Auk þessa stendur Finnur í löngum og frekar torræðum átökum við Andersen lærimeistara sinn. Andersen stendur líka í átökum við Wilburn, hinn aðallækninn á spítalanum. Nokkuð er sagt frá leiðinlegum, orðheppnum stúdent sem heitir Júlíus Skjaldormur, er tveimur árum yngri en Finnur og virðist vilja skyggja á hann. Inn í söguna kemur svo hópur ungra baráttukvenna sem kalla sig Ragetturnar. Þær tala groddalega til pilta, segjast vilja hafa þá í búri og taka tittlinginn á þeim út á milli rimlanna til sinna þarfa. Þetta er að mestu leyti í nösunum á þeim þegar til á að taka. Þá geta þær breyst í geðprúðar ástmeyjar. Lengst af standa þessi átök í óljósum tengslum við lykilspurninguna: Finnur Finnur morðingja Halldórs?

Hér verður auðvitað ekkert sagt um málalyktir. Margt er ónefnt enda sagan 390 blaðsíður. Öll þessi átök og andstæður eru meira og minna óleyst lengi vel. Eftir miðbik fer ýmislegt að skýrast en hnitmiðuð bygging hefði verið til góðs. Málfar er víða gallað og stíl




ábótavant. Við tölum til dæmis sjaldan um að mönnum sé „veitt eftirseta“, að „reknar séu úr þeim garnirnar“, eða um „kviðsjúklinga sem þrotnir eru af raunum“. Ég tel ekki upp fleira af þessu en slakar lausnir í málfari og stíl spilla alltaf fyrir söguþræði, vegna þess að lesandinn hnýtur um ambögur. Það er ekki nóg að birta á bókarkápu yfirlýsingar frá stórmennum um að höfundurinn sé „stílisti af guðs náð“, bókin sé „glæpasaga ársins“, og jafnframt „miði á fyrsta farrými lestursins“ (hvað sem það þýðir nú.) Hin yfirgengilega snilld verður líka að sjást á blaðsíðum bókarinnar. ■

**NIÐURSTAÐA:** Spennusaga sem gerist meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn seint á nítjándu öld. Flestar aðalpersónur tengjast læknavísindum með einhverju móti. Það er áhugaverð hugmynd að láta söguna gerast í þessu umhverfi á þessum tíma, en hér vantar ritstjórn og yfirlestur. Þar hefur útgefandinn brugðist höfundi sínum.

# Forpöntun 2022 kynningarverð

**TIL 15. DESEMBER**

# GRJÓTHARÐIR GARÐBEKKIR



## VIÐHALDSFRÍIR BEKKIR ÚR GRANÍT






**Tilboð:**
*130 cm breiðir ca 140 kg.*
*Grár, svartur eða paradiso*
*Hægt að grafa letur eða logo í bak*
*eða sessu gegn aukagjaldi.*
*Forsöluverð 230.000 (~~295.000~~)*

*Afhending í byrjun maí.*
*Frír flutningur um allt land.*
*Staðfestingargjald 100.000*

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

**s: 466 2800 | 899 9370**
**sala@minnismerki.is**
**steinsmidjaakureyrar.is**

# Fallegar bækur fyrir káta krakka!

Þú finnur allar jólagjafirnar fyrir þig og þína í Pennanum Eymundsson.




Hundmann tveggja katta tal
**2.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Ótemjur
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Jólasvínið
**4.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




Ferðalagið  Styrkleikabók
**5.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.




Harry Potter og fanginn frá Azkaban
**7.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.




Tunglið, tunglið taktu mig
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Bannað að eyðileggja
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Þín eigin ráðgáta
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Orri óstöðvandi
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.599 KR.

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

Þú færð SMS áður en við mætum. Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

9.12–13.12

# TAX FREE

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

## ÖLLUM VÖRUM!

*Gildir ekki með öðrum tilboðum og ekki af húsgögnum og Hay vörum




Nú er nóg komið
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Vala Víkingur og epli Iðunnar
**2.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Einkaspæjarastofa Suðurgötusystra
**2.959 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Meira pönk, meiri hamingja
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Illfyglið
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.299 KR.




Þegar ég verð stór
**2.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Salka Tölvuheimurinn
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.599 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 13. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum. Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Penninn Eymundsson
WWW.PENNINN.IS



Ungskáldin góðu á Akureyri. MYND/AÐSEND

## Þorsteinn Jakob er ungskáld Akureyrar

kolbrunb@frettabladid.is

Úrslit í ritlistarkeppni Ungskálda 2021 voru kynnt í Amtsbókasafninu á Akureyri á dögunum. Fyrstu verðlaun hlaut Þorsteinn Jakob Klemenzson fyrir „Vá hvað ég hata þriðjudaga!“ Í öðru sæti var Halldór Birgir Eydal með „Ég vil ekki kaupa ný jakkaföt“ og Þorbjörg Þóroddsdóttir hreppti þriðja sætið fyrir verk sitt „Mandarínur“. Alls bárust 52 verk frá 29 þátttakendum í keppnina að þessu sinni.

Fyrr í haust var haldin sérstök ritlistasmiðja í Menntaskólanum á Akureyri í tengslum við Ungskáld 2021. Leiðbeinendur voru Fríða Ísberg og Halldór Laxness Halldórsson, eða Dóri DNA. ■

## Fimm teikningar Gunnhildar

kolbrunb@frettabladid.is

Fimm teikningar er innsetning eftir Gunnhildi Hauksdóttur myndlistarmann, ásamt nýjum blekverkum í sýningarrými MULTIS að Tryggvagötu 21, Hafnartorgi.

Fimm teikningar samanstendur af tveim hljóðrásum, skúlptúr og teikningum. Verkið er hluti af röð verka þar sem Gunnhildur vinnur með umbreytingu teikninga yfir í raddskrár. Gunnhildur vann með fimm ungar djasssöngkonur í Listaháskólanum í Klaipeda í Litháen. Ein söngkona túlkar hverja teikningu fyrir sig. ■



Gunnhildur sýnir á Hafnartorgi. MYND/AÐSEND






# Forkunnarfagur söngur bar af

TÓNLIST

**Miðevrópsk kvikmyndatónlist**
**Kaldalón í Hörpu**
mánudagur 6. desember

Jónas Sen



Markéta Irglova söng einstaklega fallega, segir Jónas Sen. MYND/AÐSEND

Tónskratti, eða Diabolus in musica, er bil á milli tveggja tóna sem kallast stækkuð ferund. Hún þótti óskaplega ljót í gamla daga; þaðan kemur nafnið. Tónbilið er algengt í tónlist sem fjallar á einhvern hátt um öfl myrkursins. Þannig er uppi á teningnum í kvikmynd Romans Polanski, The Ninth Gate. Wojciech Kilar samdi tónlistina og stækkaðar ferundir eru úti um allt.

Tónlist Kilars er sjaldheyrð á tónleikum hérlendis, og því fylltist ég eftirvæntingu þegar ég sá nafn hans á efnisskránni á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á mánudagskvöldið. Átti maður von á einhverjum spennandi djöfulgangi?

Nei, svo var ekki. Það sem hér var flutt var bara hugljúfur vals úr kvikmyndinni The Promised Land eftir Andrzej Wajda. Tónlistin var þægileg áheyrnar, risti reyndar ekki djúpt, en átti væntanlega ekki að gera það.

**Eins og nemendahljómsveit**

Tónleikarnir samanstóðu af lögum úr miðevrópskum kvikmyndum. Kammersveit hljóðfæraleikara spilaði og virtust þeir flestir vera úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Leikur þeirra olli nokkrum vonbrigðum. Fiðlurnar voru ekki alveg hreinar og var það á köflum svo áberandi að það var eins og nemendahljómsveit væri að spila. Hljómburðurinn í Kaldalóni hjálpaði ekki, en hann er skraufþurr og hentar því betur rafmagnaðri tónlist. Órafmagnaður söngur kemur alltaf einstaklega illa út þar, sem og fiðlur – líka þegar þær eru hreinar.

Tónlistin var engu að síður skemmtileg. Lögin voru eftir Michal Novinski, Attila Pacsay, Krzysztof Komeda, Henryk Wars, Judit Varga, Markétu Irglovu og Glen Hansard. Þau voru fremur keimlík; laglínur voru grípandi og oft angurværar, stemningin brothætt og tregafull.

> ” Lagið var unaðslegt áheyrnar, einfalt en dáleiðandi.

Útsetningarnar voru eftir Zbigniew Zuchowicz og voru býsna sannfærandi. Þær voru fjölbreyttar og litríkar; mismunandi raddir samsvöruðu sér ágætlega. Þarna var píanó, slagverk, gítar (í einu lagi) og strengjasveit. Verst hvað fiðlurnar voru ókræsilegar.

**Besta lagið**

Markéta Irglova átti langbesta lagið á tónleikunum, The Hill, úr myndinni Once, eftir John Carney. Irglova mun vera búsett hérlendis og er margverðlaunað tónskáld. Hún flutti lagið sjálf, söng einstaklega fallega og spilaði undir á píanó. Lagið var unaðslegt áheyrnar, einfalt en dáleiðandi. Hinir vondu strengir voru sem betur fer víðs fjarri.

Tónlist í kvikmyndum kemur oft ekki vel út á tónleikum ein og sér. Tónleikarnir nú voru undantekning. Laglínurnar voru svo hrífandi að það var sérlega ánægjulegt. Bara að hljómsveitarleikurinn hefði verið jafngóður. ■

**NIÐURSTAÐA:** Frábær tónlist en flutningurinn var misjafn og slæmur hljómburður hjálpaði ekki.

# Ótamin Lukka

BÆKUR

**Ótemjur**
**Kristín Helga Gunnarsdóttir**
**Útgefandi:** Bjartur
**Fjöldi síðna:** 293

Brynhildur Björnsdóttir




Bækur um afturhvarf til náttúrunnar hafa átt sín blómaskeið í bókmenntasögunni og nú er eitt slíkt mögulega í uppsiglingu, enda kallar samtíminn á lausnir við vanda sem skapast af firringu og aftengingu manns og náttúru, vanda sem gæti kostað okkur framtíðina. Kristín Helga Gunnarsdóttir hefur gert þetta flókna samband manns og náttúru að umfjöllunarefni í nokkrum bóka sinna og er skemmst að minnast bókarinnar Fjallaverksmiðja Íslands sem kom út fyrir tveimur árum, þar sem umhverfispólitík var í fyrirrúmi. Hér er róið á aðeins önnur mið.

Lukka er þrettán ára og ber nafn sitt ekki með rentu. Hún býr í lítilli kjallaraíbúð með ömmu sinni og Stínu, sem dregur íbúa undirheima Reykjavíkur heim með reglulegu millibili, hún fer sjaldan í skólann því hún er allt of skrýtin fyrir krakkana þar og hennar eina vinkona er amma Fló sem er nýdáin þegar sagan hefst. Lukka stendur því uppi alein en þó ekki alveg, því amma hennar hefur brugðið á það ráð að útvega henni fóstur á hrossaræktarbúgarði í Skagafirði og þangað er hún flutt nauðug og í flóttahug, eins og hvert annað ótamið tryppi. Á bænum kynnist hún dýrum og fólki og finnur jafnvægi sem hana hefur skort frá því hún man eftir sér.

Kristín Helga er löngu búin að stimpla sig inn sem barnabókahöfundur og hefur einnig sent frá sér skáldsögur fyrir fullorðna. Í þessari bók nær hún að beita einstökum frásagnartöfrum, persónurnar eru heilsteyptar og marglaga og atburðarásin er óvænt og göldrótt með kæruleysislegri yfirnáttúru á köflum. Lýsingarnar á upplifun barns á óreglu og óreiðu eru sársaukafullar og að sama skapi eru lýsingarnar á sveitalífinu heillandi og þó kannski megi ætla af þessum fullyrðingum að hér sé á ferðinni dæmigerð sveitarómantík frá miðri síðustu öld þá er fjarri því. Meira er sýnt og gefið í skyn en sagt berum orðum og lesandinn er ekki með allar upplýsingar fyrr en langt er liðið á bókina.

> ” Í þessari bók nær hún að beita einstökum frásagnartöfrum, persónurnar eru heilsteyptar og marglaga og atburðarásin er óvænt.

Ótemjur er heillandi saga af sársauka, bata og endurreisn sem situr með lesandanum löngu eftir að lestri lýkur. ■

**NIÐURSTAÐA:** Heillandi saga af sársauka, bata og endurreisn.

# hvar er heima?


Andrius Grigalaitis

þar sem mér líður vel?


Páll Haukur Björnsson

stjórn á aðstæðum?


Wiola Ujazdowska

að deila skoðunum?


Anna Sigríður Sigurjóns.

þar sem ég vil láta jarða mig?

þar sem foreldrar mínir eru?



Magda Węgrzyn

lykt?


Sylwia Gorak

þar sem ég fæddist?

skjól?


Julija Pociute


Ragnhildur von Weisshappel

öryggi?


Marija Griniuk

tilfinning?


Pétur Magnússon

góði koddinn?

Tomas Andrijauskas


öruggt rúm?

Andrii Dostliev


Solveiga Gutaute


**11.12.2021**
**KORPÚLFSSTAÐIR**
**MYNDLISTARSÝNING**

Anna Eyjólfs
Paulina Kuhn
Krzysztof Stanisławski
Ragnhildur Stefánsdóttir
Evelina Januškaite
Egle Ganda Bogdaniene
Dawid Paweł Lewandowski
Paulina Tchurzewska
Andrii Dostliev
Sylwia Gorak
Maciej Kwietnicki
Ala Savashevich
Wiola Ujazdowska
Magda Węgrzyn
Tomasz Markiewka
Páll Haukur Björnsson
Sindri Leifsson
Pétur Magnússon
Anna Sigríður Sigurjónsdóttir
Ragnhildur von Weisshappel
Kristín Reynisdóttir
Anna Wojtynska
Tomas Andrijauskas
Andrius Grigalaitis
Marija Griniuk
Solveigaa Gutautė
Živilė Minkutė
Julija Pociūtė
Justas Kazys

**COMMON GROUND**


SÍM Samband íslenskra myndlistarmanna
Akademía skynjunarinnar Academy of the Senses
Lietuvos dailininkų sąjunga
Centre of Contemporary Art Znaki Czasu in Toruń
Creative Europe




SOS BARNAÞORPIN
SUNNUDAG KL. 20.00

Þáttur um hið merka starf SOS barnaþorpanna sem eru stærstu hjálparsamtök í heimi sem fara með forræði barna. Samtökin starfa í 137 löndum, þar á meðal hér á Íslandi, og eru með um 65.600 börn og ungmenni á sínu framfæri.

HRINGBRAUT



# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.00 Kvennaklefinn (e)** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
**20.30 Sir Arnar Gauti (e)**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Sögur snjómannsins**
**07.24 Tulipop**
**07.28 Poppý kisukló**
**07.38 Blæja**
**07.45 Rán - Rún**
**07.50 Kalli og Lóa**
**08.01 Hæ Sámur**
**08.08 Kátur**
**08.20 Eðlukrúttin**
**08.31 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
**08.42 Hið mikla Bé**
**09.04 Kata og Mummi**
**09.15 Lautarferð með köku**
**09.21 Stundin okkar**
**09.45 Húllumhæ**
**09.55 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.00 Ævar vísindamaður**
**10.10 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.25 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.40 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.55 Jóladagatalið. Jólasótt**
**11.25 Hvað getum við gert?** Flug.
**11.30 Kappsmál**
**12.25 Vikan með Gísla Marteini**
**13.15 Jólin hjá Claus Dalby**
**13.25 Kiljan**
**14.20 HM kvenna í handbolta**
**16.10 Endurfundir í náttúrunni**
**16.55 Kósýheit í Hveradölum**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.39 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.45 Bækur og staðirArnarstapi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Í jólaskapi**
**20.20 Sune eða Sune Sune vs. Sune**
**21.50 Ljósmóðirin - Jólin nálgast Call the Midwife. Christmas Special 2018** Breskir þættir byggðir á sögulegum heimildum um ljósmæður og verðandi mæður í fátækrahverfi í austurhluta Lundúna snemma á sjöunda áratugnum.
**22.40 Dásamleg helvítis jól En underbar jävla jul**
**00.25 Séra Brown Father Brown**
**01.10 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.50 QBE Shark Shootout** Útsending frá QBE Shark Shootout-mótinu.
**12.50 Hero World Challenge**
**13.45 KPMG Women's PGA Championship**
**15.55 PGA Special. Bubba Watson and Friends Match**
**18.00 QBE Shark Shootout** Bein útsending frá QBE Shark Shootout-mótinu.
**22.00 Pelican Women's Championship**

## Sjónvarp Símans

**10.00 Rise of the Guardians - ísl. tal** Bráðskemmtileg teiknimynd með íslensku tali.
**13.00 Speechless**
**13.25 Happy Together**
**13.50 Single Parents**
**14.30 Liverpool - Aston Villa** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (21.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (22.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Pósturinn Páll. Bíómyndin - ísl. tal** Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali.
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 American Housewife** Katie er ósköp venjuleg, hress og ákveðin húsmóðir sem reynir að láta hlutina ganga upp í fínu hverfi.
**19.40 mixed-ish**
**20.10 Love Actually**
**22.20 A Bad Moms Christmas**
**00.10 John Wick. Chapter 2**
**02.10 Criminal** Spennumynd frá 2016. Til að freista þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hryðjuverk ákveður CIA að koma minningum látins leyniþjónustumanns fyrir í kolli glæpamannsins Jerichos Stewart í þeirri von að hann geti ljóstrað því upp sem hinn látni vissi um hina aðsteðjandi ógn.
**03.35 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Í leit að betra lífi** Í leit að betra lífi, annar þáttur.
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Matarsófíur** (1 af 2)
**11.00 Fréttir**
**11.02 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Heimskviður**
**13.25 Kynstrin öll** (15 af 16)
**14.05 Stutt langt stutt** (2 af 2)
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Hvít jól**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar** Steen Vig & Bluesicans, Rocky Boyd og Horace Silver.
**20.50 RatsjáEftirlit. Þau eru að horfa**
**21.15 Bók vikunnar** Selta
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Litla flugan** Ragnar Bjarnason söngvari
**23.00 Vikulokin**

## Stöð 2 Bíó

**11.30 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins**
**12.55 The Family Stone**
**14.35 Valley Girl**
**16.15 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins**
**17.35 The Family Stone**
**19.15 Valley Girl**
**21.00 Forgetting Sarah Marshall**
**22.45 Banana Split**
**00.05 211**
**01.30 Forgetting Sarah Marshall**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 Friends**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.50 Jóladagatal Árna í Árdal**
**13.55 Friends**
**14.20 The Office**
**14.40 The Office**
**15.05 Jamie's Easy Meals at Christmas**
**15.55 Víkingar- Fullkominn endir**
**16.35 Framkoma**
**17.15 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir 3 af 6**
**17.45 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir 4 af 6**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Kviss**
**20.10 The Man Who Invented Christmas**
**21.50 The Holiday Rómantísk og jólaleg gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.**
**00.05 The Great Gatsby** Stórmynd frá 2013 með Leonardo DiCaprio og Tobey Maguire í aðalhlutverkum. Sögusviðið er New York árið 1922 þegar djassinn og hið ljúfa líf ræður ríkjum í borginni. Rithöfundurinn Nick Carraway flytur í stórborgina þar sem hann kynnist hinum dularfulla milljónamæring Jay Gatsby. Fljótlega dregst Nick inn í heim hinna ofur ríku.
**02.25 Curb Your Enthusiasm**
**03.00 Friends**
**03.25 Friends**
**03.45 The Office**
**04.05 The Office**

## Stöð 2 Sport

**08.30 FH - Selfoss** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**09.55 Stjarnan - Afturelding**
**11.20 Subway Körfuboltakvöld**
**12.20 Keflavík - Tindastóll** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
**14.05 Þór Þ. - KR**
**15.50 Haukar - KA/Þór** Bein útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
**17.25 Stjarnan - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**18.50 Subway Körfuboltakvöld**
**20.00 Víkingar- Fullkominn endir**
**20.50 Seinni bylgjan**
**22.05 FH - Selfoss**
**23.30 Stjarnan - Afturelding**
**00.55 Subway Körfuboltakvöld**
**01.55 Seinni bylgjan**

## Stöð 2 Sport 2

**06:50 Ajax - Sporting**
**08:30 Leipzig - Manchester City**
**10:10 Dortmund - Besiktas**
**11:55 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**12:25 Huddersfield - Coventry** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**14:25 Real Madrid - Inter**
**16:00 Meistaradeildarmörkin** Mörkin og marktækifærin í Meistaradeild Evrópu gerð upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**16:55 Lokasóknin**
**18:00 Ensku bikarmörkin** Markaþáttur Ensku bikarkeppninnar, FA Cup.
**18:30 Huddersfield - Coventry**
**20:30 Clippers - Magic** Bein útsending frá leik í NBA.
**23:10 Bengals - Chargers**

JÓLAGJAFIR FYRIR SÆLKERA



# Gefðu skemmtilega upplifun í mat og drykk

**Gjafabréf** sem gildir á
**fimm** af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur




Veldu upphæð; 5.000, 10.000, 15.000, 20.000 eða 25.000 kr.
og gjafabréfið gildir í fimm ár á; Fjallkonan Krá & Kræsingar,
Tapasbarinn, Sæta Svínið Gastropub, Sushi Social
og Apotek Kitchen+Bar

Gjafabréfin fást á öllum stöðunum og á **gefum.is**

FJALLKONAN KRÁ & KRÆSINGAR
Tapas barinn
Sæta svínið GASTROPUB
sushi social
APOTEK KITCHEN+BAR

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)**
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
**19.30 Bókahornið**
**20.00 SOS barnaþorpin** SOS barnaþorpin eru stærstu hjálparsamtök í heimi sem fara með forræði barna. Samtökin starfa í 137 löndum, þar á meðal hér á Íslandi, og eru með um 65.600 börn og ungmenni á sínu framfæri í barnaþorpum.
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Rán - Rún**
**07.21 Kúlugúbbarnir**
**07.44 Poppý kisukló**
**07.55 Kátur**
**08.07 Stuðboltarnir**
**08.18 Hvolpasveitin**
**08.41 Skotti og Fló**
**08.48 Unnar og vinur**
**09.11 Múmínálfarnir**
**09.33 Eldhugar**
**09.37 Sammi brunavörður**
**09.47 Týndu jólin** Dularfulla bréfið.
**10.00 Úti í umferðinni** Í bílnum.
**10.05 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.50 Aðstoðarmenn jólasveinanna** Dimmuborgir.
**11.00 Silfrið**
**12.10 Forboðin ást** Ást í meinum.
**12.40 Jólin hjá Mette Blomsterberg**
**13.10 Björgunarafrekið við Látrabjarg**
**14.00 Jólin koma** Diddú og Ragnheiður Gröndal.
**14.20 HM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik í milliriðli.
**16.05 Okkar á milli**
**16.40 Menningin - samantekt**
**17.05 Músíkmolar**
**17.15 Jóladagatalið. Jólasótt**
**17.40 KrakkaRÚV**
**17.41 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**17.54 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.20 Stundin okkar**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn**
**20.20 Ljósmóðirin - Jólin nálgast**
**21.10 Rökkur**
**23.05 Norskir jólatónar með Kurt Nilsen**
**00.35 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.30 Tvöfaldur skolli**
**09.10 QBE Shark Shootout**
**13.10 Golfarinn**
**13.40 PGA Special. 2017 Players Official Film**
**14.25 PGA Special. 3M Open Compass Challenge**
**16.30 Golfarinn**
**17.00 QBE Shark Shootout** Bein útsending frá QBE Shark Shootout mótinu.
**21.00 Golfarinn**
**21.30 CME Group Tour Championship**

## Sjónvarp Símans

**10.00 Over the Hedge - ísl. tal**
**12.15 Top Chef**
**13.00 The Bachelorette**
**14.50 The King of Queens**
**15.10 Everybody Loves Raymond**
**15.35 Úlfhundurinn - ísl. tal**
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (23.52)**
**17.10 Fjársjóðsflakkarar (24.52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Heimur norðurljósa** Ísland. Af hverju að elta Norðurljósin?
**18.15 Ástríða**
**18.45 Jólastjarnan 2021**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 Young Rock**
**19.40 Kenan**
**20.10 Christmas in Rome**
**21.45 Stella Blómkvist**
**22.30 Yellowstone**
**23.15 City on a Hill**
**00.05 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.50 Dexter**
**01.40 The Rookie**
**02.25 Clarice**
**03.10 Kielergata**
**03.55 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól í Kosovo**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Svona er þetta**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunna** Meira.
**11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Sögur af landi**
**14.00 Víðsjá**
**15.00 Lestin**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu. Jólatónleikar Sinfóníunnar**
**17.25 Orð af orði**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Matarsófíur** (1 af 2)
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Í leit að betra lífi**
**20.30 Kynstrin öll**
**21.35 Úr gullkistunni** Ilmur jólanna.
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Á reki með KK**
**23.10 Frjálsar hendur**

## Stöð 2 Bíó

**11.40 Love Exclusivly**
**13.10 Holly & Ivy**
**14.35 Back to the Future II**
**16.20 Love Exclusivly**
**17.50 Holly & Ivy**
**19.15 Back to the Future II**
**21.00 Blinded by the Light**
**22.50 The Outpost** Söguleg stríðsmynd frá 2020. Lítill hópur bandarískra hermanna berst gegn hundruðum vígamanna Talibana í Afghanistan.
**00.50 Mary**
**02.15 Blinded by the Light**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.05 Friends**
**11.25 Jóladagatal Árna í Árdal**
**11.35 Top 20 Funniest**
**12.15 Nágrannar**
**13.40 Nágrannar**
**14.05 Christmas at the Plaza**
**14.55 Lodgers For Codgers**
**15.45 Kviss**
**16.35 Fantasy Island**
**17.35 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Blindur jólabakstur**
**19.40 Víkingar- Fullkominn endir**
**20.25 Professor T**
**21.15 La Brea** Hörkuspennandi ævintýraþættir frá 2021. Þegar risa hyldýpi opnast á dularfullan hátt í Los Angeles gleypir það í sig nokkrar blokkir og allt og alla á því svæði.
**21.55 War of the Worlds**
**22.50 Succession**
**23.50 Tin Star. Liverpool**
**00.40 The Blacklist**
**01.25 Friends**
**01.45 Top 20 Funniest**
**02.25 Christmas at the Plaza**
**03.15 Fantasy Island**

## Stöð 2 Sport

**08.00 Seinni bylgjan**
**09.15 Haukar - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**10.35 Subway körfuboltakvöld**
**11.30 Stjarnan - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway deild karla .
**13.10 Tilþrifin**
**13.55 Seinni bylgjan**
**15.10 FH - Selfoss** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**16.40 Foringjarnir - Kristinn Kjærnested**
**17.20 Seinni bylgjan**
**18.35 Haukar - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**20.00 Seinni bylgjan**
**21.00 Foringjarnir - Jónas Þórhallsson**
**21.50 Seinni bylgjan**
**23.05 Seinni bylgjan**
**00.05 Víkingar- fullkominn endir**

## Stöð 2 Sport 2

**06.15 Benfica - Dynamo Kiev**
**07.55 Salzburg - Sevilla**
**09.35 Zenit - Chelsea**
**11.20 Zaragoza - Fuenlabrada** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**13.05 Manchester United - Young Boys**
**14.45 Meistaradeildarmörkin**
**15.30 The Fifth Quarter**
**15.50 Valencia Basket - Obradoiro** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**17.35 NFL Extra**
**18.00 Chiefs - Raiders** Bein útsending frá leik í NFL.
**21.20 Buccaneers - Bills** Bein útsending frá leik í NFL.
**01.05 Knicks - Bucks**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
**19.30 Heima er bezt** er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Fólkið í landinu** Halldór Hermannsson.
**13.30 Aðstoðarmenn jólasveinanna** Desemberhátíð.
**13.40 Vesturfarar** (4 af 10)
**14.20 Jólavaka RÚV 2015**
**15.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**16.00 Veisla í farangrinum** Halifax.
**16.25 Silfrið**
**17.30 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.39 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Jólalag dagsins** Valdimar - Christmas Song.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Hvað getum við gert?**
**20.15 Endurfundir í náttúrunni. Wild Animal Reunions**
**21.10 Af öllu hjarta** Finnsk, leikin þáttaröð um Ritu sem starfar við barnavernd í Helsinki en var vikið tímabundið frá starfi vegna hvarfs sex ára barns sem hún hafði umsjón með. Þegar Rita snýr aftur til starfa fær hún nýjan starfsfélaga, hina óreyndu Lauru, og saman mynda þær öflugt teymi. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Jevgení Onegin. John Cranko's Onegin**
**00.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 Founders Cup**
**12.00 Golfarinn**
**12.35 QBE Shark Shootout**
**16.35 QBE Shark Shootout**
**20.35 QBE Shark Shootout**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 The Late Late Show**
**13.00 A Million Little Things**
**14.50 The King of Queens**
**15.10 Everybody Loves Raymond**
**15.35 Didda og dauði kötturinn - ísl. tal**
**17.00 Fjársjóðsflakkarar (25 og 26 af 52)**
**17.25 Tilraunir með Vísinda Villa**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 The Unicorn**
**19.40 Superstore**
**20.10 Top Chef**
**21.00 The Rookie**
**21.50 Clarice**
**22.35 Kielergata**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 Dexter**
**00.55 FBI. Most Wanted**
**01.40 The Good Fight**
**02.25 Paradise Lost**
**03.10 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Lög af annarri hæggengu plötu Hljóma.
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið. Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól** Í Kosovo.
**15.00 Fréttir**
**15.03 Orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Saga hlutanna**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi** (22 af 32)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**



## Stöð 2 Bíó

**11.30 Second Act**
**13.10 Stan & Ollie**
**14.45 The Night Is Young**
**16.15 Second Act**
**17.55 Stan & Ollie**
**19.30 The Night Is Young**
**21.00 Adam**
**22.35 The Photograph**
**00.20 The Clovehitch Killer**
**02.05 Adam**

## Stöð 2

**07.55 Heimsókn**
**08.20 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Jóladagatal Árna í Árdal**
**09.35 Divorce**
**10.00 Landnemarnir**
**10.40 Grand Designs**
**11.25 Golfarinn**
**11.55 Eldhúsið hans Eyþórs**
**12.15 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Greatest Dancer**
**14.20 Friends**
**14.55 Insecure**
**15.25 The Goldbergs**
**15.45 Hell's Kitchen**
**16.30 Masterchef USA**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.20 Annáll 2021**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 The Great British Bake Off. Christmas Special 2020**
**20.10 Home Economics**
**20.35 Fantasy Island**
**21.20 Succession**
**22.20 The Pact**
**23.25 60 Minutes**
**00.10 Agent Hamilton**
**01.00 SurrealEstate**
**01.40 Legends of Tomorrow**
**02.25 The Mentalist**
**03.05 Friends**
**03.25 Insecure**

## Stöð 2 Sport

**07.00 Seinni bylgjan**
**08.00 Haukar - KA/Þór** Frá leik í Olís deild kvenna.
**09.20 Stjarnan - Afturelding** Frá leik í Olís deild karla.
**10.45 Seinni bylgjan** Olís deild karla.
**12.00 Seinni bylgjan** Olís deild kvenna.
**13.00 Skallagrímur - Fjölnir** Subway deild kvenna.
**14.40 Keflavík - Valur**
**16.20 Subway körfuboltakvöld**
**17.15 Foringjarnir - Jónas Þórhallsson**
**18.05 Stjarnan - Njarðvík** Subway deild karla.
**19.45 Tilþrifin**
**20.30 Keflavík - Tindastóll** Subway deild karla.
**22.15 Subway körfuboltakvöld**
**23.15 Þór Þ. - KR** Subway deild karla.

## Stöð 2 Sport 2

**07.45 Casademont Zaragoza - Urbas Fuenlabrada**
**09.20 Valencia Basket - Monbus Obradoiro**
**11.00 Dregið í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar**
**12.00 NFL Extra**
**12.30 Dregið í útsláttarkeppni Evrópudeildarinnar**
**13.30 NFL Gameday**
**13.55 Leikur** Frá leik í NFL.
**16.15 Leikur** Frá leik í NFL.
**18.35 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**19.00 Football League Show**
**19.40 Sheffield United - QPR** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**21.45 Knicks - Bucks**
**23.25 Clippers - Magic**
**01.05 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**

# VEF SJOPPAN




500 ml
1000 ml
1500 ml

48% AFSLÁTTUR

## Silíkon Geymslupokar

Frábærir vatnsheldir silíkon pokar fyrir afganginn eða bara til að feraðst með súpuna eða matinn þinn.

3 stk./pk. Verð: ~~5.390 kr.~~

**Tilb.verð: 2.750 kr.**



61% AFSLÁTTUR

## Silíkon Teygjulok

Nýttu matarafganga í stað þess að henda!. Teygjulokin passa á flesta diska, skálar, glös, ávexti og krukkur.
Hitaþolið upp í 230° C.

6 stk./pk. Verð: ~~2.490 kr.~~

**Tilb.verð: 990 kr.**

# RÝMINGARSALA



Stór 33 x 36 cm
Mið 26 x 28 cm
Lítil 18 x 20 cm

56% AFSLÁTTUR

## Bý-Vax klútar

3 stk./pk. Verð: ~~3.200 kr.~~

**Tilb.verð: 1.390 kr.**



Hver kannast ekki við að berjast við að ná öllu úr hnetusmjörs krukkunni, þegar það vantar bara smávegis upp á að brauðsneiðin sé alveg fullkomin?

Prufaðu þessa sköfu og náðu hverjum einasta dropa.

56% AFSLÁTTUR

## Flöskuskafa

Verð: ~~1.499 kr.~~

**Tilb.verð: 650 kr.**




Hentar sérstaklega vel þegar þú ert að taka heitt fat út úr ofninum þannig að þú brennir þig síður á höndunum.

49% AFSLÁTTUR

## Silíkon Ofnhanskar

2 stk./pk. Verð: ~~2.490 kr.~~

**Tilb.verð: 1.250 kr.**




Stór 33 x 36 cm
Mið 26 x 28 cm
Lítil 18 x 20 cm

51% AFSLÁTTUR

## Pönnuskafa

Þessi frábæra skafa hentar sérstaklega vel í þetta, er einnig sniðug í að skera hveiti, skreyta köku og svo margt fleira sem hún nýtist svo vel í.

2 stk./pk. Verð: ~~1.2990 kr.~~

**Tilb.verð: 389 kr.**



Frábær samanbrjótanleg drykkjarmál úr silíkon sem þola hita jafn sem kulda.

Henta vel í útileguna, skokkið, gönguferðina og að sjálfsögðu ferðalagið.

51% AFSLÁTTUR

## Glas í vasa

Verð: ~~1.750 kr.~~

**Tilb.verð: 850 kr.**

blómaval HÚSASMIÐJAN

# JÓLIN FYRIR ÞIG

## Allt jólaskraut

Styttur, kúlur, kerti, servíettur o.fl.



**25% afsláttur**

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum

## Jólagjafahandbók 2021

Frábærara hugmyndir af flottum jólagjöfum, skoðaðu á husa.is






## Tilboðstré

Meðan birgðir endast

Normannsþinur í **standard flokki**, allar stærðir, eitt verð, merkt með fjólubláum miða í verslun

Stærðir: 150-240 cm

**3.990kr**

33%

~~5.990kr~~

Athugið Normannsþinur í **fyrsta flokki** er með **20% afslætti** og á öðru verði




Jólasveinar í Skútuvogi
Laugardagur: 12:30-14:00
Sunnudagur: 13:00-14:00
Opið til kl. 20 alla daga til jóla í Skútuvogi
JÓLATRÉ
20%
afsláttur
Normannsþinur, íslensk stafafura,
íslenskt rauðgreni og gervijólatré
Sérvalin, falleg jólatré í fyrsta gæðaflokki í Blómavali
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Hvað ertu að lesa?



Bergþóra Snæbjörnsdóttir rithöfundur reynir reglulega að saxa á listann af ólesnum bókum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Las morðsögu kærastans oft

**Bergþóra Snæbjörnsdóttir**
*rithöfundur*

„Það er alltaf svo mikið af ótrúlega góðum bókum og ég einhvern veginn er aldrei að bíða eftir neinu til að lesa. Ég er bara að saxa á listann,“ svarar rithöfundurinn Bergþóra Snæbjörnsdóttir, aðspurð hvort hún sé að bíða eftir ákveðinni bók í jólapakka.

Hún nefnir þrjár bækur sem hún er að lesa þessa dagana og þar er að sjálfsögðu efst á blaði bókin Arnaldur Indriðason deyr, eftir kærastann hennar, Braga Pál Sigurðarson. „Ég verð náttúrulega að segja Arnaldur Indriðason deyr, ég er búin að lesa hana mjög oft. En ég var að lesa hana í síðasta sinn fullkláraða.“

**Myrkrið milli stjarnanna – Hildur Knútsdóttir**
„Ég las hana bara á einu kvöldi, mann langar ekkert að leggja hana frá sér.“

**Óskilamunir – Eva Rún Snorradóttir**
„Hún er svona óþægileg, það er alltaf eitthvað undirliggjandi. Eitthvað sem marrar undir,“ segir Bergþóra. „Þetta er fyrir mér eiginlega skáldsaga, en þarna eru margar stuttar sögur. Sögumaðurinn er síðan alltaf sá sami, þannig að þetta er eins og bræðingur af smásagnasafni og skáldsögu,“ segir hún.

**Herbergi í öðrum heimi – María Elísabet Bragadóttir**
„Sjitt, hvað hún er góð, ég varð eiginlega græn af öfund! Hún situr í og er svo vel skrifuð.“ ■

# Bókin kláruð þegar hendurnar komu

**Erla Hlynsdóttir byrjaði að skrifa ævisögu Guðmundar Felix Grétarssonar í byrjun árs 2014, þegar talið var að nýjar hendur hans væru innan seilingar. Erfið biðin reyndist miklu lengri og á meðan hann beið eftir höndunum beið Erla eftir því að geta skrifað dramatískan hápunkt magnaðrar sögu sem hún rekur í bókinni 11.000 volt, sem kemur út sjö árum eftir að hún hófst handa.**

toti@frettabladid.is



Erla vonast til þess að hitta Guðmund Felix í lok næstu viku en gangi allt upp kemur hann til Íslands þrátt fyrir að vera á fullu í endurhæfingu í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Erla Hlynsdóttir blaðamaður var með ævisögu Guðmundar Felix Grétarssonar í vinnslu í sjö ár. Hún byrjaði á bókinni, 11.000 volt, í ársbyrjun 2014, en hún gat vitaskuld ekki klárað frásögnina fyrr en dramatískum hápunktinum, sögulegri handaágræðslunni, var lokið.

Bið þeirra Erlu og Guðmundar var þó ekki til einskis. Hann hefur tekið nýju lífi tveim höndum og bókinni hefur verið vel tekið og er til dæmis þriðja besta ævisaga ársins, að mati starfsfólks bókaverslana.

**Leitin að ævisögunni**
„Ég var búin að vinna á fjölmiðlum nokkuð lengi og búin að skrifa þó nokkuð af forsíðuviðtölum og fann að mig langaði að gera eitthvað aðeins stærra og meira og fór að velta fyrir mér hvort það væri ekki bara tilvalið ef ég gæti skrifað ævisögu einhvers,“ segir Erla.

Hún var með þetta bak við eyrað þegar hún rak augun í litla frétt á mbl.is 2013, þar sem Guðmundur Felix greindi frá því að franskt bókaforlag hefði haft samband við hann og að fólk þar vildi endilega gefa út ævisögu hans.

**Sterk tenging**
„Ég hafði aldrei talað við Guðmund Felix áður en setti mig bara í samband við hann,“ segir Erla, sem bauð sig fram til ævisöguskrifanna. „Honum leist bara ágætlega á þetta þannig að ég fer bara til hans út til Lyon og við hefjum þessa vinnu,“ segir Erla og bætir aðspurð við að þau hafi síðan orðið góðir vinir.

„Það myndast náttúrlega sterk tenging og hann er náttúrlega að treysta mér í rauninni til að koma í orð afskaplega vandmeðförnum hlutum og viðburðum í lífi hans. Þannig að þetta var bara mjög dýrmætt. Ég er ofboðslega þakklát fyrir að hafa kynnst honum. Hann er auðvitað bara alveg einstakur maður.“

> **„Ég er ofboðslega þakklát fyrir að hafa kynnst honum. Hann er auðvitað bara alveg einstakur maður.**

**Mikill áhugi í Frakklandi**
Sögur útgáfa gefur bókina út á Íslandi, en franska þýðingin kemur út hjá Les Arénes sem flaug Erlu til Frakklands þar sem þau Guðmundur Felix skrifuðu undir útgáfusamning. „Það lá alltaf fyrir að ég myndi klára verkið á íslensku og síðan yrði þetta þýtt, þannig að þeir sáu alltaf fyrir sér samstarf við íslenskt forlag,“ segir Erla og víkur að miklum áhuga Frakka á Guðmundi Felix og nýju höndunum hans.

„Ástæðan fyrir því að franska forlagið hefur þennan áhuga er að Frökkum þótti og þykir mjög merkilegt að franskir læknar séu komnir svona framarlega og hafi gert þessa aðgerð sem Guðmundur fór loksins í núna í ársbyrjun og er einstök á heimsvísu,“ segir Erla og áréttar að jafn flókin aðgerð og handaágræðslan er, hafi aldrei verið gerð áður.

**Endurtekin vonbrigði**
Erla og Guðmundur ákváðu strax í upphafi að bókin myndi ekki koma út fyrr en aðgerðin væri að baki. „Þá náttúrlega reiknuðu allir með því að hann væri að fara í aðgerð og hann var að flytja út,“ segir Erla um stöðuna þegar hún hóf verkið.




„Við höfðum meira að segja á tímabili áhyggjur af því að við næðum ekki að klára bókina áður en hann færi í aðgerðina. Það voru alveg raunverulegar áhyggjur þarna 2014. En annað kom nú á daginn.“

Erla segir meira skrifræði en nokkurn hafi órað fyrir, óvæntar reglugerðabreytingar og mikill undirbúningur stórs læknateymis hafi átt sinn þátt í töfunum. „Læknarnir voru til dæmis að æfa sig á að gera aðgerð á líkum, þannig að strax þarna var gríðarlegur undirbúningur farinn í gang, en síðan var alltaf eitthvað að koma upp á og ég náði varla að fylgjast með þessu lengur.

Þessi bið var Guðmundi Felix auðvitað afskaplega erfið og oft var þetta þannig að hann átti bara að fá fréttir í næsta mánuði, síðan í næsta og síðan í mánuðinum þar á eftir, þannig að þetta voru svona endurtekin vonbrigði þegar það var alltaf verið að fresta þessu.“

**Endasprettur í endurhæfingu**
Erla segir bókina því að mestu leyti hafa verið tilbúna fyrir alllöngu síðan, fyrir utan aðgerðarhlutann. „Þannig að þetta er svona búið að fylgja mér í öll þessi ár og ég auðvitað hef sömuleiðis, eins og Guðmundur, verið að bíða eftir aðgerðinni, sem varð sem betur fer að raunveruleika núna.“

Erla byrjaði síðan á lokasprettinum skömmu eftir aðgerðina og lagði sumarfríið sitt undir skriftir og frágang. „Það er í rauninni bara mjög stuttu eftir aðgerðina sem franska forlagið hefur samband við mig og spyr hvort ég sé ekki til í að klára þetta núna.“

Erla minnist þess að eftir aðgerðina hafi hún hikað við að athuga hvort Guðmundur Felix væri tilbúinn til þess að klára bókina. „Eftir aðgerðina vissi ég ekki alveg hver rétti tímapunkturinn væri og hvort við ættum eftir aðgerðina að fara að klára þetta. Vegna þess að hann var náttúrlega að jafna sig og á fullu í endurhæfingu.

En síðan bara kom þessi póstur frá franska forlaginu, þannig að þau voru greinilega alveg að fylgjast með. Og fréttir af aðgerðinni voru náttúrlega mjög fyrirferðarmiklar í Frakklandi,“ segir Erla og bætir við að Guðmundur Felix hafi fengið sendar fréttir úr fjölmiðlum í flestum heimsálfum.“ ■

# Kakóið kláraðist á þrjátíu mínútum

toti@frettabladid.is

Embla Gísladóttir, tólf ára nemandi í Kársnesskóla, og vinkonur hennar þrjár, Katrín Ásta Benjamínsdóttir Wheat, Þorgerður Bryndís Blomsterberg og Karolína Ósk Guðmundsdóttir, mættu með gleði og hlýju í Austurstræti á fimmtudagskvöld, þegar þær seldu kakó og kleinur á förnum vegi.

Hugmynd vinkvennanna um að selja kakó og kleinur í þágu góðs málefnis kviknaði þegar Embla horfði á nýju íslensku barnamyndina Birtu og langaði að láta gott af sér leiða með svipuðum aðferðum og jafnaldra hennar og aðalpersóna myndarinnar.

„Ég talaði við vinkonur mínar og hringdi svo í ömmu Öddu sem hjálpaði mér við að steikja



Embla, Katrín Ásta, Þorgerður Bryndís og Karolína Ósk Guðmundsdóttir láta gott af sér leiða í jólabirtunni. MYND/AÐSEND

helling af kleinum,“ segir Embla. Vinkonurnar hjálpuðust að við að laga heitt súkkulaði og setja piparkökur í poka með slaufum. Þá útbjuggu þær auglýsingaskilti og verðskrá en allur ágóðinn rennur til Barnaspítala Hringsins.

„Við ætlum að halda þessu áfram fram að jólum þegar við erum ekki á æfingum eða í skólanum og við vonumst til að sjá sem flesta og safna sem mestu,“ segir Embla sem var mjög áfram um að fá umfjöllun í Fréttablaðinu og hvergi annars staðar.

Fyrsta kakókvöldið var í gær og þá kláraðist kakóið á aðeins þrjátíu mínútum. „Við ætlum að passa að hafa nóg næst,“ segir Embla reynslunni ríkari, en stelpurnar eru allar komnar með sinaskeiðabólgu af kleinusteikingu. ■

# Sérverk ehf

**óskar Reykjavíkurborg og íbúum í Úlfarsárdal til hamingju með nýja sundlaug, bókasafn og menningarmiðstöð.**

**Við þökkum öðrum verktökum ánægjulegt samstarf.**







Sérverk ehf

Landslagnir pípulagnir

VA ARKITEKTAR

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

BLIKKSMIÐURINN
ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

JSÓ JÁRNSMIÐJA ÓÐINS

HANSEN VERKTAKAR EHF

fagtækni

Pons ehf.
gólf & veggefni

OFG VERK ehf
LÖGGILTUR MÁLARAMEISTARI
Sími 7775444 – ofgverk@gmail.com



George Michael og Andrew Ridgeley ætla að reynast mörgum skeinuhættir og mannfallið í Whamageddon er þegar orðið mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Öll uppistandandi í Whamageddon

Allar aðventuhetjur Fréttablaðsins eru enn uppistandandi þegar tíu dagar eru liðnir af leiknum Whamageddon, sem gengur út á að komast hjá því að heyra jólalagið margrómaða og alræmda Last Christmas með Wham! frá 1. desember til jóla.

toti@frettabladid.is

Keppendur um víða veröld greina frá falli sínu á Facebook-síðu leiksins, þar sem fólk fellur unnvörpum fyrir draugum liðinna jóla, þeim George Michael og Andrew Ridgeley. Heimskort Whamageddon er því farið að minna skuggalega á sambærilegt Covid kort. Rauðum punktum fjölgar stöðugt og ástandið þykir sérlega slæmt í Danmörku sem er í rjúkandi rúst og ástandið er litlu skárra í Bandaríkjunum. Eitthvað hefur einnig spurst af Whamfalli á Íslandi en okkar fólk, sexmenningarnir vösku, stendur enn óbugað þótt það fari misvarlega. ■

### Hatar þessa keppni



**Kristlín Dís Ingilínardóttir**
*blaðakona*

„Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hef ég ekki heyrt svo mikið sem eina nótu af þessu ástsæla lagi í mánuðinum, líklega í fyrsta sinn á ævinni sem desembermánuður hefur farið svona illa með mig. Það voru sérleg vonbrigði að það skaut ekki einu sinni upp kollinum þegar ég var með stillt á jólastöðina, þá þrjá daga sem ég var með bíl í láni. Áfall. Ég hata þessa keppni. Langar bara að setja George á fóninn og gleyma þessu!

### Ekki í áhættuhópi



**Kara Kristel**
*samfélagsmiðlastjarna*

„Ekki heyrt lagið! Amazing,“ segir Kara Kristel og bætir aðspurð við að hún sé ekki mikið að stofna sér í hættu með jólalagaspilunarlistum og þvælingi í verslunum. „Neibb, hlusta bara á true crime podköst.“

### Allt Hunky Dory



**Jón Óskar**
*myndlistarmaður*

„Hér er allt Hunky Dory og ég tel mig nokkuð öruggan. Ég hlusta aðallega á Rás 1 og þar ekkert jólapopp í gangi. Svanhildur Jakobs og KK gætu þó komið aftan að mér á morgnana.“

### Góð andleg líðan



**Auður Jónsdóttir**
*rithöfundur*

„Sko, ég hvítagaldraði þetta og hef bara ekkert heyrt Last Christmas. Mér líður alveg hreint ágætilega, satt að segja. Ég hef reyndar forðast bari, verslunarmiðstöðvar, útvarpstækið og leigubíla, sérstaklega, til að halda mér inni í leiknum, en er ekki frá því að allt þetta hafi bara haft nokkuð uppbyggjandi áhrif á andlega líðan mína, miðað við allt og allt.“

### Hættulegar verslanir



**Birgir Örn Steinarsson**
*sálfræðingur og tónlistarmaður*

„Er enn á lífi. Ekki heyrt lagið. Hættusvæði eru klárlega verslanir, veitingastaðir og leigubílar. Fer stundum með heyrnartól í slíkar aðstæður.“

### Leikur að eldi



**Guðmundur Steingrímsson**
*rithöfundur*

„Ég hef náð að sneiða hjá laginu. Ég hef þó leikið mér að eldinum. Fór til dæmis í Ikea. Íhugaði að hafa á mér heyrnartól þar, en tók áhættuna. Ískaldur. Eitt síðdegið fór Alexía að versla í matinn, en ekki ég. Hefði getað verið ég. Last Christmas var í Nettó, sagði hún. Ég hefði steindrepist.“









Auk Sesars A er sveitin skipuð Þórdísi Claessen á bassa og Margréti G. Thoroddsen, sem syngur og leikur á hljómborð. MYND/AÐSEND

# Afi íslensks hipp hopps í tuttugu ár

Eyjólfur B. Eyvindarson, betur þekktur sem rapparinn Sesar A, fagnar tuttugu árum í rappbransanum um þessar mundir. Hljómsveit hans Mæðraveldið hyggur á útgáfutónleika rauðrar vínilplötu í tilefni tímamótanna í næsta mánuði.

odduraevar@frettabladid.is

Sesar A hefur lengi verið þekkt stærð í íslensku tónlistarlífi og þá helst á rappsenunni. Hann stendur á ánægjulegum tímamótum þar sem tuttugu ár eru liðin frá því hann gaf út sína fyrstu plötu, Stormurinn á eftir logninu. „Þetta eru tímamót,“ viðurkennir rapparinn, enda var um að ræða fyrstu rappplötuna sem var alfarið á íslensku.

„Þarna var sveitaballatónlistin það sem allir voru að syngja og dansa við,“ útskýrir Sesar A og segir hann tímana svo sannarlega hafa breyst. „Núna er rappið komið þangað. Dóttir félaga míns er átta ára gömul og hlustar til dæmis ekki á tónlist með gítar í. Þegar ég var að alast upp var gítar í öllu og lag ekki lag ef það var ekki gæi með gítarsóló,“ segir rapparinn.



Mæðraveldið boðar til veislu í næsta mánuði samhliða útgáfu plötunnar á tuttugu ára afmæli Sesars. MYND/AÐSEND

Sesar A hefur stundum verið nefndur afi íslensks hipp hopps enda frumkvöðull senunnar og eldri bróðir Erps Eyvindarsonar, þekktasta rappara landsins. „Ég var fyrst kallaður þetta þegar ég var ekki nema tvítugur. Bent kallaði mig þetta því honum fannst ég vera svo notalegur,“ segir rapparinn hlæjandi.

Mæðraveldið, hljómsveit Sesars A, safnaði fyrir útgáfu nýrrar plötu á Karolina Fund en ráðist var í gerð hennar í tilefni af tímamótunum. „Hún snargekk,“ segir hann um söfnunina. „En svo hefur orðið töf á því að fá vínilplötuna í hendurnar. Við búumst við henni í næsta mánuði og þá verður veisla og útgáfutónleikar.“ ■


UPPL/FUN
ER BESTA GJÖFIN
JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN
jardbodin.is

# Dómari með rautt spjald í kynferðisbrotamálum

## Frétt vikunnar

Eva Hauksdóttir

„Fréttir sem tengjast skýrslunni um viðbrögð KSÍ við tilkynningum um kynferðisbrot hafa líklega fengið mesta athygli þessa vikuna,“ segir lögmaðurinn og aðgerðasinninn Eva Hauksdóttir. „Það sem mér finnst áhugaverðast við það mál er flötur sem fjölmiðlar telja sennilega lítt smellvænan, það er að héraðsdómari skuli fara fyrir nefndinni. Það var fyrirséð að hver sem niðurstaðan yrði myndi skýrslan vekja harðar deilur, annaðhvort ásakanir um gerendameðvirkni eða árás á réttarríkið. Dómari sem lendir í þeirri eldlínu mun aldrei geta dæmt kynferðisbrotamál héðan af án þess að verða sakaður um hlutdrægni.

Kannski er tímabært að skipa nefnd til að rannsaka aukastarfamenningu dómara, því þetta er svo íslenskt að flestir leiða ekki einu sinni hugann að því.“

Áhugaverðasta frétt vikunnar að mati Evu er hins vegar sú sem snýr að heimildanotkun Ásgeirs Jónssonar í nýrri bók um landnám Íslands. „Bergsveinn Birgisson var fyrstur til að færa rök fyrir því að rostungsveiðar hefðu gegnt stóru hlutverki við landnámið og stórfurðulegt að geta hans ekki. Ef ásakanir um ritstuld eru tilhæfulausar, ætti fræðimaðurinn að geta borið þær af sér, en hann hefur engu svarað efnislega og er hættur að mæta á kynningar. Þetta er allt frekar vandræðalegt.“ ■

> Kannski er tímabært að skipa nefnd til að rannsaka aukastarfamenningu dómara.



Eva Hauksdóttir, aktivisti og lögmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








Bræðurnir Brynjar og Arnar eru með puttann á púlsinum í límmiðasölunni sinni. Þar er allt í boði. MYND/AÐSEND

# Selja límmiða af ástríðu frekar en gróðavon

**Bræðurnir Arnar og Brynjar Þór Stefánssynir eru nýbyrjaðir að selja límmiða á Instagram undir merkjum Klístur Reykjavík. Þeir hafa haft nóg að gera, enda segir Arnar alla elska góða límmiða.**

odduraevar@frettabladid.is

Arnar Stefánsson elskar límmiða og segir drauminn hafa ræst þegar hann byrjaði að höndla með límmiða undir formerkjum Klístur Reykjavík. „Þetta hófst allt fyrir einum og hálfum mánuði. Það er ekki lengra síðan. Ég hef alltaf verið sjúkur í límmiða og er orðinn 30 ára gamall og áhuginn hefur ekki farið minnkandi,“ segir Arnar hlæjandi.

„Svo bjó ég lengi í útlöndum og þar er náttúrlega til alvöru úrval af límmiðum,“ segir Arnar, sem hefur saknað þess hér á Íslandi. Meðal límmiða sem Arnar býður upp á eru Squid Game límmiðar, en örstutt er síðan sú þáttaröð sló í gegn.

### Puttinn á púlsinum

„Þetta kallast einfaldlega að vera með puttann á púlsinum. Svona eiga límmiðar að vera og maður þarf að stökkva strax á gæsina,“ segir Arnar. Hann segir Brynjar bróður sinn hafa verið aðeins vantrúaðan á eftirspurnina.

„Það sem dró mig áfram var að reyna að sanna fyrir honum að þetta myndi virka. Hann var smá skeptískur en ég sagði bara: „Jú, víst maður! Ég er að segja þér það!“ segir Arnar léttur í bragði.




> **Uppáhaldslímmiðinn**
>
> „Ég fékk límmiða með Leonardo Da Vinci. Hann fór ekki í sölu, hann fór strax í einkasafnið. Ég elska listmunalímmiða.“
>
> 

> En svo um leið og þú færð límmiða er eins og þú haldir á Bítlunum í höndunum.

### Óvæntur kúnnahópur

Hann segir viðskiptavinahópinn hafa komið sér á óvart. „Ég hélt svo að það myndu bara strákar kaupa þetta, en kúnnahópurinn minn er allt bara stelpur,“ segir Arnar en hann viti ekki hvers vegna límmiðarnir hafa slegið í gegn hjá kvenþjóðinni. „Við höfum átt nokkrar samræður um þetta en erum litlu nær en mjög ánægðir auðvitað.“

„Þetta var lítil hugmynd fyrst og svo tók þetta við sér. Í dag er ég með þrettán pantanir á „stand by“ og get varla borðað kvöldmat því það er alltaf einhver að koma að sækja,“ segir Arnar hlæjandi, sem bindur vonir við það að geta einn daginn lifað á límmiðasölunni.

„Maður þarf náttúrulega að eyða pening til að búa til pening,“ segir Arnar lauflétttur. „Þetta er ekki full vinna eins og er, frekar hobbí, en ég er mjög skuldbundinn þessu og ég sé alveg fram á að ef ég myndi henda meiri pening í þetta þá gæti hann komið til baka hægt og rólega. Þetta borgar sig allavega! Ég er kannski ekki að fara að kaupa Lamborghini bráðum en þetta er allavega skemmtilegt,“ segir Arnar sem unir vel við sitt þótt glæsilegur sportbíll sé ekki í sjónmáli.



### Ótrúlegustu staðir

Hann segir erfitt að útskýra ást sína og annarra á límmiðum, en rekur þetta til frumhvatanna djúpt í heilanum. „Þetta er einhver „primal“ tilfinning þegar hlutirnir verða svona áþreifanlegir. Við horfum á Squid Game, hlustum á Bítlana og þá er engin snerting nema kannski DVD diskur. En svo um leið og þú færð límmiða er eins og þú haldir á Bítlunum í höndunum.“

Arnar bætir aðspurður við að límmiðar séu notaðir og þeim klístrað á ótrúlegustu staði. „Fólk er að klína þessu á tölvurnar, símana og þetta er víða.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*






### DAY NUDDTÆKI
fyrir háls og axlir. Með átta „shiatsu" nuddhausum sem snúast réttsælis eða rangsælis

-25%
Vnr. 41074136
**7.121**
Almennt verð: 9.495
Þú sparar: 2.374





KYNNINGARVERÐ
### RAFHLÖÐUHÖGGBORVÉL ONE+
Tilheyrir HP línu Ryobi sem er með öflugri mótor og léttari en hefðbundin verkfæri. Kemur með hraðhleðslutæki, 1X2,0Ah , 1X4Ah rafhlöðum og í mjúkri tösku.

-20%
Vnr. 7133005283
**39.995**
Almennt verð: 49.995
Þú sparar: 10.000

### DAY NUDDTÆKI
með fjórum hraðastillingum, þremur nuddstillingum og "non-slip" gripi

-25%
Vnr. 41073449
**8.996**
Almennt verð: ~~11.995~~
Þú sparar: 2.999





Breidd og vefverslun

### MII RYKSUGURÓBOT
Mi Robot Vacuum Mop hefur nýjar tegundir af skynjurum sem hjálpa við að fóta sig á heimilinu.

-20%
Vnr. 65103785
**39.996**
Almennt verð: 49.995
Þú sparar: 9.999

### VERKFÆRASETT
Glænýtt Bosch verkfærasett með fimm 12V verkfærum, borvél, stingsög, multisög, hjólsög, sverðsög, kemur með 3x3Ah rafhlöðum,hraðhleðslutæki og L-box tösku

-20%
Vnr. 748741551
**103.996**
Almennt verð: ~~129.995~~
Þú sparar: 25.999



### RAFMAGNSHLAUPAHJÓL
Mi Essential svart. Hámarkshraði er 20km/klst. Drægni er 20km. Hjólið er aðeins 12kg.

-20%
Vnr. 49620299
**39.996**
Almennt verð: 49.995
Þú sparar: 9.999

Breidd Akureyri og vefverslun



**HNÍFAPARASETT**
Fyrir fjóra, hnífar og gafflar.

-25%
Vnr. 41831237
**1.496**
Almennt verð: 1.995
Þú sparar: 499



**LJÓSAKRANS**
45cm Marlene.

-25%
Vnr. 88169277
**3.776**
Almennt verð: 5.035
Þú sparar: 1.259






**GLUEY LÍMBYSSA**
4 litir í boði. Þráðlaus og hitnar á 1 mín í 150°C, með endurhlaðanlegum AA rafhlöðum sem eru 2,1 Ah.

-20%
Vnr. 74860020-23
**6.556**
Almennt verð: 8.195
Þú sparar: 1.639




**VINNUSOKKAR**
Real, 3 pör í pakka, ýmsar stærðir. Til í gráu, svörtu og bláu.

-20%
Vnr. 2202021-30
**1.516**
Almennt verð: 1.895
Þú sparar: 379

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

*Hjá okkur fæst íslensk sígræn*
# Stafafura
## frá Skógræktinni

**Stafafura**
*100-150 cm*
**4.650 kr.**
vnr. 41140101

**Stafafura**
*151-200 cm*
**8.950 kr.**
vnr. 41140104

skógræktin



*Þú finnur*
**Jólagjafa-handbókina**
*á byko.is*




**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

EMIL í Kattholti
Astrid Lindgren

■ Bakþankar



Margrétar Kristmannsdóttur

## Misheppnuð jólagjöf

Hér í eina tíð var Þorláksmessa eini dagurinn í desember sem verslanir höfðu opið lengur en til klukkan 18. Þá fylltist miðbærinn af fólki sem margt átti eftir að kaupa jólagjafir og þá var oft handagangur í öskjunni!

Þá eins og nú var Þorláksmessa vinsæl til að hittast í miðbænum og var vín ekki ósjaldan með í för. Margir kunnu sér ekki hóf og hrukku upp við það rétt fyrir lokun að enn átti eftir að klára jólagjafakaupin og eiga kaupmenn margar sögur af því þegar góðglaðir eiginmenn birtust og áttu eftir að „kaupa bara eitthvað“ handa eiginkonunni. Þessi saga fjallar um slík kaup.

Vinkona mín var bæði kvíðin og spennt fyrir þessum jólum enda í fyrsta skipti sem hún fagnaði jólunum með kærastanum, enda nýbyrjuð að búa. Á Þorláksmessu var haldið í bæinn en þar skildu leiðir, enda ætluðu þau að hitta hvort sinn vinahópinn – en ekki síst skildu leiðir þar sem þau áttu eftir að kaupa jólagjöfina hvort handa öðru. Kærastinn skilaði sér reyndar seint heim og ekki í sérlega góðu ásigkomulagi og heilsan daginn eftir var eftir því. Allt þetta fyrirgaf vinkona mín enda blasti við henni óvenju gerðarleg jólagjöf undir jólatrénu.

Eftir mat fóru skötuhjúin að taka upp pakka og seinast var pakkinn frá kærastanum opnaður með tilheyrandi eftirvæntingu. Í ljós kom eldvarnarteppi sem hann hafði keypt á miðjum Laugavegi í sölubás slökkviliðsins. Kærastinn mundi þó ekki fyllilega hvernig þessi vörukaup gengu eftir, en taldi svona eftir á að hyggja þetta ekki slæma jólagjöf enda hans heittelskaða reynslulítil í eldhúsinu og allur væri jú varinn góður.

Þau skildu nokkrum árum síðar.■








EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
Skáldleg afbrotafræði
Steinunn Sigurðardóttir
SYSTU MEGIN
leiksaga
ÓMAR RAGNARSSON
Sumargleði
BENNÝ SIF ÍSLEIFSDÓTTIR
DJÚPIÐ
Meðal hvítra skýja
Gerðu innkaupin heima á
forlagid.is
Við bjóðum upp á innpökkun, merkimiða og heimsendingu gegn vægu gjaldi
ÞÓRARINN LEIFSSON
ÚT AÐ DREPA TÚRISTA
TILNEFNING
TILNEFNING
DYNGJA
SIGRÚN PÁLSDÓTTIR
NAR OKKAR
EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL
Einlægur Önd
Opið í Bókabúð Forlagsins
10–19
alla daga til jóla
JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR
STÓRA BÓKIN um SJÁLFSVORKUNN
Ingólfur Eiríksson
KRISTINN OG ÞÓRA
RAUÐIR ÞRÆÐIR
RÓSA MAGNÚSDÓTTIR
LOPAPEYSUBÓKIN
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning
Vatnajökulsþjóðgarður
Gersemi á heimsvísu
Snorri Baldursson
TRÖÐNINGAR
MENN SEM ELSKA MENN
HAUKUR INGVARSSON
Orð, ekkert nema orð
Bubbi Morthens


GÆÐAEFNI
FYRIR KRÖFUHÖRÐUSTU
LESENDURNA
SIGRÚN ELDJÁRN
RAUÐ VIÐVÖRUN!
JÓLIN ERU Á LEIÐINNI
ILLFYGLIÐ
SIGRÚN ELÍASDÓTTIR
LJÓSBERI
ÓLAFUR GUNNAR GUÐLAUGSSON
ÍSLENSKU BARNABÓKA VERÐLAUNIN
GERÐUR KRISTNÝ
MEIRA PÖNK MEIRI HAMINGJA
HANDBÓK
Álftab
SÓLKERFIÐ
Sævar Helgi Bragason
VÍSINDALÆSI
Skrímsla leikur
DREKAR, DRAMA OG MEIRA Í ÞEIM DÚR
RUT GUÐNADÓTTIR
Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2021 bókaverslana
STERK
Margrét Tryggvadóttir
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning
REYKJAVÍ
BARNANN
MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR
LINDA ÓLAFSDÓTTIR
FJÖRUVERÐLAUNIN BÓKMENNTAVERÐLAUN KVENNA Á ÍSLANDI TILNEFNING
Sif Sigmarsdóttir
Banvæn snjókorn
Það sem kindur gera þegar
NORNASEIÐUR
Gunnar Theodór Eggertsson
LALLI OG WALLY
Skemmtikrafturinn
TÖFRABRÖGÐ, SIRKUSBRELLUR OG GRÍN
Ragnheiður Eyjólfsdóttir
miSter einSam
NÚ ER NÓG KOMIÐ!
Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning
BÁL TÍMANS
ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is